


**skoðun 20**

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




**Viðskiptavinir hanna eigin föt**
*Fyrsti íslenski internetklæðskerinn hefur störf.*
**allt 2**




# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
16. júní 2011
138. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Árstíðirnar í garðinum**
*Vilmundur Hansen hefur skrifað nýja bók um garðyrkju.*
**tímamót 28**

**Skrifar vegamynd**
*Þorsteinn Guðmundsson með nýja kvikmynd í undirbúningi.*
**fólk 54**



**Sameinaðir gegn mótlætinu**
*Það er enginn uppgjafartónn í íslenska U21 landsliðinu.*
**sport 46**

**veðrið í dag**




**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag verða víða norðaustan 5-10 m/s en hægari norðaustan til. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 5-15 stig, mildast SV-lands.
**VEÐUR 4**



**LEIKIÐ Í LAUGINNI** Börn brugðu á leik í Laugardalslauginni í gær þegar hitinn fór í rétt rúmar sextán gráður um miðjan dag á höfuðborgarsvæðinu. Veðurstofan spáir ekki jafn góðu veðri á landinu næstu daga, léttskýjuðu víða og skúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjónvarpsútsendingum á Íslandi umbylt

**Stafrænar sjónvarpsútsendingar leysa hliðrænar alfarið af hólmi í lok næsta árs, gangi áætlanir eftir. Enn er óákveðið hvernig dreifingu RÚV verður háttað en ljóst er að heimili munu þurfa að koma sér upp stafrænu viðtökuboxi.**

**NEYTENDUR** Miklar breytingar verða á fyrirkomulagi sjónvarpsútsendinga á Íslandi á næstu misserum. Stefnt er að því að hliðrænum sjónvarpsútsendingum verði hætt í lok næsta árs. Sjónvarpsútsendingar munu í kjölfarið ekki nást í gegnum gamla góða loftnetið heldur þarf að koma sér upp örbylgjuloftneti eða fá útsendingar sendar í gegnum ljósleiðara. Þá verður stafrænt sjónvarpstæki eða sérstakt rafrænt viðtökubox nauðsynlegt til að ná útsendingum.

Nýverið var breiðbandsútsendingum Símans hætt og þar með eru fjögur dreifikerfi á sjónvarpsútsendingum eftir á markaðnum. RÚV sendir hliðrænt sjónvarp út í gegnum loftnet en það gerir Vodafone líka. Það býður Vodafone einnig upp á stafrænt sjónvarp í gegnum örbylgjuloftnet og netsjónvarp í gegnum ljósleiðara. Síminn býður núna einungis upp á netsjónvarp sem er kallað ljósnet. Er sjónvarpsútsendingum og interneti dreift saman í gegnum ljósnetið, sem býður upp á mun meira gagnamagn en áður hefur verið í boði. Til að ná útsendingum Símans og Vodafone þarf að kaupa myndlykil af fyrirtækjunum.

Hliðrænar sjónvarpsútsendingar hafa þegar verið lagðar niður í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, auk þess sem Evrópusambandið hefur sett markmið um að stafræn dreifing taki við af hliðrænni í aðildarríkjum sambandsins í árslok 2012.

Ekki liggur enn fyrir hvernig dreifingu RÚV verður háttað þegar hliðrænum sjónvarpsútsendingum verður hætt en að sögn Kristjáns Benediktssonar, starfsmanns við dreifikerfi RÚV, er allt enn opið í þeim efnum. Ljóst sé hins vegar að allir muni þurfa að koma sér upp stafrænu sjónvarpsviðtæki, annað hvort nýju sjónvarpstæki með innbyggðu stafrænu viðtæki, eða sérstöku stafrænu viðtökuboxi sem tengt sé milli loftnets og sjónvarps.

magnusl@frettabladid.is

## Dreifir RÚV myndlyklum?

Í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi hinn 6. júní spurði Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra um stafrænar útsendingar RÚV. Nánar tiltekið hvort ekki væri eðlilegt að RÚV útvegaði öllum heimilum myndlykil (eða stafrænt viðtökubox) þegar hliðrænum sjónvarpsútsendingum yrði hætt, eins og norska ríkissjónvarpið hefði gert, í ljósi þess að allir greiddu nefskatt til RÚV. Steingrímur svaraði að myndlyklar væru ekki hluti af útvarpsgjaldinu frekar en sjónvörpin sjálf né annar tæknibúnaður sem þyrfti til að ná útsendingum.

Sænskur risi til Íslands:

## Lindex opnar í Smáralind

**VERSLUN** Lindex, ein stærsta verslanakeðja Svía og einn helstu keppinauta verslanakeðjunnar Hennes & Mauritz, opnar verslun í Smáralind í nóvember. Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir og eiginmaður hennar, Albert Þór Magnússon, munu reka verslunina á Íslandi. - áp / sjá síðu 54







**SPURNING DAGSINS**



*Gunnar, mun ekki renna á ykkur sitthvor gríman þegar á hólminn verður komið?*

„Þetta verður allavega grímulaus skemmtun.“

Gunnar Hansson verður kynnir á Grímuverðlaununum í kvöld ásamt Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur.

Móðir íslensks fanga í Taílandi þarf að bíða í viku eftir að fá að hitta son sinn:

# Fær að sjá hann á þriðjudögum

**DÓMSMÁL** Borghildur Antonsdóttir, móðir Brynjars Mettinissonar, sem situr í gæsluvarðhaldi í Taílandi, þarf að bíða í viku í Bangkok þar til hún fær að hitta son sinn. Brynjar var úrskurðaður í þriggja mánaða gæsluvarðhald um mánaðamótin vegna gruns um aðild að fíkniefnasmygli. Réttað verður í máli hans í ágúst.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær á Borghildur von á að fá vegabréfsáritun til Taílands í vikulokin. Hún hefur þegar keypt flugmiða utan fyrir fjármagn frá stuðningsfólki.



BRYNJAR METTINISSON

„Við gerðum þau mistök að panta ferðina á þriðjudegi til að vera viss um að áritunin væri komin,“ segir Eva Davíðsdóttir, systir Brynjars. Heimsóknartímar eru á þriðjudögum í fangelsinu þar sem Brynjar situr. Ekki eru veittar undanþágur.

Eva segir lítið vitað um líðan Brynjars fyrir utan það sem kærasta hans sem búsett er í borginni segir þeim. Hún talar hins vegar litla ensku. „Þetta skýrist allt þegar móðir mín fer út,“ segir Eva.

Viðurlög gegn fíkniefnabrotum í Taílandi er með þeim ströngustu sem þekkist í veröldinni og var til skamms tíma dauðadómur þyngsta refsing við sölu fíkniefna þar. Nú eru dómar fyrir fíkniefnabrot allt frá tíu árum og upp í fimmtíu, allt eftir eðli brotanna. **- jab**

Yfirvöld í Pakistan:

# Neita að hafa handtekið majór

**PAKISTAN, AP** Yfirvöld í Pakistan segja alrangt að yfirmaður í hernum hafi verið handtekinn fyrir að veita bandarískum yfirvöldum upplýsingar um verustað Osama Bin Laden.

New York Times sagði fyrst frá því að majór í hernum sé meðal fimm Pakistana sem séu í haldi vegna málsins, en þarlend yfirvöld játa hvorki né neita að handtökur hafi átt sér stað yfir höfuð. Samband Pakistan og Bandaríkjanna hefur verið afar stirt að undanförnu. **- þj**

Breytingar í lyfjaiðnaðinum:

# Forstjórinn vill stækka Actavis

**IÐNAÐUR** Actavis þarf að þrefaldast að umfangi á næstu þremur árum áður en það verður skráð á hlutabréfamarkað eða sameinað öðru samheitalyfjafyrirtæki. Þetta segir Claudio Albrecht, forstjóri fyrirtækisins, í viðtali við Bloombergfréttaveituna.



CLAUDIO ALBRECHT

Albrecht segir í samtalinu stórvægilegar breytingar í vændum innan lyfjageirans á næstu árum. Hefðbundin lyfjaframleiðsla muni heyra sögunni til og svokölluð líftæknilyf taka við af öðrum lyfjum.

Líftæknilyf eru búin til í ræktuðum lifandi frumum í rannsóknarstofum og eru mjög sérhæfð og dýr í framleiðslu. **- jab**

Orkumálastjóri um Drekasvæði:

# Útboð vegna olíuleitar tefst

**ORKUMÁL Fresta verður útboði um olíuleit á Drekasvæðinu um þrjá til fjóra mánuði sökum þess að Alþingi afgreiddi ekki nauðsynlegar lagabreytingar. Þetta sagði Guðni Jóhannesson orkumálastjóri í viðtali í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Útboðið átti að hefjast hinn 1. ágúst næstkomandi, en nauðsynleg frumvörp voru ekki afgreidd fyrir þinglok.**

**Orkustofnun hélt í síðustu viku kynningarfund fyrir fulltrúar nokkurra stórra olíufélaga. Orkumálastjóri sagði að góðar aðstæður væru til að bjóða út olíuleit og því hefði nú verið lag.**

**- þj**

# Bannar kynningu á námi í herskólum

**Starfandi menntamálaráðherra segir kynningarnar ólíðandi. Þeir sem kynntu námið eiga mögulega hlutdeild í lögbroti. Upplýsingafulltrúi norska varnarmálaráðuneytisins og heryfirvalda segir herinn ekki sækja nýliða til Íslands.**

**HERÞJÓNUSTA** Svandís Svavarsdóttir, starfandi menntamálaráðherra, ætlar í dag að senda öllum skólameisturum framhaldsskóla tilmæli vegna námskynninga frá norskum herskóla sem farið hafa fram í nokkrum framhaldsskólum.

„Tilmælin eru þess efnis að það sé óheimilt að námskynningar feli með einhverju móti í sér herskyldu. Mér sýnist þetta óheimilt samkvæmt lögum en það er ekki aðalmálið. Þetta er í raun og veru ekki líðandi,“ segir Svandís.



SIGURÐUR LÍNDAL



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Á vefsíðu sendiráðs Noregs á Íslandi segir að að gefnum fyrirvara um skólavist í herskóla skuli umsækjandi gegna herþjónustu í norska hernum samkvæmt þeim skilmálum sem fram koma í samningi um menntun og herþjónustu.

Í 114. grein almennra hegningarlaga frá 1940 segir að hver, sem ræður menn innan íslenska ríkisins til erlendrar herþjónustu, skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum.

„Þeir sem kynntu námið á Íslandi eiga mögulega hlutdeild í lögbroti,“ segir Sigurður Líndal, prófessor við Háskólann á Bifröst.

Hvorki íslenska utanríkisráðuneytið né sendiráð Noregs á Íslandi vissu um að nám í norskum herskólum hefði verið kynnt fyrir íslenskum framhaldsskólanemum en umsóknir um skólavist fara í gegnum þessa aðila. Utanríkisráðuneytið ábyrgist gagnvart norska sendiráðinu að umsækjendur séu með hreint sakavottorð. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins hafa borist tíu til tuttugu umsóknir á ári um skólavist í norskum herskólum frá því að bankarnir hrundu. Undanfarin tíu ár hafa átján Íslendingar gegnt herþjónustu í Noregi.



NORÐMENN Í AFGANISTAN Sex Íslendingar hafa tekið þátt í aðgerðum norska hersins í Afganistan samkvæmt frétt norska ríkisútvarpsins. NORDICPHOTOS/AFP

Roger Johnsen, skólastjóri verkfræðiháskóla hersins í Noregi, staðfesti í viðtali við norska ríkisútvarpið að reynt hefði verið að fá nýliða héðan með kynningum í íslenskum framhaldsskólum og að umsóknir hefðu borist á hverju ári.

Bent Ivan Myhre, upplýsingafulltrúi norska varnarmálaráðuneytisins og norskra heryfirvalda, segir norska herinn ekki vera að sækja nýliða til Íslands.

„Nemendur í umræddum verkfræðiháskóla hafa verið svo ánægðir með námið að þeir hafa sjálfir óskað eftir að kynna það. Skólayfirvöld voru því samþykk og fannst það ágætt framtak.“

Aðspurður játar Myhre að verkfræðiháskóli hersins heyri undir norsk heryfirvöld.

**ibs@frettabladid.is**



SKILABOÐ AÐ HANDAN Látnir hafa orðið á nýjum minningarvef.

Grænt ljós frá Persónuvernd:

# Látnir fái sína eigin heimasíðu

**ÞJÓNUSTA Fyrirtæki sem ætlar að opna minningarvef um látna Íslendingar fær engar athugasemdir frá Persónuvernd við þá fyrirætlan að nota upplýsingar úr Þjóðskrá um fæðingardag, dánardag og fæðingarstað látinna einstaklinga.**

**„Lögráða einstaklingur í lifanda lífi getur fengið sér heimasíðutilkynningu sem verður virk að honum látnum með sérstökum samningi þess eðlis. Um er að ræða forsíðu með mynd, CV [ferilskrá], ættartré, myndir og almennar upplýsingar,“ segir í umsókn félagsins, sem ekki er nefnt í niðurstöðu Persónuverndar. „Með sérstökum samningi geta ættingjar látins einstaklings óskað eftir heimasíðukynningu með sama hætti,“ bætir félagið við.** **- gar**

**BJÖRGUN**

**Sótt eftir hestaslys**

Björgunarsveitir sóttu slasaða konu á Svínaskarðsleið, milli Móskarðshnjúka og Skálafells, í gærkvöldi. Hún var í reiðtúr ásamt annarri konu þegar hesturinn hrasaði og féll ofan á hana svo hún meiddist á hendi og fæti.

**KÖNNUN**

**Vantar öryggisútbúnað**

Einungis rúm tvö prósent nýrra reiðhjóla í verslunum reyndust með allan nauðsynlegan öryggisbúnað þegar Brautin – bindindisfélag ökumanna gerði á því könnun í apríl síðastliðnum. Það sem vantaði helst var bjalla og lás.




Biðraðir eftir matarpokum jafnlangar þrátt fyrir kort Hjálparstarfs kirkjunnar:

# Engin sumarlokun hjá Fjölskylduhjálpinni

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands verður ekki lokað í sumar eins og undanfarin sumur, að sögn Ásgerðar Jónu Flosadóttur stjórnarformanns.

„Við lokuðum í sex vikur í fyrrasumar en tókum þá ákvörðun að hafa opið í allt sumar þar sem ljóst er að þörf er á því. Til þess að halda kostnaði í lágmarki ætlum við hins vegar að hafa lokað fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði. Við vonum að fólk eigi peninga fyrstu viku hvers mánaðar. Ef annað kemur í ljós höfum við opið allar vikur.“

Ásgerður Jóna segir aðsóknina ekki hafa minnkað þrátt fyrir úthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar á sérstökum kortum með inneign fyrir matarkaupum. „Úthlutanir okkar í hverjum mánuði eru um 2.600 talsins.“

Hjálparstarf kirkjunnar hefur frá því í maí afhent um 250 matarkort til fjögurra mánaða notkunar. Um 350 hafa sótt um slík kort, að sögn Vilborgar Oddsdóttur félagsráðgjafa. „Einhverjir þeirra sem sótt hafa um eru yfir tekjumörkum en aðrar umsóknir eru í vinnslu.

Til okkar hafa komið nýir hópar sem ekki hafa komið áður. Þetta er fólk sem ekki hefur treyst sér til þess að standa í röð og bíða eftir matarpokum.“



BEÐIÐ EFTIR MAT Nokkur þúsund fá aðstoð í hverjum mánuði hjá hjálparsamtökum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Vilborgar hafa um 600 til 800 fengið aðstoð hjá Hjálparstarfinu í hverjum mánuði.

Síðasti úthlutunardagur sumarsins hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur var í gær en opnað verður aftur 24. ágúst. Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður nefndarinnar, segir aðsóknina aukast stöðugt. „Um 500 hafa komið í hverri viku til þess að fá matarpoka.“ **- ibs**



# WORLD PRESS PHOTO 11

## 16. júní - 7. júlí í Kringlunni

Sýning á bestu fréttaljósmyndum ársins 2010.
Jón Gnarr, borgarstjóri, opnar sýninguna í dag kl. 17.30.
Veitingar og lifandi tónlist á staðnum. Allir velkomnir.

Kringlan NÝHERJI FRÉTTABLAÐIÐ JÓNSSON & LE'MACKS TNT Canon

## GENGIÐ 15.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,64 | 116,20 |
| Sterlingspund | 188,30 | 189,22 |
| Evra | 165,47 | 166,39 |
| Dönsk króna | 22,179 | 22,309 |
| Norsk króna | 21,131 | 21,255 |
| Sænsk króna | 18,091 | 18,197 |
| Japanskt jen | 1,4325 | 1,4409 |
| SDR | 184,48 | 185,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,4443

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fagráð þjóðkirkjunnar viðurkennir að hafa brugðist dóttur Ólafs Skúlasonar biskups:

# Biður Guðrúnu Ebbu formlega afsökunar

**ÞJÓÐKIRKJAN** „Fyrir hönd fagráðs kirkjunnar um meðferð kynferðisbrota vil ég biðja þig afsökunar á því að hafa brugðist þér með því að styðja þig ekki og leiðbeina sem skyldi á árunum 2008 til 2010,“ segir Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs þjóðkirkjunnar um kynferðisbrot, í bréfi til Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur. Gunnar Rúnar sendi Guðrúnu Ebbu bréfið í gær fyrir hönd fagráðsins.

Gunnar segir afsökunarbeiðnina tilkomna vegna réttmætra ábendinga rannsóknarnefndarinnar um að fagráð hefði átt að hafa frumkvæði að því að styðja og leiðbeina Guðrúnu Ebbu. „Við tökum við réttmætum ábendingum skýrslu rannsóknarnefndar kirkjuþings sem finnur að því að við höfum ekki átt frumkvæði að því að styðja þig er þú varst að koma fram með mál þitt og óska áheyrnar hjá kirkjuráði,“ segir enn fremur.

Gunnar Rúnar segir fagráðið hafa horft of þröngt og óljóst a gildissvið reglna sinna og hafa fest í því að ráðið hafði ekki farveg til að grípa inn í málið.

„Þar brugðumst við þér, Guðrún Ebba, og biðjumst afsökunar á því. Við höfum nú breytt vinnulagi okkar svo að við heyrum nú öll mál sem til okkar berast, göngum inn í glímu þjáningar þeirrar sem okkur er trúað fyrir og reynum að taka okkur stöðu þar við hlið þeirra sem brotið hefur verið á. Það er ekki auðvelt en það er verkefni okkar,“ segir í bréfi fagráðsins til dóttur biskupsins.

Tilvitnun:

„Þar brugðumst við þér, Guðrún Ebba, og biðjumst afsökunar á því.“

Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðs kirkjunnar um kynferðisbrot. - sv



**GUÐRÚN EBBA ÓLAFSDÓTTIR** Fagráð þjóðkirkjunnar biður Guðrúnu Ebbu afsökunar á því að hafa brugðist henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslendingar í þjóðkirkjunni:

## Töluvert um úrsagnir á síðustu dögum

**TRÚMÁL** Starfsfólk Þjóðskrár varð vart við töluverða fjölgun úrsagna úr þjóðkirkjunni á síðustu dögum. Haukur Ingibergsson, forstjóri Þjóðskrár, segir úrsagnirnar fyrst og fremst hafa verið á þriðjudag. Fjöldinn verði þó ekki tekinn saman fyrr en í lok mánaðarins.

Skýrsla rannsóknarnefndar kirkjuþings var birt á föstudag. Í fyrradag var haldið auka-kirkjuþing þar sem rætt var um niðurstöður nefndarinnar á kynferðisbrotum Ólafs Skúlasonar fyrrverandi biskups.

Alls skráðu 5.824 sig úr Þjóðkirkjunni á árunum 2008 til 2010. Á sama tíma hefur skráningum utan trúfélaga fjölgað um 4.782 manns. - sv

### DÓMSTÓLAR

**Fór tvisvar inn til fyrrverandi**

Ungur Fáskrúðsfirðingur hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir húsbrot. Maðurinn fór í tvígang í heimildarleysi inn um svaladyrnar á heimili fyrrverandi sambýliskonu sinnar og tók þaðan muni sem hann taldi sig eiga. Hann játaði brotið skýlaust.

### ÁRÉTTING

Vegna fréttar um rjúpnatalningu í blaði gærdagsins er rétt að árétta að talningin er verkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar.

### LEIÐRÉTTING

Stuttmyndir Rúnars Rúnarssonar verða sýndar í kvöld á RÚV en ekki á föstudagskvöld. Sigríður Pétursdóttir, umsjónarkona útvarpsþáttarins Kviksjá, mun ræða við Rúnar milli atriða.

# Ráðuneytið skiptir sér ekki af sölu Byrs

**Byr er í pottþéttu söluferli, segir upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins. Ekki hefur verið kallað eftir upplýsingum um aðkomu fyrirtækisins Arctica Finance, sem er nátengt formanni slitastjórnar. Bjóðandi kallar eftir inngripi stjórnvalda.**

**VIÐSKIPTI** Fjármálaráðuneytið hefur ekki kallað sérstaklega eftir upplýsingum um aðkomu fyrirtækisins Arctica Finance að sölunni á Byr sparisjóði. „Nei, mér er ekki kunnugt um það,“ segir Rósa Björk Brynjólfsdóttir, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins.

Hún segir að ef starfsmönnum ráðuneytisins þætti eitthvað athugavert við mál af þeim toga yrði leitað eftir upplýsingum.

Nær allt hlutafé í Byr, eða 95 prósent, er í eigu slitastjórnar sjóðsins en í vörslu og umsjón ráðuneytisins, að því er segir í samkomulagi um eignarhaldið.



**RÓSA BJÖRK BRYNJÓLFSDÓTTIR**

Arctica Finance var eitt fyrirtækjanna sem tók þátt í útboði um að annast hlutafjárhækkun fyrir Byr, sem er undanfari fyrirhugaðrar sölu fyrirtækisins. Fyrirtækið varð að lokum fyrir valinu.

Þetta hefur sætt gagnrýni og bent hefur verið á að framkvæmdastjóri Arctica Finance, Stefán Þór Bjarnason, sé eiginmaður Evu Bryndísar Helgadóttur, formanns slitastjórnarinnar. Aðrir stjórnarmenn í Arctica Finance séu meðal annars móðurbróðir Evu Bryndísar og einnig kollegi hennar á lögmannsstofunni Mandat.

Í yfirlýsingu frá Byr í kjölfar fréttaflutnings RÚV af málinu kom fram að Eva Bryndís hefði hvergi komið nærri ákvörðuninni.




**BYR** Er í eigu slitastjórnar en í vörslu og umsjón fjármálaráðuneytisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Halldór Friðrik Þorsteinsson, forstjóri HF verðbréfa, sem einnig buðu í verkið, skrifaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann gagnrýndi málið af hörku. Í greininni fullyrðir Halldór að nokkru áður en útboðið var kynnt fyrir fyrirtækjum hafi undirverktakar Arctica verið ráðnir til Byrs til að undirbúa söluna.

Halldór sagði hugsanlegt að vinnubrögð sem þessi kynnu að fæla frá sómakæra fjárfesta sem ella hefðu haft áhuga á að kaupa í Byr.

Hann kallaði eftir viðbrögðum frá fjármálaráðuneytinu vegna málsins og sagði nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að grípa inn í af festu.

Rósa Björk segir að ráðuneytið vilji ekki tjá sig um söluferlið eða aðkomu Arctica þar sem ferlið standi enn yfir og því sé óeðlilegt að ráðuneytið hafi af því afskipti.

„Ef við teljum okkur vera með allt okkar á hreinu og í söluferli sem sé alveg pottþétt – sem við teljum okkur vera – þá erum við ekki að fara að taka undir einhverja gagnrýni á málið,“ segir Rósa.

Hún segir að slitastjórnin og Fjármálaeftirlitið (FME) beri mesta ábyrgð á málinu. „FME er eftirlitsaðilinn með því að þetta sé allt gert eftir lögum og reglum. Við treystum því að það sé í góðum farvegi,“ segir hún. stigur@frettabladid.is

Mál Gunnars til ákæruvalds:

## Lögreglurannsókn er lokið

**LÖGREGLAN Mál Gunnars Þorsteinssonar, fyrrverandi forstöðumanns Krossins, er nú komið til ákæruvaldsins. Lögreglan hefur lokið rannsókn, þar sem sjö konur saka Gunnar um kynferðisbrot á löngu tímabili. Líkur eru á því að málin séu fyrnd að lögum.**

**Skýrslur voru teknar af konunum og Gunnari sjálfum. Hann hefur neitað sök frá upphafi, en málið kom fyrst upp í nóvember í fyrra, þegar tvær konur stigu fram og sökuðu Gunnar um kynferðisbrot. Í kjölfarið stigu fimm konur fram til viðbótar. Gunnar sagði af sér sem forstöðumaður Krossins í kjölfarið. - sv**

Hjónabönd samkynhneigðra:

## Áfangasigur í réttindabaráttu

**KALIFORNÍA, AP** Alríkisdómari í Bandaríkjunum staðfesti nýlega ógildingu á banni við hjónabandi samkynhneigðra í Kaliforníufylki. Forveri dómarans í starfi, Vaughn Walker, hafði komist að sömu niðurstöðu, en þeirri ákvörðun var áfrýjað þar sem Walker er samkynhneigður og því var efast um hæfi hans í þessu máli.

Síðasti úrskurðurinn hafnar þeim rökum og telur Walker ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í málinu þrátt fyrir kynhneigð sína. Staða hans sé ekki frábrugðin því að kvenkyns dómari fjalli um mál tengd konum. - þj

### DÝRAHALD

**Hundar bannaðir á 17. júní**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur minnir hundaeigendur á að óheimilt er að vera með hunda á almenningssamkomum, líkt og 17. júní, meðal annars vegna tillitssemi við aðra gesti.


Ný Spjaldtölva !!
Android 2.2



Er með innbyggt:
3g fyrir netið
GPS
Frábæran 8" snertiskjá
Dual core
Góð rafhlöðuending
Og endalausir möguleikar

2b.is Erum á móti IKEA
Kauptún 3 - Garðabær - S:5 800 800 - www.2b.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**17. JÚNÍ VÆTA?**
Lítur út fyrir svipað veður á morgun nema spurning hvort það muni rigna. Skil ganga inn á austanvert landið í nótt og því líkur á smá vætu með köflum víða á þjóðhátíðardaginn. Yfirleitt nokkuð milt en áfram heldur hlýrra suðvestanlands.



Á MORGUN
5-10 m/s, en 10-18 við SA-ströndina.



LAUGARDAGUR
3-8 m/s, léttir til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 27° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 21° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 18° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 28° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 19° |
| París | 19° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is


TAX FREE*
GARÐPLÖNTUR
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS
TAX FREE*
GRILL - GARÐPLÖNTUR - GARÐHÚSGÖGN
TAX FREE*
GRILL
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS
Eitt mesta úrval landsins af grillum!
TAX FREE*
GARÐHÚSGÖGN
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS
OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*Tax free gildir af vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs
blómaval
HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Horfir þú á leiki íslenska U-21 árs landsliðsins í knattspyrnu?*

| | |
|---|---|
| Já | 40,1% |
| Nei | 59,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Gætirðu hugsað þér að fara í nám við norskan herskóla?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Búið er að opna aðgang að hluta Dyrhólaeyjar en áfram er deilt um lokunina:

# Hliðum enn stolið við Dyrhólaey

**NÁTTÚRA** Íbúar í Mýrdalshreppi hafa síðustu daga haldið áfram að taka niður hlið, keðjur og aðrar hindranir sem Umhverfisstofnun hefur sett upp við Dyrhólaey. Á sunnudag lá við handalögmálum við eyjuna þegar íbúar reyndu að koma í veg fyrir að starfsmaður Umhverfisstofnunar setti upp keðjur á svæðinu.

„Hluti Dyrhólaeyjar, Háey, var opnaður á þriðjudagsmorgun en Lágey er á að halda lokaðri til 25. júní. Við höfum því sett upp lokanir við Lágey en þær hafa tvívegis verið fjarlægðar í vikunni," segir Ólafur Arnar Jónsson, deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun hefur að ráðum fuglafræðings lokað Dyrhólaey fyrir mannaferðum meðan á varpi fugla á svæðinu stendur eins og stofnunin hefur heimild til í lögum. Íbúar í Mýrdalshreppi hafa hins vegar margir verið mjög óánægðir með lokunina og tekið niður og stolið öllu sem stofnunin hefur sett þar upp.

„Menn virðast ætla að halda þessu áfram en við munum reyna eftir bestu getu að halda svæðinu lokuðu og munum óska eftir aðstoð lögreglunnar við það," segir Ólafur Arnar að lokum. -mþl



**DYRHÓLAEY** Margir íbúar í Mýrdalshreppi telja lokun Umhverfisstofnunar skemma fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

Vestmannaeyjar banna veiði:

# Bannað verður að veiða lunda

**VESTMANNAEYJAR Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur ákveðið að banna lundaveiðar í sumar. Er þetta gert í ljósi bágrar stöðu stofnsins, en stærsta lundavarp heims er í Vestmannaeyjum.**

**Veiðar á lunda hafa verið takmarkaðar á undanförnum árum og í fyrra var tímabilið fimm dagar. Náttúrustofa Suðurlands lagði það til í maí síðastliðnum að engin lundaveiði yrði leyfð í Eyjum næstu ár, en viðkomubrestur hefur verið viðvarandi hjá lundanum frá árinu 2005.** -sv

NATO mun liðast í sundur:

# Evrópuríki hafa sparað of mikið



ROBERT GATES

**WASHINGTON, AP** Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins (NATO) í Evrópu hafa dregið mjög úr fjárframlögum sínum til varnarmála.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa áhyggjur af þróun mála, að sögn Robert Gates, fráfarandi varnarmálaráðherra landsins. Hann reiknar með að varnarsamstarfið muni fjara út á endanum. Gates sat fyrir svörum hjá undirnefnd öldungadeildar bandaríska þingsins í gær. Þar benti hann á að frá því bandalagið var sett á laggirnar árið 1949 til að styðja við utanríkisstefnu Bandaríkjanna hafi heimurinn breyst. -jab

Afkoma Skýrr batna milli ára:

# Hagnast um 389 milljónir

**VIÐSKIPTI Upplýsingatæknifyrirtækið Skýrr hagnaðist um 389 milljónir króna í fyrra samanborið við 362 milljóna króna tap árið á undan.**

**Tekjur Skýrr-samstæðunnar námu 22,1 milljarði króna í fyrra. Þetta er rúmum 650 milljónum krónum meira en árið áður.**

**Rekstrarhagnaður fyrir skatta og gjöld (EBITDA) nam 790 milljónum króna. Til samanburðar nam hann 181 milljón árið 2009.**

**Eigið fé Skýrr nam rúmum 3,3 milljörðum króna í lok síðasta árs. Áætlanir gera ráð fyrir að veltan verði allt að 24 milljarðar króna á þessu ári og að rekstrarhagnaður tæplega tvöfaldist.** -jab

# Útrunnir samningar upp á 33 milljarða

**Meira en helmingur þjónustusamninga mennta- og menningarráðuneytisins eru útrunnir. Gildistími 28% þjónustusamninga ríkisins er liðinn og nema þeir í heild 33 milljörðum króna. Ríkisendurskoðun telur ástandið óviðunandi.**

**STJÓRNSÝSLA** Meira en helmingur þjónustusamninga mennta- og menningarmálaráðuneytisins eru útrunnir, eða 26 af 44. Tæp 30 prósent allra þjónustusamninga ríkisins eru útrunnir. Kemur þetta fram í nýrri úttekt Ríkisendurskoðunar á samningum ríkisins.

Samkvæmt Fjárlagafrumvarpinu 2011 nema skuldbindingar ríkisins vegna útrunninna þjónustusamninga alls um 33 milljörðum króna á tímabilinu 2011 til 2014. Það eru rúm 20 prósent skuldbindinga ríkisins vegna slíkra samninga.

„Ríkisendurskoðun telur óviðunandi að unnið sé árum saman samkvæmt útrunnum rekstrar- og þjónustusamningum. Mikilvægt er að þeir verði endurnýjaðir sem fyrst," segir í tilkynningu frá Ríkisendurskoðun. Sveinn Arason ríkisendurskoðandi segir að það ætti að vera undantekning að verið sé að greiða samkvæmt samningum sem séu útrunnir.

„Menn geta verið sammála um að vinna eftir útrunnum samningum og í flestum tilvikum er það þannig," segir Sveinn. „En við erum að horfa til þess að menn hefðu átt að vera vakandi og halda þessu í réttu horfi."

Þau ráðuneyti sem vinna samkvæmt útrunnum samningum eru: mennta- og menningarmálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, velferðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti. Alls eru þetta 33 samningar af þeim 116 samningum sem Ríkisendurskoðun fór yfir.

Flestir samningar runnu út árið 2010 en allmörg dæmi eru um samninga sem giltu til 2005 og til 2009 og einn sem gilti fram á mitt ár 2001, samningur við Hússtjórnarskólann í Reykjavík.

Þjónustusamningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Verslunarskóla Íslands rann út í lok árs 2005. Ingi Ólafsson skólastjóri segir þó samninginn hafa verið endurnýjaðan árið 2007 og þá hafi verið gengið frá öllum formsatriðum samningsins, að því undanskildu að undirrita hann.

„Samningurinn var allur endurunninn, það var gengið frá öllum formsatriðum og allir voru sammála um hann. En af einhverjum ástæðum fórst alltaf fyrir að undirrita hann," segir Ingi og bætir við að stjórnendur skólans hafi þó kallað eftir því við ráðuneytið. Unnið hefur verið samkvæmt þeim samningi síðan hann var gerður árið 2007, en samkvæmt fjárlögum fær Verslunarskólinn 858,5 milljónir á ári.

„Samstarf okkar við ráðuneytið hefur alltaf verið mjög gott þannig að við vorum ekki að missa svefn yfir þessu," segir Ingi.

sunna@frettabladid.is



**VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS** Samningar ríkisins við Versló voru endurnýjaðir árið 2007, en þeir hafa ekki verið undirritaðir þótt stjórnendur skólans hafi kallað eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Nokkrir af útrunnum samningum ráðuneytanna**

| Stofnun | Ársframlag 2011-2014 | Gildistími |
|---|---|---|
| Verslunarskóli Íslands | 858,5 milljónir | 31.12. 2005 |
| Hússtjórnarskólinn í Hallormsstað | 25,6 milljónir | 1.7. 2001 |
| Afrekssjóður ÍSÍ | 24,7 milljónir | 31.12. 2008 |
| Neyðarlínan hf. | 282,5 milljónir | 31.12. 2007 |
| Akureyrarbær, heilsugæsla | 490,7 milljónir | 31.12. 2006 |
| Akureyrarbær, öldrunarþjónusta | 1.321 milljón | 31.12. 2008 |
| Hornarfjörður, öldrunarþjónusta | 195,1 milljón | 31.12. 2006 |




Ingibjörg Sólrún leiðréttir Ögmund Jónasson varðandi Rannsóknarnefndina:

# Nefndin bað ekki um landsdóm

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, segir Ögmund Jónasson innanríkisráðherra ekki þekkja niðurstöður Rannsóknarnefndar Alþingis varðandi Landsdómsmálið. Á Facebook-síðu sinni segir Ingibjörg að Ögmundur hafi sýnt fram á það í grein sem birtist í Fréttablaðinu í gær.

Ingibjörg leggur þar út frá orðum Ögmundar um niðurstöðu og tillögur rannsóknarnefndarinnar og segir hann fara rangt með staðreyndir málsins.

„Rannsóknarnefnd Alþingis – sú eina sem rannsakaði málið – gerði engar tillögur um Landsdóm", segir Ingibjörg. hún bætir við að „niðurstaða hennar var að þrír en ekki fjórir ráðherrar hefðu gert mistök í starfi. Það var hins vegar meirihluti sérstakrar þingnefndar sem tók pólitíska ákvörðun um að leggja til að Landsdómur yrði kallaður saman og sem tók pólitíska ákvörðun um að leggja til ákærur sem voru ekki í samræmi við niðurstöður Rannsóknarnefndar Alþingis".

Hún segir loks að 33 þingmenn hafi tekið „þá pólitísku ákvörðun að ákæra Geir H. Haarde einn ráðherra". -þj

> „Rannsóknarnefnd Alþingis – sú eina sem rannsakaði málið – gerði engar tillögur um Landsdóm.
>
> **INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**
> FYRRVERANDI UTANRÍKISRÁÐHERRA



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



# OPIÐ 17. JÚNÍ

Í ÖLLUM VERSLUNUM NEMA KRINGLUNNI

**TILBOÐ 30% afsláttur við kassa**

**KJÚKLINGABRINGUR FERSKAR**
**1.959 kr/kg.**
Verð áður 2.798.-

## PÖNNURISTUÐ KJÚKLINGABRINGA MEÐ GRÆNMETI OG MOZZARELLA fyrir 4

*að hætti Rikku*

- 1 lítið eggaldin, sneitt langsum í þunnar sneiðar
- 1 lítill kúrbítur, sneiddur langsum í þunnar sneiðar
- olífuolía til steikingar
- 4 kjúklingabringur
- 2 msk heilhveiti
- 4 stórir tómatar, skornir í bita
- 150 ml hvítvín
- ½ kjúklingakraftskubbur
- 4 stór basillauf
- 1 mozzarellakúla, sneidd
- 60 g rifinn parmesanostur
- salt og nýmalaður pipar

Saltið eggaldinið og kúrbítinn. Hitið olíu á pönnu við meðalhita og steikið eggaldinið og kúrbítinn í 2 mínútur á hvorri hlið. Þerrið grænmetið á eldhúspappír. Setjið bringurnar í glæran plastpoka og fletjið með kökukefli. Setjið hveitið ofan í pokann og hrisstið. Steikið kjúklinginn í 4 mínútur á hvorri hlið og takið til hliðar. Steikið tómatana upp úr örlítili olíu og hellið hvítvíninu saman við ásamt kjúklingakraftinum. Látið malla í 2-3 mínútur. Bætið kjúklingabringunum út á pönnuna og raðið eggaldin- og kúrbítssneiðum út á ásamt basillaufum, parmesanosti og mozzarellasneiðum. Lokið pönnunni og látið malla í 4-5 mínútur.

NÆRINGARGILDI LDS
Kcal: 617/ 31% LDS*
Prótín: 37.7 g/ 75% LDS
Fita: 33 g/ 51% LDS
Kolvetni: 36 g/ 12% LDS
Trefjar: 5 g/ 21% LDS
Kalk: 516 mg/ 52% LDS

*Leiðbeinandi dagsskammtur (LDS) miðast við 2.000 kcal (hitaeininga) orkuþörf.



TILBOÐ 449 kr/pk.

**Kjúklingavængir**
BBQ og Buffalo vængir



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.949 kr/kg.
Verð áður 2.598.-

**Nautavöðvi**
kryddlegin



TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
2.039 kr/kg.
Verð áður 2.718.-

**SS helgarsteik**
bláberjalegin

GÓÐ Á GRILLIÐ!



GOTT VERÐ 1.198 kr/kg.

**Lambalæri**
frosið

**GRILLAÐU-ONÍ-ÞIG**

„Gerðu þinn eigin fabrikkuborgara - hráefnið fæst í Hagkaup"



LAMBORGARI · MORTHENS · STÓRI BÓ · BARNABORGARI

ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010




50% afsláttur

Gildir út sunnudag

Ómissandi með kjúklingavængjum!



Ekta gráðostasósa



CICACO TOWN PIZZUR 2 TEG.
25% afsláttur v/kassa



TILBOÐ
WISE SNAKK CHEEZ DOODLES
499 kr/stk.



NÝTT SVALI EPLAKLAKAR & APPELSÍNUKLAKAR



17. júní blöðrur í úrvali

FÁNAR 149 kr/stk.



TILBOÐ
POWER SHOT TE
199 kr/stk.



TILBOÐ
SKÚFFUKAKA M. KREMI & KÓKOS
399 kr/pk.



NÝBAKAÐ

TILBOÐ
SVEITABRAUÐ
229 kr/stk.

NÝTT KORTA TÍMABIL

Gildir til 19. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað hét fléttan sem gekk út á að Kaupþing lánaði félaginu 1998 ehf. 30 milljarða til að kaupa Haga af Baugi?*

**2.** *Hvaða mynd hreppti áhorfendaverðlaun á heimildamyndahátíðinni á Patreksfirði um síðustu helgi?*

**3.** *Hvaða leikkona er nýtt andlit tískuhússins Louis Vuitton?*

**SVÖR**

*1. Project Polo 2. Jón og Séra Jón 3. Angelina Jolie*

Markaðsstjóri CCP segir netárásina í fyrradag ekki einsdæmi en málið sé litið alvarlegum augum:

# Tölvuþrjótar réðust á leikjaþjón EVE Online

**VIÐSKIPTI** Tölvuþrjótar gerðu samhæfða netárás á leikjaþjóninn sem hýsir EVE Online tölvuleikinn og tengdar vefþjónustur á forræði íslenska leikjafyrirtækisins CCP í fyrradag. Brást fyrirtækið við með því að taka leikinn úr loftinu meðan árásinni var hrundið.

„Við tökum svona mál mjög alvarlega og það sem gerðist í raun í gær var að þegar við urðum vör við óeðlilega umferð ákváðum við sjálf að fara úr loftinu,“ segir Elísabet Grétarsdóttir, markaðsstjóri CCP, og bætir við að traust skipti verulegu máli í þeim geira sem fyrirtækið starfi í.

Því séu engar áhættur teknar með öryggi leiksins en atvik í líkingu við þetta hafa komið upp áður.

Í fréttatilkynningu frá CCP kemur fram að hvorki gagnagrunnur EVE Online, né innviðir CCP hafi orðið fyrir skaða. Jafnframt hafa engar persónu- eða greiðsluupplýsingar eða önnur gögn verið opin utanaðkomandi á neinum tímapunkti.

Elísabet segir spilara EVE hafa verið ánægða með viðbrögð fyrirtækisins. „Þeir eru yfirleitt mjög hreinskiptir í sínum samskiptum við okkur. Því var það ánægjulegt að sjá að þeir virðast hafa verið mjög ánægðir með viðbrögð okkar; að við höfum tekið þessu mjög alvarlega og gætt fyllsta öryggis.“ **- mþl**




**EVE ONLINE** Leikurinn lá niðri í rúma sex klukkutíma í gær vegna árásar tölvuþrjóta.

Fékk skilorðsbundinn dóm:

# Braust inn til fyrrverandi sambýliskonu

**DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Austurlands í fyrradag fyrir að brjótast tvívegis inn til fyrrverandi sambýliskonu sinnar og taka þaðan ýmsan húsbúnað sem hann taldi sig eiga.**

**Maðurinn játaði brot sitt skýlaust. Í niðurstöðu dómsins segir að með hliðsjón af því að maðurinn játaði brot sitt, og því að brot hans beindust að heimili fyrrverandi sambýliskonu hans, en jafnframt því að ekki er að sjá að ásetningur hans hafi staðið til þess að ógna fyrrverandi sambýliskonunni, sem var ekki í íbúðinni er brotið var framið, þykir dómara réttast að dæma manninn í 30 daga skilorðsbundið fangelsi til tveggja ára.**

Framleiða sérstakan húsbjór fyrir sænskt veitingahús:

# Fyrsti tankurinn farinn

**IÐNAÐUR** „Það er mánuður síðan fyrsti tankurinn fór og annar er að fara af stað,“ segir Jón Elías Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Ölvisholts Brugghúss í Flóahreppi.

Jón Elías undirritaði fyrir stuttu samning um framleiðslu á sérstökum húsbjór fyrir veitingastaðinn Sorbon í Stokkhólmi. Björinn heitir Sorbon X og er amerískt þurrhumlað ljósöl. Slíkur bjór nýtur vinsælda í Svíþjóð.

Veitingahúsið er eitt nokkurra í Svíþjóð, Danmörku og Kanada, sem býður upp á kranabjór frá Ölvisholti. Jón Elías heimsækir reglulega viðskiptavini brugghússins ytra og búa eigendur staðanna til sérstakan matseðil í kringum einn ákveðinn bjór. „Það var í kringum svona sem þeir spurðu hvort við gætum búið til sérstakan bjór fyrir þá. Ég hélt það nú,“ segir Jón Elías.



**SKÁL FYRIR ÞVÍ** Jón Elías innsiglar framleiðslu á húsbjórnum með Guðjóni Þ. Guðmundssyni hjá Samskipum og Mikael Porsklint hjá sænska dreifingarfyrirtækinu Wicked Wine.

Fyrsta sendingin, þrjú þúsund lítrar, barst Sorbon fyrir stuttu. Slík var eftirvæntingin að fyrsti þrjátíu lítra kúturinn tæmdist á átta mínútum. Þá hefur dreifingaraðili í Bandaríkjunum falast eftir því að dreifa bjór Brugghússins. „Við erum nú að spila í úrvalsdeildinni,“ segir Jón Elías. **- jab**



**HARKALEG ÁTÖK** Tugþúsundir mótmæltu fyrir utan þinghúsið í Aþenu í gær og snerust mótmælin að hluta upp í óeirðir. NORDICPHOTOS/AFP

# Papandreou leitar á náðir íhaldsmanna

**Gríska stjórnin hefur lengi verið milli steins og sleggju. Annars vegar krefja ESB og AGS hana um enn strangari aðhaldsaðgerðir. Hins vegar eru háværi mótmæli heima fyrir gegn öllu aðhaldi. Papandreou reiðubúinn að segja af sér.**

**GRIKKLAND** Georgios Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, hóf í gær tilraunir til að fá stærsta stjórnarandstöðuflokkinn, gríska Íhaldsflokkinn, til liðs við vinstri stjórn sína.

Nokkrir þingmenn Íhaldsflokksins hafa lýst stuðningi sínum við myndun þjóðstjórnar, en krefjast þess að Papandreou víki þá úr embætti forsætisráðherra. Sjálfur segist hann reiðubúinn til þess.

Papandreou hefur aðeins fárra vikna frest til þess að fá þingið til að samþykkja frekari aðhaldsaðgerðir svo ríkið geti staðið undir afborgunum af himinháum skuldastafla sínum.

Mikil og hávær andstaða hefur verið í Grikklandi við aðhaldsaðgerðir stjórnarinnar, sem þykja bitna harkalega á almenningi. Andstaðan hefur náð inn í raðir stjórnarinnar og nú í vikunni sagði einn þingmanna Sósíalistaflokksins skilið við stjórnina. Annar hefur þegar boðað að hann muni greiða atkvæði gegn aðhaldsaðgerðunum.

Óeirðir brutust út í Aþenu í gær með hörðum átökum bæði milli mótmælenda innbyrðis og milli mótmælenda og lögreglu. Meira en 25 þúsund manns höfðu komið saman fyrir utan þinghúsið í miðborginni til að mótmæla aðhaldsaðgerðum stjórnvalda.

Innandyra í þinghúsinu stóð Papandreou forsætisráðherra í ströngu við að afla fylgis við frumvarp sitt um enn frekari niðurskurð og skattahækkanir til þess að standa undir kröfum Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Svo virðist sem hann hafi rekið í strand með það, og leiti því á náðir andstæðinga sinna um stuðning.

„Sá mikilvægasti í áhöfn hvers skips er skipstjórinn, og skipstjórinn þarf að fara,“ sagði Theodoros Karouglou, einn af þingmönnum Íhaldsflokksins. „Ef við tækjum saman höndum, þá gætum við farið saman til að semja við lánardrottna okkar og útkoman yrði að sjálfsögðu betri.“

Grikkland hefur fengið 53 milljarða evra, jafnvirði nærri 9.000 milljarða króna, í fjárhagsaðstoð frá ESB og AGS. Þetta er tæplega helmingurinn af þeim 110 milljörðum evra, sem þessar tvær stofnanir samþykktu í maí 2010 að veita Grikklandi. Ljóst þykir að þessi aðstoð dugi ekki, en ágreiningur er innan Evrópusambandsins um það hvaða skilyrði eigi að setja Grikkjum fyrir frekari aðstoð. Stefnt er að ákvörðun um það í næstu viku.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Leggur þú þitt af mörkum?**

# Samstarf um eflingu góðra atvinnuhátta

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Ríkisskattstjóri munu í sumar ráðast í sérstakt átak til þess að hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að standa rétt að samningum sín í milli. Fulltrúar aðilanna þriggja munu heimsækja vinnustaði, kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir.

Athyglinni verður sérstaklega beint að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og áhersla lögð á að svört atvinnustarfsemi, undanskot á launatengdum gjöldum og brot á kjarasamningum séu skaðleg fyrir alla hlutaðeigandi og samfélagið í heild sinni.

ASÍ, SA og RSK hvetja forráðamenn atvinnurekstrar í landinu til að hafa tekjuskráningu sína í lagi og alla starfsmenn skráða. Jafnframt að nota vinnustaðaskírteini þar sem það á við og fara að lögum um færslu bókhalds og skil á staðgreiðslu, virðisaukaskatti og öðrum lögboðnum gjöldum.

---

Alþýðusamband Íslands | SAMTÖK ATVINNULÍFSINS | RÍKISSKATTSTJÓRI


**STÖÐVAR UMFERÐINA** Þessi svanur ætlaði ekkert láta segja sér fyrir verkum á fjölfarinni umferðargötu í London. NORDICPHOTOS/AFP

Miklar endurbætur vegna 200 ára afmælishátíðar Jóns Sigurðssonar:

# Hátíðarsamkoma á Hrafnseyri við Arnarfjörð

**MENNING** Umfangsmiklum endurbótum á Hrafnseyri við Arnarfjörð er nú að ljúka, en í þær var ráðist í tilefni af 200 ára afmælisári Jóns Sigurðssonar, sem fæddist á Hrafnseyri 17. júní 1811. Af því tilefni verður blásið til hátíðarsamkomu þar vestra á morgun og opnuð sýning um Jón.

Húsið á Hrafnseyri var byggt um 1960 sem prestsetur og skóli. Við úttekt á húsinu kom í ljós að það þarfnaðist verulegs viðhalds við og endurnýja þurfti raflagnir, töflu, frárennslilagnir og rotþró. Húsið uppfyllti heldur ekki skilyrði um aðgengi hreyfihamlaðra, brunahönnun og fleira.

Ákveðið var að taka neðri hæðina undir sýningu og flytja íbúð staðarhaldara upp á efri hæð. Nýr inngangur var settur á miðja framhlið hússins og veröndinni undir svölunum lokað með gleri.

Á morgun verður opnuð nýstárleg sýning um Jón að Hrafnseyri sem hefur yfirskriftina „Líf í þágu þjóðar – Jón Sigurðsson 1811-1879.“ Hún er sett fram á 90 m löngum, gegnsæjum vegg úr plexigleri í textum og myndum, margmiðlun, munum og hljóðsetningum.

Í tilefni afmælisársins verður ókeypis á sýninguna í allt sumar. - kóp


**ENDURBÆTUR** Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á Hrafnseyri í sumar, nýr inngangur var reistur og húsið endurnýjað og betrumbætt.

Skógræktarfélagið og Arion:

## Frítt kort með útvistarskógum

**UMHVERFISMÁL** Korti með upplýsingum um fimmtíu áhugaverða útivistarskóga um land allt er nú dreift endurgjaldslaust í útibúum Arion banka, upplýsingamiðstöðvum ferðamála, garðplöntusölum og víðar. Það er Skógræktarfélag Íslands og Arion banki sem gefa út kortið í tilefni af alþjóðlegu ári skóga árið 2011. „Skógarnir eru af öllum stærðum og gerðum, langflestir í alfaraleið og margir í næsta nágrenni við helstu þéttbýlisstaði. Þeir eru því upplagðir áningarstaðir fólks sem á leið um landið,“ segir í tilkynningu um kortið sem nefnt er „Rjóður í kynnum“. - gar

**LÖGREGLUMÁL**

### Gerðu maríjúana upptækt

Tvö fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar í Vestmannaeyjum síðustu helgi. Lögreglan gerði þá upptæk um sex til átta grömm af maríjúana. Maður á þrítugsaldri og drengur á sextánda ári voru teknir með efnin.


**ALEXANDER VONDRA** Varnarmálaráðherra Tékklands ósáttur við Bandaríkin. NORDICPHOTOS/AFP

Tékkar hætta samstarfi:

## Ósáttir við flugskeytavarnir

**TÉKKLAND, AP** Tékknesk stjórnvöld hafa hætt samstarfi við Bandaríkin um uppsetningu geimvarna í Tékklandi, einkum vegna ágreinings um hve stórt hlutverk Tékkar eigi að hafa.

„Hugmyndir okkar um þátttöku í framtíðinni eru litríkari en svo, að í þeim sé aðeins gert ráð fyrir einu eða tveimur herbergjum með nokkrum tölvuskjám,“ sagði Alexander Vondra, varnarmálaráðherra Tékklands.

„Við gætum komið aftur að borðinu seinna meir, en það er of snemmt að tala um það núna.“ - gb






**EVRÓPUMÁL:** Í hvað verður IPA-styrkjum ESB varið?

# Styrkir frá Evrópu fara í matvælaöryggi og fugla

**Bætt hagskýrslugerð, aukið matvælaöryggi, kortlagning fuglalífs og þróunaráætlun fyrir Eyjafjallajökulssvæðið eru meðal verkefna sem stjórnvöld vilja að Evrópusambandið styrki vegna umsóknar landsins um aðild að ESB.**

Síðustu vikur hafa tveir þingmenn forvitnast um styrki þá sem ESB er reiðubúið að veita Íslandi í tengslum við umsóknarferli landsins. Þessi stuðningur ESB kemur til með að felast í sérfræðiaðstoð, eins og greint hefur verið frá í blaðinu, en einnig vilja stjórnvöld að ákveðnar stofnanir geti bætt við sig starfsmönnum og læri um evrópska stjórnsýslu – styrkjakerfi og fleira.

Þessir styrkir ESB eru kallaðir IPA-styrkir (e: *Instrument for Pre-Accession Assistance*) og eru veittir hverju umsóknarríki, til dæmis Króatíu og Tyrklandi, til að standa straum af kostnaði við umsókn þess um aðild að sambandinu. Eða „að gera stjórnsýslu þess í stakk búna að takast á við umsóknarferlið,“ eins og utanríkisráðherra orðar það. Möguleg umsóknarríki, svo sem Bosnía og Serbía, eiga einnig kost á að sækja um styrkina.

**Nærri fimm milljarðar króna**

Utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, svaraði nýlega fyrirspurn Baldurs Þórhallssonar varaþingmanns, sem snerist um IPA-landsáætlunina fyrir árið 2011. Ráðherra svaraði að hluta með því að vísa til svars við fyrirspurn Birgis Ármannssonar um sama mál, sem getið var í Fréttablaðinu 13. maí.

Í því svari var nokkuð fjallað um Taiex-aðstoð, sem felst í þekkingaruppbyggingu á Íslandi og aðstoð evrópskra sérfræðinga til þess. Taiex fellur undir IPA.

Í svari við fyrirspurn Baldurs kemur fram að heildarfjárhæðin sem ætluð er Íslandi í IPA-styrki eru 30 milljónir evra eða nærri fimm milljarðar króna. Upphæðin dreifist á árin 2011 til 2013.

**Óháð aðild að ESB**

Íslensk stjórnvöld velja úr umsóknum um IPA og umsóknir í ár voru mun fleiri en hægt var að verða við.

„Verkefnin þjóna annars vegar umsóknarferlinu og undirbúningi viðræðna við Evrópusambandið og hins vegar undirbúningi fyrir þátttöku í þeim stuðningskerfum Evrópusambandsins sem einkum varða byggðamál og atvinnuuppbyggingu. Aðstoðin lýtur einnig að verkefnum sem miða að því að mæta EES-skuldbindingum [...] Öll verkefnin eru valin með tilliti til þess að þau nýtist óháð aðild að Evrópusambandinu,“ segir í svari Össurar.

Ákvörðun ESB um hvort og hvaða styrkir verða veittir verður tekin í nóvember af fulltrúum allra aðildarríkjanna 27. Utanríkisráðherra segir að styrkirnir komi til með að efla stofnanir, styrkja stjórnsýsluna og þar af leiðandi stöðu Íslands í viðræðunum.





**Klemens Ólafur Þrastarson**
klemens@frettabladid.is


**Hagstofa Íslands**
Til að endurbæta gerð þjóðhagsreikninga. Skortur á hagtölum gerir erfitt að meta stöðu einstakra atvinnugreina. Bætt hagskýrslugerð er fyrirbyggjandi aðgerð í efnahagsmálum sem lögð er áhersla á í kjölfar fjármálahrunsins.

Hagstofa Íslands


**Matís**
Til að framfylgja reglum um matvælaöryggi sem þegar hafa verið innleiddar á Íslandi vegna EES. Markmiðið er að tryggja matvælaöryggi, styrkja eftirlit og auka neytendavernd. Bæta þarf tækjabúnað og þjálfa starfsfólk til að greina efni, í stað þess að senda sýnin utan.

**Náttúrufræðistofnun**
Til að kortleggja vistkerfi og fuglalíf á Íslandi, auðkenna svæði sem þarfnast verndunar. Mikilvægt fyrir skipulagningu byggðamála og uppbyggingu ferðaþjónustu, auk náttúruverndar.




**Þýðingarmiðstöð**
Til að þýða reglur ESB á íslensku og styrkja nám túlka við HÍ.

**Skrifstofa landstengiliðs**
Til að samræma og miðla styrkjum til að byggja upp þekkingu á stuðningi Evrópusambandsins á sviðum byggðamála og atvinnuuppbyggingar.


**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**
Til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun. Þetta er tilraunaverkefni um að þróa raunfærnimat og nýtist vegna hugsanlegrar þátttöku í Evrópska félagsmálasjóðnum. Vinna á gegn langtímaatvinnuleysi og fleira.

**Háskólafélag Suðurlands**
Til að gera þróunaráætlun fyrir Eyjafjallajökulssvæðið og uppbyggingu á þekkingarsetri um það. Undirbýr þátttöku í Evrópska byggðaþróunarsjóðnum og fellur vel að markmiðum um fjölga ferðamönnum og þess háttar.





markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
Opið frá 12 - 18 á 17. júní!
LAMBALÆRI
ÞURRKRYDDAÐ
FERSKT
25% afsláttur
1.199kr/kg
áður 1.599 kr/kg
GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ!
VINSÆLU LATABÆJARGALLARNIR KOMNIR AFTUR!
4.998kr/stk
LAMBA-SIRLOINSNEIÐAR KRYDDAÐAR
1.499kr/kg
áður 1.698 kr/kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR FERSKAR
1.698kr/kg
áður 1.998 kr/kg
GRILLPYLSUR 10 STK 480 G
20% afsláttur
295kr/pk.
áður 369 kr/pk.
KJÖTSEL
HAMBORGARAR FERSKIR GRILL 4 X 90 G
34% afsláttur
395kr/pk.
áður 598 kr/pk.
KLEINUHRINGIR - SÚKKULAÐI
99kr/stk.
áður 165 kr/stk.
40% afsláttur
MÖNDLUKAKA
40% afsláttur
299kr/stk.
áður 498 kr/stk.
JARÐARBER 250G
179kr/pk.
áður 358 kr/pk.
50% afsláttur
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes
Tilboðin gilda 16.-19. júní
eða meðan birgðir endast




# Hrafnseyrarhátíð 17. júní 2011

**Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar og Hrafnseyrarnefnd bjóða til þjóðhátíðar á Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní n.k. í tilefni af opnun sýningarinnar „Líf í þágu þjóðar“ í Safni Jóns Sigurðssonar og þess, að tvöhundruð ár verða þá liðin frá fæðingu hans.**

**Dagskrá**

**10:00** Hátíðarsvæðið opnað, sölubásar og veitingatjöld.

**11:00** Útskriftarathöfn Háskólaseturs Vestfjarða.

**11:30** Hópsigling smábáta frá Bíldudal, lending kl. 12:30.

**13:00** Hátíðarmessa í Minningarkapellu Jóns Sigurðssonar að Hrafnseyri. Séra Agnes M. Sigurðardóttir sóknarprestur í Bolungarvík og prófastur í Vestfjarðaprófastsdæmi prédikar. Séra Guðrún Edda Gunnarsdóttir sóknarprestur Hrafnseyrarkirkju þjónar fyrir altari. Kirkjukór Þingeyrar syngur. Organisti: Margrét Gunnarsdóttir. Meðhjálpari: Davíð H. Kristjánsson.

**14:00** Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar. Stjórnandi: Dagný Arnalds.

**14:30 Hátíðardagskrá á útisviði**

- Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig að Minningarsteini Jóns Sigurðssonar.
- Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, setur hátíðina.
- Hátíðarræða: Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.
- Kveðja frá Vestur-Íslendingum: David Gislason.
- Fjallkona Vestfjarða.
- Elfar Logi Hannesson: Brot úr einleik um Jón Sigurðsson.
- Ávarp: Sólveig Pétursdóttir, formaður afmælisnefndar.
- Tónlistardagskrá: Sigrún Hjálmtýsdóttir, Björgvin Halldórsson, Karlakórinn Ernir, Karlakórinn Vestri, Eyþór Gunnarsson og Þórir Baldursson. Stjórnandi: Guðni Franzson.
  *Brimlending* - Lag: Áskell Jónsson, ljóð: Davíð Stefánsson.
  *Nú sefur jörðin* - Lag: Þorvaldur Blöndal, ljóð: Davíð Stefánsson.
  *Sjá dagar koma* - Lag: Sigurður Þórðarson, ljóð: Davíð Stefánsson.
  *Ég bið að heilsa!* - Lag: Ingi T. Lárusson, ljóð: Jónas Hallgrímsson.
  *Íslandslag* - Lag: Björgvin Guðmundsson, ljóð: Grímur Thomsen.
  *Rósin* - Lag: Friðrik Jónsson, ljóð: Guðmundur G. Halldórsson.
  *Lofsöngur*, Ó guð vors lands, með þátttöku hátíðargesta.
  Lag: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, ljóð: Matthías Jochumsson.
- Ávarp: Eiríkur Finnur Greipsson, formaður Hrafnseyrarnefndar.
- Sýningin "Líf í þágu þjóðar - Jón Sigurðsson 1811-1879" opnuð.

Formlegri hátíðardagskrá lýkur.
Kynnir er Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð.

**17:00 Elfar Logi Hannesson frumflytur einleik sinn um Jón Sigurðsson í fullri lengd í Minningarkapellunni.**

Glímumenn frá Glímufélaginu Herði á Ísafirði sýna íslenska glímu. Verðlaunagripurinn Vestfjarðabeltið verður til sýnis.

Í burstabænum verða sýndar teikningar af Jóni Sigurðssyni eftir nemendur 6. bekkjar grunnskólanna á Vestfjörðum.

*Góð aðstaða og veitingar á hátíðarsvæðinu.*
*Kjörorð sumarsins er **NÚNA FER ÉG VESTUR!***

Aðgangur að hinni nýju sýningu á Hrafnseyri er ókeypis í allt sumar!

**Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar og Hrafnseyrarnefnd**
**Sjá nánar: www.jonsigurdsson.is**

HRAFNSEYRARHÁTÍÐ
17. JÚNÍ 2011




JÓN SIGURÐSSON
200 ÁRA AFMÆLI
1811 - 2011



**SETIÐ AÐ TAFLI** Jóhann Hjartarson er meðal keppenda á mótinu, en þessi mynd er tekin á mótinu í fyrra þar sem hann sigraði.

Skákhátíð á Ströndum:

## Sterkir skákmenn mæta til leiks

**SKÁK** Margir sterkir skákmenn verða meðal keppenda á Skákhátíð í Árneshreppi á Ströndum, sem fer fram um helgina.

Í tilkynningu frá aðstandendum hátíðarinnar segir að fjöldi keppenda hafi þegar skráð sig til leiks, en þátttaka er ókeypis. Keppt verður í tvískák á föstudag, atskák á laugardag og á sunnudag lýkur hátíðinni með hraðskákmóti.

Verðlaunapotturinn er 100 þúsund krónur, en fyrir utan keppnisframmistöðu eru vinningar í boði fyrir klæðnað og háttvísi.

Meðal keppenda eru stórmeistarinn Jóhann Hjartarson sem hefur titil að verja. - þj



**Í STOKKHÓLMI** Svíar þurfa að flytja inn vinnuafl. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Þörf á vinnuafli í Svíþjóð:

## Hundruð þúsunda nýrra starfa

**SVÍÞJÓÐ Vinnumálastofnunin í Svíþjóð gerir ráð fyrir 107 þúsundum nýrra starfa í ár og 61 þúsundi til viðbótar á næsta ári. Atvinnuleysið nú er 8,4% en því er spáð að það fari niður í 6,7% á næsta ári.**

**Eftir nokkur ár verður þörf á innfluttu vinnuafli, að mati stofnunarinnar. Forstjóri Vinnumálastofnunarinnar, Angeles Bermudez-Svankvist, segir nauðsynlegt að byrja að huga að því hvernig standa eigi að innflutningnum. Skortur er nú þegar á vinnuafli í hugbúnaðargeiranum, byggingariðnaði og ýmsum öðrum iðngreinum. Eftir fjögur ár fer yfir hálf milljón Svía á eftirlaun. Vinnuveitendur eru nú þegar farnir að slást um bestu starfsmennina, að sögn forstjóra Vinnumálastofnunarinnar.** - ibs

Mjólkinni ekið til Reykjavíkur:

## Hætt að pakka mjólk á Ísafirði

**ÍSAFJÖRÐUR** Hætt hefur verið að vinna og pakka mjólk á Ísafirði. Mjólkin, sem er framleidd á Vestfjörðum, er nú send til Búðardals og áfram til Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, þar sem henni er pakkað.

Ákveðið var að hætta pökkun yfir sumartímann en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað gerist í haust. Starfsmönnum Mjólkursamsölunnar á Ísafirði verður ekki fækkað vegna þessa, að sögn mjólkurbússtjórans Lúðvíks Hermannssonar, sem tjáir sig um þetta á vef Bæjarins besta. - þeb

Færri á ferðalagi en í fyrra:

# Minni umferð um hvítasunnu

**SAMGÖNGUMÁL** Umferð var minni um hvítasunnuhelgina í ár en í fyrra. Þó var hvítasunnan þremur vikum síðar nú en þá.

Bílar sem keyrðu um Ingólfsfjall frá föstudegi til mánudags voru 2,6 prósentum færri nú en í fyrra. Þá óku 3,5 prósentum færri bílar um Hvalfjarðargöng. Ef miðað er við sömu helgi í júní í fyrra eykst umferðin hins vegar milli ára. Umferðin jókst um 1,5 til 7,8 prósent á talningarstöðum Vegagerðarinnar, en teljari á Hellisheiði var bilaður. - þeb

Umsögn Þórólfs Matthíassonar um stóra kvótafrumvarp ríkisstjórnarinnar:

# Telur fótunum varla kippt undan útgerðinni

**STJÓRNMÁL** Umsögn Þórólfs Matthíassonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands, á hagrænum áhrifum stóra kvótafrumvarps ríkisstjórnarinnar hefur verið gerð opinber. Umsögnina vann hann að beiðni ríkisstjórnarinnar.

Þórólfur gerir ýmsar athugasemdir við frumvarpið en segir þrátt fyrir það varla hægt að tala um að grundvelli undir útgerð sé kippt á brott með hækkun veiðigjalds. Hreinn hagnaður útgerðarinnar árið 2009 hefði verið sautján milljarðar miðað við frumvarpið, í stað tuttugu milljarða. Önnur ákvæði frumvarpsins muni að vísu draga frekar úr hagnaði en erfiðara sé að meta nákvæm áhrif.

Í umsögninni segir Þórólfur of langt gengið við að draga úr ávinningi af sölu varanlegra heimilda og að víðtækar heimildir sem ráðherra eru veittar séu varhugaverðar. Þá muni takmarkanir á framsali og stjórnvaldsstýrð tilfærsla milli útgerðarflokka draga úr hagnaði og afrakstri. Áhrif frumvarpsins á fjárhag einstakra útgerða eru sögð fara mjög eftir skuldastöðu þeirra. Verst settu fyrirtækin þurfi líklega að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu en rekstrargrundvöllur greinarinnar verði enn til staðar.

Loks segir Þórólfur að hægt væri að beita mun vægari úrræðum og ná betri árangri sé markmiðið með frumvarpinu að ná inn tekjum af auðlindinni og nota þær í þágu eigenda hennar. - mþl



**ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON** Umsögn prófessorsins hefur verið gerð opinber.

Varað við mikilli umferð:

# Siðareglur fyrir Bíladaga gerðar

**SAMGÖNGUMÁL** **Siðareglur hafa verið samþykktar fyrir Bíladaga á Akureyri, sem verða haldnir um helgina.**

**Bílaklúbbur Akureyrar samþykkti reglurnar og hefur Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri lýst yfir ánægju sinni með þær.**

**Tvær keppnisgreinar á dögunum hafa verið fluttar út fyrir bæinn og er vonast til þess að þannig verði Akureyringar fyrir minna ónæði en áður.**

**Þá hefur Umferðarstofa hvatt til þess að gestir skapi ekki hættu og óþægindi í umferð með aksturslagi sínu. Þá hefur verið varað við mikilli umferð til Akureyrar í dag.** - þeb

ESB ákveður um Schengen:

# Rúmenía og Búlgaría mega ekki vera með

**EVRÓPUMÁL** Innanríkisráðherrar ESB-ríkja hafa ákveðið að stækka ekki Schengen-svæðið að svo stöddu, þrátt fyrir eindreginn vilja Evrópuþingsins í þá veru. Íbúar Rúmeníu og Búlgaríu þurfa því enn að bíða þess að geta ferðast að vild innan EES.

Allir ráðherrarnir hefðu þurft að vera sammála um að stækka svæðið en mörg ríki, t.d. Finnar og Svíar, lögðust gegn því að hleypa þessum tveimur Austur-Evrópuríkjum inn.

Þar þykir ekki hafa tekist að draga úr spillingu í dómskerfinu og nokkuð er um skipulagða glæpastarfsemi. - kóþ



**FUNDUR** Í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB kemur fram að þing aðildarríkja láti til sín taka sem aldrei fyrr. NORDICPHOTOS/AFP

Framkvæmdastjórn ESB:

# Þjóðþing ríkja taka meiri þátt

**EVRÓPUMÁL** **Þjóðþing aðildarríkjanna 27, sem mynda ESB, hafa aldrei látið jafn mikið til sín taka við stefnumótun sambandsins og árið 2010. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar ESB.**

**Þingin sendu framkvæmdastjórninni 387 álit það árið, sem er 60% aukning frá 2009.**

**Í tilkynningu frá framkvæmdastjórninni er þessi þróun rakin til Lissabon-sáttmálans og til stefnumörkunar frá 2006. Einnig til aukins vægis nálægðarreglu, frá og með 2010, sem segir að ákvarðanir skuli teknar sem næst þeim sem þær hafa áhrif á.** - kóþ



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMBIL OPIÐ Í DAG: 10:00-19:30

498 KR.KG
NÓA **KROPP** 360g

598 KR. 3 kassar
**GÓU ÞRENNAN** PRINSBITAR - ÆÐIBITAR - HRAUNBITAR

**BÓNUS GULRÓTAR OG MÖNDLUKAKA**

898 KR. 760g
BÓNUS **GULRÓTARKAKA**

298 KR. 420g
MYLLU **MÖNDLUKAKA**

98 KR. 5 kökur
BÓNUS **FLATKÖKUR**

298 KR.1/2 KG
EUROSHOPPER KAFFI 500g

98 KR.STK
CANDÝFLOSS 20g

BÓNUS ÍSSÓSA 320ml
**259 kr.**

59 KR.
COKE-ZERO **33cl**
**59 kr.**

**659 KR.**
COKE-KIPPA 4 flöskur 1,5 ltr.
**Alls: 6 ltr. 659 kr**

**198 KR.**
PEPSI & PEPSI MAX - EGILS APPELSÍN
**2 LTR. FLÖSKUR 198 KR. STK**

BÓNUS ÍS 2 ltr
**298 kr.**

159 KR. stk
**17.JÚNI NAMMI-SNUÐ**

ÍSLENSKUR FÁNI
**98 kr. stk**

**Gosdrykkir í 33cl dósum 69 kr.ds**

**527 9000**
**UPPLÝSINGA & ÞJÓNUSTUSÍMI**

Þarftu að ná **sambandi** við Bónus?

Við erum við símann **527 9000** alla virka daga frá kl 09-
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is

AFGREIÐLUTÍMI Í BÓNUS 16.JÚNÍ **10:00-19:30** Allar verslani

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMBIL OPIÐ Í DAG: 10:00-19:30
norðanfiskur
Norðanfiskur: Íslensk bleikja beinhreinsuð með roði
1598 KR.KG
NORÐANFISKUR
FROSIN BLEIKJA BEINHREINSUÐ
MEÐ ROÐI
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKAR
BLÓÐBERG, BIRKILAUF, AÐALBLÁBERJALYNG OG EINIR.
KRYDDJURTIR
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1298 KR.KG
Íslenskt HEIÐALAMB með villtum Íslenskum kryddjurtum
750ml á verði 500ml
ÍTALÍA
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
598 KR.
ÍTALÍA
EXTRA VIRGIN OLÍA
KJARNAFÆÐI
1698 KR.KG
K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
VILLIJURTA-KRYDDAÐAR
KOFAREYKT AÐ NORÐAN
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
BÓNUS
1598 KR.KG
ÚRBEINAÐUR HANGIFR.PARTUR
2598 KR.KG
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
Caj-P.
GRILLOLÍA
500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.
KALDAR GRILLSÓSUR
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
198 KR.
KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML: PIPARSÓSA- HVÍTLAUKSSÓSA
1398 KR.KG
ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
1298 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1198 KR.KG
K.S FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR
Ali
598 KR.KG
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
KJARNAFÆÐI
598 KR.KG
KJARNAFÆÐI REYKTUR GRÍSABÓGUR
Ali
998 KR.KG
ALI FESKAR GRÍSAKÓTILETTUR
ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
Ali
ALI BABYBACK GRÍSARIF 1498 KR KG.
Ali
Spareribs
ALI SPARERIBS 1198 KR.KG.
BÓNUS
FORSOÐNAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
298 KR.900g
FORSOÐNAR KARTÖFLUR 900g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# neytendur
hagur heimilanna

**3,2 MILLJÓNUM KRÓNA** eyddu erlendir aðilar með greiðslukortum hér á landi í apríl.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Matarsódi

*Matarsódi í öskubakkann*



Til að minnka lykt úr öskubökkum er gott að setja smá matarsóda í botninn á öllum öskubökkum heimilisins eftir að búið er að sápuþvo þá og þurrka. Bætið við nýjum matarsóda í hvert sinn sem öskubakki er tæmdur.

**VERÐMERKINGAR**

## NEYTENDASTOFA SEKTAR HÁRSNYRTISTOFUR



Neytendastofa sektaði fimm hársnyrtistofur fyrr í mánuðinum fyrir að hafa ekki sýnilega verðlista eða ófullnægjandi verðmerkingar á söluvörum. Hárgreiðslustofurnar eru Team, Salon VEH Húsi verslunarinnar, Prima Donna, snyrtistofan Carita og Amadeus. Þetta kemur fram á vef Neytendastofu.

Stofunum var öllum gefinn kostur á að koma verðmerkingum sínum í lag eftir að verðmerkingaeftirlit Neytendastofu kannaði hársnyrtistofur á höfuðborgarsvæðinu. Ofangreindar stofur fóru ekki að tilmælum og hefur stofnunin því lagt á þær stjórnvaldssektir ýmist að fjárhæð 50.000 krónur eða 100.000 krónur. Hársnyrtistofum og snyrtistofum ber skylda til að hafa sýnilegan verðlista yfir að minnsta kosti algengustu þjónustuþætti og að verðmerkja allar söluvörur sínar.









**ÖKUMENN SEKTAÐIR Í LAUGARDALNUM** Mikið hefur borið á óánægju ökumanna vegna átaks lögreglunnar í sektunum við Laugardalshöll að undanförnu. Um 7.000 bílastæði eru á svæðinu við höllina, sundlaugina, íþróttavöllinn og skautahöllina.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Greiddu 492 milljónir í mæla og sektir árið 2010

**Ökumenn Reykjavíkurborgar greiddu 492 milljónir króna í stöðumæla, aukastöðugjöld og stöðubrotagjöld á síðasta ári. Innkoma bílastæðasjóðs vegna gjalda hefur hækkað lítillega á síðustu árum en upphæðir gjalda hækkað töluvert.**

Mikið hefur verið fjallað um sektanir lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu við stórar samkomur. Bílastæðasjóður hefur tekið við svipuðum summum frá bifreiðaeigendum á síðustu árum, þrátt fyrir töluverðar hækkanir á gjöldum um mitt ár 2010.

Stöðubrotagjöld hækkuðu um helming, úr 2.500 krónum í 5.000 krónur. Sekt fyrir að leggja í stæði fatlaðra var fjórfölduð, úr 2.500 krónum í 10.000 krónur, og stöðumælasektir hækkuðu úr 1.500 krónum í 2.500 krónur.

„Þetta var löngu orðin tímabær hækkun þar sem það var ódýrara að fá á sig gjald af gjaldsvæði eitt í stað þess að borga allan daginn í stöðumæli,“ segir Birkir Rafn Kristjánsson, rekstrarstjóri Bílastæðasjóðs. Nú kostar 1.200 krónur að leggja allan daginn í gjaldstæði eitt.

En þrátt fyrir þessar miklu hækkanir hafa upphæðirnar sem ökumenn greiða til sjóðsins ekki hækkað mikið á síðustu árum.

Heildarupphæð stöðumælasekta lækkaði úr 164 milljónum árið 2009 í 151 milljón árið 2010.

„Á sama tíma og gjöldin hækkuðu byrjuðu seðlarnir að birtast í netbönkum fólks sem auðveldar því að borga fyrr,“ segir Birkir og bætir við að fólk sé að nýta sér afslætti í meiri mæli en áður, því haldist heildarupphæðirnar svipaðar þrátt fyrir hækkun gjalda.

sunna@frettabladid.is

### Heildarupphæðir yfir stöðumæla, gjöld og stöðubrot

| Ár | Stöðumælar | Aukastöðugjald* | Stöðubrotsgjöld | Alls |
|---|---|---|---|---|
| 2008 | 211 m.kr. | 154 m.kr. | 87 m.kr. | 425 |
| 2009 | 219 m.kr. | 164 m.kr | 83 m.kr. | 466 |
| 2010 | 255 m.kr. | 151 m.kr. | 86 m.kr. | 492 |

*Stöðumælasekt

Heimild: Bifreiðasjóður Reykjavíkur

### 10.000 króna sekt í bílastæði fatlaðra



**Stöðubrotsgjald – 5.000 krónur.** Þetta gjald er lagt á þegar bifreið er stöðvuð eða lagt undir bannmerki, stöðvuð uppi á gangstétt, of nærri gangbraut, á móti umferð eða við aðrar nánar tilteknar aðstæður. Sé gjald ógreitt 14 dögum eftir álagningu hækkar það í 7.500 krónur. Gjöld sem enn eru ógreidd 28 dögum eftir álagningu hækka í 10.000 krónur.

**Stöðubrotsgjald í bílastæði fatlaðra – 10.000 krónur.** Sé gjaldið ógreitt 14 dögum eftir álagningu er gjaldið 15.000 krónur. Sé það enn ógreitt eftir 28 daga hækkar það í 20.000 krónur.

**Aukastöðugjald (stöðumælasekt) – 2.500 krónur.** Sé gjaldið ógreitt 14 dögum eftir álagningu hækkar það í 3.750 krónur og gjöld sem enn eru ógreidd 28 dögum eftir álagningu hækka í 5.000 krónur.

*Heimild: Bifreiðasjóður Reykjavíkur*

### Ekki má stöðva ökutæki...

- Á gangbraut eða í minna en 5 metra fjarlægð áður en að henni er komið.
- Á vegamótum eða í minna en 5 metra fjarlægð frá næstu brún akbrautar.
- Þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós.
- Í göngum eða undir brú.
- Við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert.
- Þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt slíkri línu að torveldi akstur inn á rétta akrein.
- Á hringtorgi.
- Á merktu stæði fyrir leigubifreiðar til mannflutninga.
- Í minna en 15 metra fjarlægð frá merki fyrir biðstöð hópbifreiða.
- Í stæði fyrir fatlaða (sé maður ekki með tilskilin leyfi).

*Heimild: Umferðarstofa - Sekt: 5.000 til 10.000 krónur.*


Auglýsingasími
512 50 50


Allt sem þú þarft...

# Europris




58
COCA COLA
33 CL

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



# Gleðilega þjóðhátíð!



Snakk í úrvali
-20%



79
**TOPPUR**
0,5 ltr



99
**SPRITE ZERO**
1 ltr



6590
**VEISLUTJALD**
3 x 3 metrar
Hliðarveggur, kr 1790



3990
**KÚLUGRILL**
Ø 43 cm
Grillburstar, frá kr 359



89
**FÁNAVEIFA**
30x46 cm



-50%
á nammibar




499
**GRILLKOL, 2 KG**
Uppkveikilögur, 1 ltr, kr 599



14.990
**TUNNUGRILL**
H:92 cm, grillflötur: 76 x 40 cm
Tvær grillristar



4 stólar+ borð
21.990
**GARÐHÚSGÖGN**
Fjórir stólar og borð
Stálgrind
Sessur fylgja ekki

Tilboðin gilda í dag og á morgun, 17. júní.
**50% afsláttur á nammibar gildir einnig allar helgar.**

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri




# Ný frímerki

*safnaðu litlum listaverkum*

17. júní gefur Íslandspóstur út frímerki í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Frímerkin hlutu fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppni Íslandspósts sem var haldin af þessu tilefni.

Fyrstadagsumslög og gjafavörur með frímerkjunum eru fáanlegar á pósthúsum um land allt. Pósthús verður opið á Hrafnseyrarhátíð í Arnarfirði 17. júní.

Verslun Frímerkjasölunnar verður opin 17. júní frá kl. 13.00-16.00.


Kr. 90



Kr. 1.100

Kr. 1.000

Kr. 1.165

Kr. 1.155

Bréfspjald. Kr. 250

Kr. 3.180 stk.

Mappa sem inniheldur smáörkina og frímerkin tvö með Jóni Sigurðssyni. Kr. 2.350

Mappa sem inniheldur smáörkina með Jóni Sigurðssyni. Kr. 1.275

Kr. 3.470

Fyrstadagsumslög fást stimpluð 17. júní á Hrafnseyri við Arnarfjörð og í verslun Frímerkjasölunnar, Stórhöfða 29, 110 Reykjavík. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 • Fax: 580 1059
stamps@postur.is • www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN




# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

**219,5 STIG** er gengisvísitala krónunnarvið lok viðskipta í gær. Gengið hefur ekki verið veikara síðan um miðjan maí í fyrra. Gengið hefur veikst um rúm fimm prósent frá áramótum.


**MÁR GUÐMUNDSSON** Peningastefnunefnd Seðlabankans segir nýundirritaða kjarasamninga hafa aukið verðbólguþrýsting merkjanlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vextir óbreyttir en hækkanir líklegar

**Peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynnti í gær að vöxtum bankans yrði haldið óbreyttum um sinn. Það er þó mat nefndarinnar að verðbólguþrýstingur hafi aukist og því eru vaxtahækkanir líklegri en vaxtalækkanir á næstunni.**

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að halda vöxtum bankans óbreyttum um sinn. Stýrivextir eru því áfram 4,25 prósent. Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, segir hins vegar líkurnar hafa aukist á vaxtahækkunum á næstu misserum.

„Fram að þessum fundi vorum við að segja að jafn líklegt væri að vextir hækkuðu og að þeir lækkuðu. Núna erum við að segja að það sé líklegra að vextir lækki fremur en hitt,“ sagði Már við kynningu vaxtaákvörðunarinnar í gær.

Í yfirlýsingu frá peningastefnunefndinni segir að verðbólguhorfur hafi versnað, að minnsta kosti til skemmri tíma, og raunvextir lækkað. Horfur um hagvöxt og þróun á vinnumarkaði hafi hins vegar ekki breyst.

Þá kemur fram í yfirlýsingunni að verðbólga hafi hækkað nokkuð síðustu fjóra mánuði. Það er sagt skýrast meðal annars af lágu gengi krónunnar og nýlegum verðhækkunum á olíu og hrávörum. Áhrif þessara þátta eru hins vegar sögð ólíkleg til að vara lengi.

Ástæður aukins verðbólguþrýstings eru heldur þær að launahækkanir, sem kveðið er á um í nýundirrituðum kjarasamningum, eru hærri en svo að þær samræmist verðbólgumarkmiðinu. Þá gæti launaþrýstingur frá útflutningsgreinum orðið nokkur þegar efnahagsbatinn hér á landi færist í aukana.

Greiningardeild Íslandsbanka sagði í Morgunkorni sínu í gær ákvörðunina ekki hafa komið á óvart. Þar segir enn fremur að af yfirlýsingu peningastefnunefndarinnar megi sjá að nefndin sé að færa sig frá því gengismarkmiði sem peningastjórnunin hefur haft frá hruni, yfir í það verðbólgumarkmið sem var fyrir hrun.

Greiningardeild Arion banka segir skynsemissjónarmið hafa haft yfirhöndina við vaxtaákvörðunina. Jafnframt varar deildin við vaxtahækkunum í bráð meðan efnahagsbatinn sé enn brothættur.

magnusl@frettabladid.is

## Hagvaxtarspá bankans síst of há

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði hagvaxtarspá bankans síst of háa á blaðamannafundi í gær þar sem vaxtaákvörðun peningstefnunefndar bankans var kynnt. Már sagði í nýundirrituðum kjarasamningum felast fyrirheit frá stjórnvöldum um útgjöld sem nemi allt að þremur prósentum af landsframleiðslu. Sá slaki í ríkisfjármálunum sé einn þeirra þátta sem þrýsti á um aðhaldssamari peningamálastefnu á næstunni. Þá kom fram á fundinum að þær aflandskrónur sem seðlabankinn keypti í gjaldeyrisútboði í síðustu viku, verði seldar til innlendra eigenda gjaldeyris sem vilja innleysa hagnað af honum.

Apple viðurkennir að hafa stolið einkaleyfisvarinni snertiskjátækni frá Nokia:

# Sættir risanna styrkja Nokia

Sættir farsímarisanna Nokia og Apple nú í vikunni eru taldar styrkja verulega fjárhagsstöðu Nokia, sem allra síðustu misserin hefur verið að missa markaðshlutdeild á heimsmarkaði fyrir farsíma.

Bandaríska fyrirtækið Apple féllst á að greiða finnska fyrirtækinu Nokia gegn því að fallið verði frá öllum málaferlum. Með þessu viðurkennir Apple í reynd að hafa notað margvíslega tækni, sem finnska fyrirtækið þróaði og fékk einkaleyfi fyrir.

Nokia kærði Apple fyrst árið 2009 fyrir að nota snertiskjátækni í iPhone-símtækjum, sem komu fyrst á markað árið 2007. Nokia sagðist hafa fengið einkaleyfi fyrir þessa tækni áratug fyrr, eða strax árið 1997, og krefst þess að Apple greiði einkaleyfisþóknun fyrir afnotin.

Nokia hefur lagt fram fleiri kærur á hendur Apple, sem fyrir sitt leyti hefur einnig kært Nokia fyrir þrettán einkaleyfisbrot. Alls áttu þau í 46 málaferlum víðs vegar um heim, en luku þeim deilum á þriðjudag með fyrrgreindum sáttum.

Bæði fyrirtækin eru því talin njóta góðs af því, að ekkert verður úr frekari málaferlum.

Deilurnar milli Nokia og Apple eru engan veginn einu lagaþræturnar, sem stór símafyrirtæki eiga í, því Apple hefur kært taívanska HTC-fyrirtækið, sem notar Android-hugbúnað frá Google í sína síma. Þá hefur bandaríska hugbúnaðarfyrirtækið Microsoft kært Motorola, og snúast þær deilur einnig um Android-hugbúnaðinn.

- gb


**SELT ALLS STAÐAR** Nýjasti iPhone-síminn í verslun á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



# TILEFNI TIL AÐ FLAGGA!

## Formenta-fánastöng, íslenski fáninn og sökkull í einum pakka

- Fislétt, fellanleg glertrefjastöng (ekkert viðhald)
- **6** metra stöng vegur aðeins **23** kg
- Gylltur húnn setur svip á stöngina
- Snúningsfótur svo fáninn snúist síður utan um stöngina
- Stönginni fylgir fáni, fánalína, línufesting, stangarkúla (húnn), forsteyptur sökkull og festingar



Forsteyptur sökkull fylgir

**6 m stöng**
**Léttgreiðslur**
**14.150 kr.** í 6 mán.
**Fullt verð 84.900 kr.**

**7 m stöng**
**Léttgreiðslur**
**15.817 kr.** í 6 mán.
**Fullt verð 94.900 kr.**

**8 m stöng**
**Léttgreiðslur**
**16.650 kr.** í 6 mán.
**Fullt verð 99.900 kr.**

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Furðuleg umræða um Íslendinga í útlendum her:

# Herinn og hræsnin

Ekki var við öðru að búast en að fréttir af því að norski herinn leitaði að nýliðum á Íslandi leiddu af sér ný afbrigði hinnar furðulegu umræðu sem oftast fer af stað ef vopnaburð íslenzkra borgara ber á góma eða yfirleitt nokkur tengsl þeirra við hernaðarstarfsemi.

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður vinstri grænna og formaður utanríkismálanefndar Alþingis, var í fréttum Sjónvarpsins í fyrrakvöld afar hneykslaður á að Íslendingur í norska hernum hefði fengið að kynna möguleika á námi og herþjónustu í Noregi í þremur framhaldsskólum í Reykjavík. Árni sagði það „óviðeigandi“ og kallaði fólkið sem gengið hefur til liðs við norska herinn „fallbyssufóður“, sem væri „ginnt“ í herinn gegn því að fá ókeypis menntun. „Við erum vopnlaus og herlaus þjóð og ég tel að það sé eftirsóknarvert fyrir okkur,“ sagði Árni.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður menntamálanefndar, var sömuleiðis á því í fréttum RÚV í gær að kynningarnar í skólunum ættu ekki að viðgangast og væru komnar „út yfir það sem eðlilegt getur talizt“.

Að baki þessum ummælum stjórmálamannanna liggur væntanlega það algenga sjónarmið að hernaðarstarfsemi sé vond og Íslendingar séu betri en aðrir af því að þeir hafa engan her. Ekki megi menga íslenzka æsku með því að segja henni frá því að hægt sé að fá starf við herþjónustu í öðrum löndum.

Að minnsta kosti hjá sumum einkennist þetta sjónarmið þó af ákveðinni hræsni. Íslendingar eru ekki herlaus þjóð af því að við séum í eðli okkar eitthvað friðsamari eða betri en aðrar þjóðir. Þeir sem trúa slíku ættu kannski að kíkja aftur í Sturlungu eða frásagnir af Spánverjavígunum. Herleysi okkar er til komið vegna ýmissa sögulegra kringumstæðna. Landið var lengi undir erlendum yfirráðum, fjarlægðin frá öðrum ríkjum varði okkur lengi vel fyrir hugsanlegum innrásum og hér skorti einfaldlega fé og mannskap til að koma upp einhverjum trúverðugum vörnum.

Um það leyti sem lýðveldið var stofnað var nútímahernaður kominn á það stig að fjarlægðin var engin vörn lengur. Hins vegar blasti við að fámenn þjóð í stóru landi á hernaðarlega mikilvægum stað átti enga möguleika á að verja það sjálf og eins gott var að sleppa hernaðarbröltinu. Við fólum öðrum varnir landsins og gerum það enn, með tvíhliða varnarsamningi við Bandaríkin og veru okkar í Atlantshafsbandalaginu.

Vinstri græn trúa því að varnir séu óþarfar. Árni Þór Sigurðsson getur því verið sjálfum sér samkvæmur, þótt hann telji viðeigandi að tala niður til ungs fólks sem vill leggja fyrir sig starf sem í flestum löndum nýtur virðingar, meira að segja í öllum hinum norrænu, friðsömu velferðarríkjunum. Það er reyndar misskilningur hans ef hann heldur að herleysi Íslands sé ógnað með því að Íslendingar starfi í erlendum herjum, eins og mörg dæmi hafa verið um.

Skúli Helgason tilheyrir hins vegar flokki sem er fylgjandi varnarsamstarfi og veru Íslands í NATO. Honum finnst sjálfsagt að ríkisborgarar nágrannalandanna komi Íslandi til varnar ef hætta steðjar að landinu, en finnst í hæsta máta óeðlilegt að ungum, lögráða Íslendingum sé sagt frá þeim möguleika að starfa við hlið þeirra. Í því felst hræsnin.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hrina úrsagna

Erfitt getur reynst að meta starf leiðtoga trúfélaga, hvort þeir standa sig vel eða ekki. Einn mælikvarði hlýtur þó að vera hversu margir fylgja þeim að málum.

Þegar Karl Sigurbjörnsson varð trúarleiðtogi voru 244.893 í söfnuðinum hans. Íslendingar voru þá 272.381. Á meðan Íslendingum hefur fjölgað í 318.452 hefur fjölgað í söfnuði Karls um 2.352, þar eru nú 247.245. Á sama tíma hefur þeim sem standa utan trúfélaga fjölgað úr 5.591 í 14.091. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá er kominn aukinn kippur í úrsagnir úr þjóðkirkjunni síðan kirkjuþing var haldið í gær.

### Áfram á sömu braut?

Allt þetta vekur upp þær spurningar hvaða starf það er sem biskupinn segist eiga óunnið? Seint verður sagt að innan þjóðkirkjunnar sitji menn á friðarstóli og nægir að nefna deilur um hjónaband samkynhneigðra í því efni; ásamt auðvitað nýjustu fregnum af skýrslunni varðandi málefni Ólafs Skúlasonar. Varla ætlar biskup að halda áfram á sömu braut?





### Ó borg mín borg

Sumir leggja meira upp úr titlum og heitum en aðrir. Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogsbæ, er til að mynda sannfærður um að hagur bæjarins muni vænkast til muna verði skipt um nafn og hann heiti Kópavogsborg. Þá streymi stjórnsýslan yfir lækinn og bærinn blómstri.

Í þessu ljósi er kannski rétt að benda á að Reykjavík hefur verið höfuðstaður Íslendinga um nokkurt skeið, jafnvel þó að bæjarstjórn breyttist ekki í borgarstjórn fyrr en 1962, og trauðla mun það breytast í bráð.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ómakleg Orrahríð


Landsdómur



Kristinn H. Gunnarsson
fyrrverandi alþingismaður


Í aðsendri grein vegur Magnús Orri Schram ómaklega að Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Segir hann nánast berum orðum að Geir beri sjálfur ábyrgð á því að þurfa að verja sig fyrir úreltum Landsdómi. Rökstyður Magnús Orri þau ummæli sín með því að vísa til þess að Geir stóð að því í desember 2008 að setja lög um rannsóknarnefnd Alþingis án þess að leggja þá til breytingar á lagaákvæðum um ráðherraábyrgð og Landsdóm. Með þessum orðum er ákærandinn Magnús Orri Schram að varpa ábyrgð á eigin gerðum yfir á herðar þolandans í málshöfðuninni.

> Mat hvers og eins þingmanns verður óhjákvæmilega pólitískt og niðurstaðan eftir því.

Aðalatriðið, sem með réttu er gagnrýnt, er að stjórnmálamenn tókust á um það á pólitískum vettvangi hvaða stjórnmálamenn ætti að draga fyrir dómstól. Mat hvers og eins þingmanns verður óhjákvæmilega pólitískt og niðurstaðan eftir því. Alþingi með þingbundna ríkisstjórn er ógerningur með trúverðugum hætti að höfða mál gegn þeim sem gegnt hafa ráðherraembætti. Þetta þýðir ekki að ég sé að hvítþvo ráðherrana. Þvert á móti var ég gagnrýninn á störf ráðherra bæði þá og fyrr eins og lesa má í þingræðum mínum, til dæmis hinn 27. nóvember 2008.

Nauðsynlegt er að minna á að rannsóknarnefnd Alþingis var ætlað að leita sannleikans um aðdraganda og orsakir falls bankanna. Nefndinni var ekki falið dómsvald né heimild til að beita menn viðurlögum. Það var embætti sérstaks saksóknara sem annaðist sakamálarannsókn. Það var svo ákvörðun Alþingis ári seinna, í desember 2009, þegar skýrsla rannsóknarnefndarinnar lá fyrir, að skipa sérstaka þingmannanefnd til þess að meta hvort höfða ætti mál á hendur fyrrverandi ráðherrum fyrir Landsdómi. Þegar Magnús Orri Schram og aðrir alþingismenn höfðu ákveðið þetta áttu þeir að huga að lögunum um Landsdóm. Alþingi var í lófa lagið að breyta lögunum eða endurbæta eða ákveða að málaferlin yrðu fyrir almennum dómstólum. En það var ekki gert. Á því ber Magnús Orri ábyrgð og getur ekki vísað henni á Geir Haarde. Það er aldrei bót að pólitísku ákæruvaldi.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Forseti Íslands og stjórnarskráin

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
Prófessor



Rannsóknarnefnd Alþingis mælti með endurskoðun stjórnarskrárinnar vegna hrunsins með þeim rökum, að veik stjórnskipun er hluti vandans, sem keyrði Ísland í kaf. Þar ber kannski hæst óljós valdmörk og veikt mótvægi (e. checks and balances). Þessir veikleikar gerðu ríkisstjórninni kleift að fara sínu fram án nægs aðhalds og eftirlits af hálfu Alþingis og dómstóla. Þetta skiptir miklu m.a. vegna þess, að hrunið hér 2008 er mesta fjármálahrun, sem mælzt hefur á viðtekna kvarða frá því mælingar hófust eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku.

### Falskar andstæður

Sumir líta svo á, að val standi milli þingræðis af því tagi, sem við höfum búið við og sumir kalla flokksræði, og forsetaræðis, sem má skoða sem samheiti ýmissa hugmynda um, að handhafar framkvæmdarvalds séu kjörnir beint af þjóðinni án atbeina Alþingis eða þjóðkjörnum forseta Íslands séu falin ný verkefni. Ég lít málið öðrum augum. Þingræði og forsetaræði eru í mínum huga falskar andstæður. Ég tel, að hægt væri að sætta þessi sjónarmið og fara bil beggja í nýrri stjórnskipan, sem nýtir kosti beggja aðferða. Hugsunin er þessi. Ráðherravaldið hefur seilzt of langt innan þingræðisskipulags okkar. Skýrari valdmörk og sterkara mótvægi er hægt að tryggja með því að fækka verkefnum ráðherravaldsins til að draga úr ofurvaldi flokksforingja og reisa trausta eldveggi milli ólíkra valdþátta.

### Ný verkaskipting

Stjórnlagaráð og stjórnlaganefnd hafa þegar kynnt tillögur um að færa valdið til að skipa dómara og ríkissaksóknara frá innanríkisráðherra til forseta Íslands. Í áfangaskjali ráðsins stendur nú: „[Forseti Íslands] skipar dómara eða setur þá í embætti og veitir þeim lausn [án tillögu ráðherra]. Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda. Velji forseti ekki í embætti dómara einn þeirra sem nefndin telur hæfasta er skipun háð samþykki Alþingis.“ Hornklofarnir sýna, að eftir er að ákveða, hvort það á að vera forseti Íslands, sem skipar dómara, og hvort hann gerir það án tillögu ráðherra eða ekki. Tillöguna um, að forseta Íslands sé fært valdið til að skipa dómara og ríkissaksóknara án tillögu ráðherra eða ekki, má skoða sem fyrsta skrefið af mörgum í átt að sama valddreifingarmarki. Önnur skref að settu marki væru ákvæði sem þessi:

■ Forseti Íslands skipar forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem fylgist með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinnur að hagrannsóknum og er ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum samkvæmt lögum.

■ Forseti Íslands skipar forstjóra Hagstofu Íslands, sem vinnur að opinberri hagskýrslugerð samkvæmt lögum.

■ Forseti Íslands skipar forstjóra Seðlabanka Íslands, sem ber samkvæmt lögum að stuðla að stöðugu verðlagi og framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Forseti Finnlands skipar dómara og seðlabankastjóra þar í landi skv. tillögu ríkisstjórnar.

### Tvær flugur í einu höggi

Með slíkum ákvæðum væri í fyrsta lagi tekið af framkvæmdarvaldinu tæki til að raða flokkshestum í mikilvæg forustustörf í stjórnsýslunni svo sem ærin brögð hafa verið að til þessa dags. Í annan stað væri mikilvægum stofnunum ríkisins veitt vernd í stjórnarskrá og þá um leið girt fyrir hættuna á, að Alþingi leggi þessar stofnanir niður með lögum svo sem gert var við Þjóðhagsstofnun fyrir fáeinum árum með skaðvænum afleiðingum. Hér er gert ráð fyrir endurreisn Þjóðhagsstofnunar skv. ákvæði í stjórnarskrá. Stofnanirnar, sem ég hef tilgreint, þurfa með almannahag að leiðarljósi að vera sjálfstæðar gagnvart framkvæmdarvaldinu og óháðar stjórnmálahagsmunum. Eftir þessari tillögu gæti forseti Íslands ekki skipað forstjóra þessara stofnana upp á sitt eindæmi, heldur hefði hann sér við hlið lögbundna nefnd, helzt með erlendum sérfræðingum eftir atvikum, svo sem tíðkast við ráðningu háskólaprófessora og eins og segir í áfangaskjalinu um skipun dómara. Forseti Íslands þyrfti því að sæta aðhaldi og eftirliti lögbundinnar nefndar sérfræðinga og Alþingis, og forsetinn þyrfti auk þess að axla ábyrgð á þessum embættisverkum sínum eins og öðrum skv. stjórnarskrá eða lögum. Þó má ekki færa svo mikil völd til forsetans, að flokkarnir geti gert forsetakosningar flokkspólitískar og innlimað forsetavaldið í flokksvaldið. Þeir munu halda áfram að reyna.

> Tryggt skal með lögum að hæfni og málefnaleg sjónarmið ráði við veitingu embætta dómara. Lögbundin nefnd skal meta hæfi umsækjenda.

■ Forseti Íslands skipar forstjóra Ríkisendurskoðunar, sem endurskoðar ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins samkvæmt lögum.

■ Forseti Íslands skipar forstjóra Fjármálaeftirlits, sem hefur opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og fylgist með að hún sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem gilda um starfsemina.

■ Forseti Íslands skipar forstjóra Samkeppniseftirlits, sem miðar að því að efla virka samkeppni í viðskiptum samkvæmt lögum.

■ Forseti Íslands skipar umboðsmann Alþingis (eða almennings) til að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum.






# Landsdómur og sýndarréttarhöldin í Sovétríkjunum

Landsdómur

Hafsteinn Þór Hauksson
lektor í almennri lögfræði og réttarheimspeki við HÍ

> Um starfsemi Landsdóms hafa jafnframt verið sett og birt almenn lög. Landsdómur er því hluti hins íslenska réttarríkis. Sýndarréttarhöldin í Sovétríkjunum lutu hins vegar geðþótta Stalíns eins.

Í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins hefur Landsdómur þingfest mál Alþingis gegn ráðherra. Á næstu mánuðum mun Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra, verjast ákæru um vanrækslu í embætti. Eins og búast mátti við hefur ákvörðun meirihluta þingmanna um að kæra Geir leitt til skarpra skoðanaskipta og sætt harðri gagnrýni stuðningsmanna Geirs. Einn þeirra sem gagnrýnt hafa málareksturinn gegn Geir H. Haarde er Þorsteinn Pálsson, lögfræðingur og fyrrum dómsmálaráðherra. Laugardaginn 4. júní birtist grein eftir hann í þessu blaði undir yfirskriftinni „Gerska ævintýrið í nýrri útgáfu“. Þar víkur hann að sýndarréttarhöldum Stalíns yfir Búkharín í mars 1938. Í grein Þorsteins segir m.a.: „Réttarhöld Stalíns gegn Búkharín á ofanverðum fjórða áratug síðustu aldar eru þekkt dæmi um pólitískan málarekstur. Þeim verður alls ekki í einu og öllu jafnað til þeirra réttarhalda sem hefjast í næstu viku [þ.e. gegn Geir H. Haarde], af þeirri ástæðu að þar markaði dauðinn endalokin.“

Réttarhöldunum yfir Geir Haarde verður sem sagt að mati Þorsteins ekki „í einu og öllu“ jafnað til sýndarréttarhaldanna í Sovétríkjunum. Af greininni verður hins vegar ráðið að Þorsteinn telji að sá munur sem finna megi á þessum tvennum réttarhöldum sé helst sá að í Sovétríkjunum markaði dauðinn endalokin. Ég tel að engum sé greiði gerður með svo stórýrtri umræðu um málareksturinn gegn Geir H. Haarde. Áður en lengra er haldið skulum við huga að nokkrum atriðum sem greina réttarhöldin yfir fyrrverandi forsætisráðherra frá sýndarréttarhöldunum í Sovétríkjunum og Þorsteinn víkur ekki að í grein sinni.

Í fyrsta lagi er það að nefna að stjórnarskráin okkar hefur allt frá gildistöku kveðið á um að Alþingi geti höfðað mál gegn ráðherrum vegna embættisrekstrus þeirra. Þetta er sem sagt sú aðferð sem stjórnskipun okkar, og reyndar nágrannaþjóða okkar einnig, kveður á um telji þingheimur að ráðherrar hafi gerst sekir um embættisbrot. Um starfsemi Landsdóms hafa jafnframt verið sett og birt almenn lög. Landsdómur er því hluti hins íslenska réttarríkis. Sýndarréttarhöldin í Sovétríkjunum lutu hins vegar geðþótta Stalíns eins.

Staða sakborninga er líka æði ólík. Mál Geirs er til komið vegna þess að hann var forsætisráðherra þegar fjármálakerfi Íslands hrundi. Ákvörðun meirihluta þingsins um að höfða mál gegn honum var tekin í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og skýrslu þingmannanefndar um niðurstöður hennar. Fyrir Landsdómi mun Geir H. Haarde svara fyrir embættisfærslur sínar, ekki pólitískar skoðanir. Réttarhöldin yfir honum eru því ekki pólitísk, a.m.k. ekki í sama skilningi og sýndarréttarhöldin í Sovétríkjunum. Geir fær einnig tækifæri til að verjast þeim ásökunum sem felast í ákæru á hendur honum. Sakborningar Stalíns voru varnarlausir.

Aðalmunurinn — kjarni málsins er þó þessi: Sýndarréttarhöldin í Sovétríkjunum voru einmitt það, sýndarréttarhöld. Þau voru aftaka klædd í búning réttarhalda. Niðurstaðan var gefin fyrirfram. Dómarar höfðu ákveðið sekt sakbornings áður en málflutningur fór fram. Meðal dómara í Landsdómi eru reyndustu dómarar Hæstaréttar Íslands. Telur Þorsteinn að þeir og aðrir meðlimir dómsins séu þegar búnir að taka ákvörðun um að sakfella Geir H. Haarde? Með grein sinni gefur hann að minnsta kosti til kynna að dómararnir séu tilbúnir að taka þátt í pólitískum réttarhöldum sem líkja megi við — þó ekki „í einu og öllu“ sýndarréttarhöld í Sovétríkjunum. Það eru ekki léttvægar ásakanir úr penna fyrrverandi dómsmálaráðherra.

Þessar stuttu hugleiðingar nægja okkur til að sjá hversu ósanngjarnt það er að líkja réttarhöldunum yfir Geir H. Haarde við pólitísk réttarhöld á Stalínstímanum. Svo ekki sé talað um samlíkingu Tryggva Þórs Herbertssonar, þingmanns og prófessors, þegar hann leyfði sér að líkja saksóknara Alþingis við Lavrentí Bería, mann sem leiddi saklausa menn, konur og börn í dauðann í Sovétríkjunum sálugu.

Málflutningur af þessu tagi er ekki einungis til þess fallinn að ofurdramatísera Landsdómsmálið, heldur gerir auðvitað um leið lítið úr þjáningum og örvæntingu fórnarlamba Stalíns. Samlíking réttarhaldanna yfir Geir við sovésku sýndarréttarhöldin er því ekki bara ósanngjörn heldur einnig smekklaus.

Með þessari grein er ég ekki að lýsa yfir stuðningi við þá fordæmalausu ákvörðun meirihluta Alþingis að draga Geir H. Haarde, einn manna, fyrir Landsdóm. Hvað sem þeirri ákvörðun líður skiptir miklu máli að um dómsmálið sé fjallað af stillingu og skynsemi. Allt það góða fólk sem sinnir störfum í þágu grunnstofnana íslenska réttarkerfisins á heimtingu á því að um það sé fjallað af sanngirni og ekki grafið undan störfum þess með ómaklegum hætti. Þjóðfélagsumræðan á Íslandi er nógu eitruð af persónuníði og gífuryrðum þótt jafn vandaðir menn og Þorsteinn Pálsson leggi ekki sitt í púkkið.



# Árangur í baráttunni gegn utanvegaakstri

Umhverfisvernd

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Nú er hafið mesta ferðamannasumar Íslandssögunnar, ef marka má spár og þá þróun sem verið hefur það sem af er árinu. Tugþúsundum fleiri útlendingar munu sækja landið heim en á síðasta ári og Íslendingar hafa sjaldan eða aldrei verið duglegri að ferðast um landið sitt. Þetta er ánægjuleg þróun fyrir efnahag og byggðir landsins. Yfirvöld umhverfismála og ferðamála hafa tekið höndum saman við að tryggja uppbyggingu ferðamannastaða og vernd náttúruperlna, svo þær láti ekki á sjá vegna ágangs. Náttúruvernd og ferðaþjónusta og útivist geta og verða að fara saman.

Vaxandi umferð um landið fylgir aukin hætta á akstri utan vega með tilheyrandi náttúruspjöllum. Vandinn er meiri en víðast í nágrannaríkjum okkar, ekki síst vegna þess að leiðakerfi í óbyggðum er lítið skipulagt og illa merkt og lagaumhverfið óskýrt. Urmull korta, bæði rafræn og á pappír, gefa misvísandi upplýsingar. Dæmi eru um að torleiði og ljót hjólför séu merkt á korti á svipaðan hátt og greiðfærar og óumdeildar leiðir. Á hverju sumri berast fréttir af utanvegaakstri, oftast kannski vegna vanþekkingar og villuráfs, en stundum að því er virðist af hreinu skeytingarleysi.

> Það er líklega einsdæmi í okkar heimshluta að stór hluti leiðakerfis fyrir vélknúin ökutæki sé því sem næst utan skipulags.

**Aðgerðaáætlun – fyrstu vísbendingar**

Umhverfisráðuneytið hefur unnið eftir aðgerðaáætlun í því skyni að draga úr utanvegaakstri á síðustu misserum. Merki eru um að sú vinna sé að skila árangri. Tilvikum um utanvegaakstur fækkaði um 15-30% árið 2010 frá fyrra ári skv. tölum frá landvörðum og lögreglustjóraembættum. Að vísu er eftirlit með akstri utan vega ófullkomið og þessar tölur því ekki óyggjandi. Sums staðar virðist þróunin líka vera á verri veg, s.s. á Fjallabaki. Við skulum þó leyfa okkur að gleðjast yfir jákvæðum vísbendingum. Hluti af skýringunni á því er ábyggilega aukin fræðsla og vitund um skaðsemi utanvegaaksturs, en samráðshópur um þau efni hefur starfað um hríð með aðkomu fjölmargra aðila.

Þó er ekki gefið að þróunin verði áfram í þessa átt á sama tíma og búist er við enn auknum ferðamannastraumi og umferð. Til að mæta þeirri áskorun er brýnt að koma á heildstæðu kerfi óbyggðavega á Íslandi. Nú er vegakerfi landsins um 13.000 kílómetrar, eins og það er skilgreint í vegalögum, en utan þess er kannski annað eins af vegslóðum, sem hafa óljósa stöðu í lögum og skipulagi. Það er líklega einsdæmi í okkar heimshluta að stór hluti leiðakerfis fyrir vélknúin ökutæki sé því sem næst utan skipulags. Umhverfisráðuneytið hefur unnið að því um skeið með viðkomandi sveitarfélögum og Vegagerðinni að skilgreina leiðir á miðhálendinu. Einnig er unnið að því að skýra lagaumhverfið í tillögum sem fyrir liggja um breytingar á náttúruverndarlögum.

**Nýir tímar – breytt viðhorf**

Furðu stutt er síðan öræfi Íslands voru nær ónumið land; yfirskyggðir staðir. Það var ævintýrablær yfir þeim sem hættu sér fyrst þangað á fjórum hjólum og mörkuðu slóða í landið, sem sumir hverjir eru enn notaðir til umferðar. Það væri fráleitt að gagnrýna þessa frumkvöðla út frá sjónarhóli nútíma náttúruverndar, enda voru engar reglur um akstur utan vega í þá daga. Það verður þó líka að viðurkenna að þessi tími er liðinn. Tala þeirra sem sækja óbyggðir Íslands heim kann brátt að hlaupa á hundruðum þúsunda. Skipulagslaus umferð af þeirri stærðargráðu er ógn við viðkvæma náttúru, en er líka áhyggjuefni vegna öryggismála og hagsmuna ferðaþjónustu og útivistar. Ég finn fyrir miklum skilningi og vilja til þess að koma betra skipulagi á leiðakerfi í óbyggðum og vænti þess að stór skref verði stigin í þeim efnum á næstunni. Ég vona að þróunin verði áfram á réttan veg nú í sumar, þannig að áfram dragi úr akstri utan vega.

AF NETINU

**Vinstrihjarðmennska háskólafólks**

Hjarðmennska einkennir stóran hluta háskólafólks á Íslandi. Stór þjóðfélagsmál síðustu ára og misssera s.s. útrásin, ESB-umsóknin og Icesave-umræðan, hafa leitt í ljós yfirþyrmandi hérahátt og heimsku meðal háskólafólks.

Útrásarauðmenn keyptu sér velvild og þjónustu háskólamanna. Þegar Baugsfylkingin komst til valda í stjórnarráðinu var einfalt fyrir háskólaliðið að veðsetja sannfæringu sína valdhöfum með sömu afbrigðilegu hneigðina og það sjálft sem er að binda trúnað við vald og auð. Heiðarlegar undantekningar eru á þessum heilkennum en þær eru fáar og langt á milli þeirra.

Háskólar eiga að heita miðstöðvar gagnrýnnar hugsunar. Íslensku háskólarnir eru meira í ætt við þjónustustofnanir fyrir atvinnulífið og stjórnkerfið.

pallvil.blog.is

**Páll Vilhjálmsson**

Sæktu um skuldalækkun strax í dag

**Skuldalækkun Landsbankans** verður aðeins í boði í fáeinar vikur. Sæktu strax um að lækka skuldir þínar áður en frestur rennur út.

| | |
|---|---|
| 1. júlí | **Lækkun fasteignaskulda -** Þú sækir um í næsta útibúi |
| 15. júlí | **Lækkun annarra skulda -** Þú sækir um í netbankanum |

**Ekki þarf að sækja um lækkun fasteignaskulda ef öll áhvílandi lán eru í Landsbankanum.** Sækja þarf um ef önnur lánafyrirtæki þurfa að færa niður skuldir. **Ekki þarf að sækja um endurgreiðslu vaxta**. Skilmála og nánari upplýsingar um skuldalækkun Landsbankans má finna á heimasíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Uppgjör við hrunið snýst um sannleikann

Landsdómur

Ragnar Halldórsson
ráðgjafi



Formaður hinna svokölluðu Vinstri grænna, Steingrímur J. Sigfússon, segir í viðtali við Fréttablaðið 11. júní að þingmenn flokksins hafi verið samkvæmir sjálfum sér í gegnum alla atkvæðagreiðsluna sem sendi fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins einan í svokallaðan landsdóm, án ákæru eða undangenginnar rannsóknar. Átti hann við; samkvæmir sjálfum sér í að tilgangurinn helgaði meðalið? „Allt tal um að þetta hafi beinst að einum frekar en öðrum stenst ekki skoðun, né heldur tal um pólitíska herferð“ sagði formaður eina öfgasinnaða vinstriflokksins á Íslandi og ætlast til að vel gefið fólk trúi honum.

**Heildarmyndin**

Sannleikurinn er sagna bestur segir gamalt íslenskt máltæki. Og við skoðun blasir hann við öllum sem sjá vilja: Sama fólk og sakaði gömlu bankana um að fara á svig við lög virðist núna ekki aðeins misnota þau, heldur allt íslenska réttarkerfið, Alþingi og aðrar stofnanir þjóðfélagsins til að níðast á lögum og rétti í pólitískum tilgangi. Orðin réttlæti, mannréttindi og sannleikur eru að glata merkingu sinni í meðförum þeirra. Atlanefndin svokallaða rannsakaði ekkert. Hún bara ákvað eitthvað. Rannsóknarlaust réði hún saksóknara í feitt embætti sem rannsakaði ekkert heldur, heldur gaf út rökstuðningslausa ákæru út í loftið á meðan framkvæmdarvaldið dundaði við að breyta lögum um landsdóm til að þau hentuðu betur öfgavinstrisinnuðum pólitískum eineltisofsóknum.

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis var ekki ákæruskjal heldur leit að sannleikanum um þátt Íslands í eigin hruni. Hún skoðaði ekki aðra utanaðkomandi þætti eins og alþjóðahrunið. Aðeins okkar þátt. Og þá vantar auðvitað helling í heildarmyndina. Því alþjóðahrunið átti auðvitað stærsta þáttinn í hruninu á Íslandi. Og líka árásir fyrrverandi ríkisstjórnar Bretlands, sem gjöreyðilagði tiltrú umheimsins á Íslandi sem fjármálamiðstöð með því að lýsa landið gjaldþrota í beinni útsendingu og setja fjármálaráðuneytið og Seðlabankann á lista yfir hryðjuverkasamtök ásamt Landsbankanum.

Það er gott og heilbrigt að skoða okkar þátt í hruninu og gera hann upp. En maður gerir það ekki með því að einangra málið við okkar þátt og klippa út úr heildarmyndinni aðra þætti sem höfðu úrslitaþýðingu. Eða með því að misnota Alþingi og réttarkerfið til að koma höggi á einn einstakling, klína á hann sökum án undangenginnar rannsóknar og láta eins og hann einn hafi borið ábyrgð á þessu öllu. Hver átti hugmyndina?

**Sannleikurinn**

Ríkisstjórn Geirs frá 2007 hafði verið við völd í rúmt ár þegar alþjóðahrunið skall á. Lagaumgjörð bankanna var mótuð löngu fyrir þann tíma. Af meirihluta Alþingis.

> Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis var ekki ákæruskjal heldur leit að sannleikanum um þátt Íslands í eigin hruni.

Undir forystu ríkisstjórna sem voru leiddar af öðrum stjórnarflokksformönnum en Geir. Og ef lögum um banka var ábótavant á þeim tíma báru tugir, jafnvel vel á annað hundrað manns ábyrgð á því. Bæði oddvitar þáverandi ríkisstjórna, alþingismenn og eftirlitsstofnanir. Og líka stjórnarandstaðan á þeim tíma. Enginn í stjórnarandstöðunni á þeim tíma benti á afmörkuð atriði sem var ábótavant í löggjöf um banka ef til alþjóðahruns kæmi. Þess vegna verða sakirnar sem vinstriöfgafólk vill núna fá Geir dæmdan í fangelsi fyrir enn kostulegri og í raun óhugnanlegri en ætla mætti við fyrstu sýn.

Uppgjör við hrunið snýst um sannleikann. Ekki afbökun á honum. Né réttlætinu. Og maður leitar sannleikans. Með réttlátri rannsókn. Löglegri málsmeðferð. Þess vegna eru orðin réttlæti, mannréttindi og sannleikur náskyld hugtök. Því um leið og maður svívirðir réttlætið og mannréttindin afbakast sannleikurinn. Sú saga blasir við öllu vel gefnu fólki sem á horfir. En þá sögu fáum við ekki að heyra frá formanni Vinstri grænna þótt hann virðist aðalhöfundur hennar.




# Sátt um Rammaáætlun

Rammaáætlun

Katrín Júlíusdóttir
iðnaðarráðherra



Eitt af stóru verkefnunum í orkumálum Íslands er að ná sátt og samstöðu meðal þjóðarinnar um hvar skuli virkja og hvar skuli vernda. Frá árinu 2007 hefur verið starfandi verkefnisstjórn um gerð Rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Í Rammaáætlun eru allir hugsanlegir virkjunarkostir metnir og flokkaðir niður eftir langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta. Flokkarnir eru þrír; Verndarflokkur en í hann falla virkjunarhugmyndir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Nýtingarflokkur en í hann eru settir virkjanakostir sem talið er að ráðast megi í að uppfylltum öllum skilyrðum. Biðflokkur er þriðji flokkurinn en í hann falla virkjunar- og verndarkostir sem talið er að þurfi frekari skoðunar við. Ætlað er að á grunni tillagna verkefnisstjórnar Rammaáætlunar verði lögð fram tillaga til þingsályktunar á Alþingi í haust, um verndar- og orkunýtingaráætlun, sem mun skapa Rammaáætlun ákveðna stöðu að lögum.

**Segjum skilið við götótt lagaumhverfi**

Guðmundur Hörður Guðmundsson formaður Landverndar skrifar í gær grein sem birtist á vísir.is þar sem hann spyr hvort ætlun mín og ráðuneytis míns sé að slíta þann frið sem ríkt hefur um Rammaáætlun. Svarið við þeirri spurningu er nei.

Þann 2 maí sl. í viðtali við Ríkissjónvarpið kom fram að ég sem iðnaðarráðherra hefði talið það óheppilegt að rannsóknarleyfi fyrir rannsóknum í Grændal hefði verið veitt til Sunnlenskrar orku áður en ljóst væri hvort svæðið yrði sett í verndunarflokk í Rammaáætlun.

Eins og Guðmundur á að vita þá er ekki haft samráð við iðnaðarráðuneytið um leyfisveitingu sem þessa þar sem ákvörðunin er kæranleg til ráðherra. Eins benti ég á hinn 4. júní sl. á vísir.is að lagaumhverfið væri götótt hvað varðar rannsóknarleyfi og nauðsynlegt væri að koma þessum rannsóknarleyfum inn í lagaumhverfi rammaáætlunar. Einnig kom fram að ég óskaði eftir frekari rökstuðningi frá Orkustofnun fyrir veitingu rannsóknarleyfisins. Orkustofnun taldi að stofnuninni væri skylt að veita leyfi til rannsókna út frá núgildandi lögum þar sem skilyrðum fyrir leyfi til rannsókna væri fullnægt, sem staðfestir enn mikilvægi þess að við komum okkur sem fyrst inn í skýrt lagaumhverfi Rammaáætlunar.

**Vafinn náttúrunnar megin**

Rétt er að benda á að RARIK, fyrir hönd Sunnlenskrar orku hefur lýst því yfir að rannsóknarleyfi þeirra verði ekki nýtt fyrr en Rammaáætlun liggur fyrir og ber að þakka framlag þeirra við að ná sátt í málaflokknum. Við Guðmundur Hörður deilum vilja og áhuga á að Rammaáætlun verði leiðarljósið inn í framtíðina og skapi heildarsýn og sátt í viðkvæmum málaflokki. Með Rammaáætlun verður vafinn náttúrunnar megin á öllum stigum málsins. Um það hljótum við öll að geta verið sammála.

# Strembin nótt

Heilbrigðismál

Elsa Hrund Jensdóttir
hjúkrunarfræðingur á Bráðamóttöku barna



Föstudagur 27. maí 2011

Ég mæti á næturvakt, sem hefst klukkan 23.15.

Biðstofan er nokkuð þétt setin og ég veit strax að mín bíður strembin nótt.

Maður finnur það einhvern veginn á lyktinni og andrúmsloftinu.

Kvöldvaktin tekur á móti mér með stirðu brosi og reynir að gantast með ástandið. Ég sest í sófann, opna sódavatnsflöskuna og virði fyrir mér sjúklingamengi næturinnar.

Það gefur að líta fjölbreytta flóru sjúkdóma og einkenna, sum barnanna virðast lítið lasin en önnur eru mikið veik og þurfa flókna og mikla aðstoð.

Ein samstarfskvenna minna les í svip minn og býðst til að vera lengur, hjálpa okkur yfir erfiðasta hjallann. Hún grínast aðeins (með alvörublendnum undirtóni) með brot á yfirvinnubanni, sem þessi skitni yfirvinnutími hefur í för með sér.

Hinn hjúkrunarfræðingurinn mætir á næturvaktina og við stöppum stálinu hvor í aðra. Kvöldvaktin fer úrvinda heim – þær eiga jú að mæta aftur eftir átta og hálfan tíma.

Við taka hlaup og hröð handtök í nokkrar klukkustundir. Flestir útskrifast til síns heima eftir að hafa fengið stíl í bossann eða friðarpípu og foreldrarnir ráðleggingar og útskýringar. Aðrir þurfa ítarlegri uppvinnslu og leggjast svo inn til áframhaldandi meðferðar eða fá að kúra hjá okkur undir eftirliti.

Þegar sjúklingum hefur fækkað, upplýsingar hafa verið skráðar í þar til gert tölvukerfi og allt er fallið í ljúfa löð hefjast næturverkin. Taka þarf til á stofum, tæma yfirfullar ruslatunnur, þrífa skoðunarbekki og fylla á skápa. Ganga þarf úr skugga um að allar bráðagræjur séu tilbúnar til síns brúks á öllum stofum deildarinnar. Fylla þarf á blóðtökuvagna, fara yfir lyfjabirgðir og taka úr uppþvottavélinni. Akútherbergið þarf svo auðvitað að vera í toppstandi.

Á meðan á þessari tiltekt stendur halda áfram að tínast inn lasin kríli. Deildarlæknirinn hleypur milli hæða, skýst í fæðingar, upp á vökudeild, inn á legudeildir og svarar köllunum okkar. Henni tekst að halda brosinu alveg fram undir morgun, 16 tímar taka sinn toll þegar varla gefst færi á að setjast niður.

Síminn hringir stöðugt. Á hinum endanum eru foreldrar í vandræðum og leysum við úr þeim eftir bestu getu.

Klukkan er allt í einu orðin hálf sex og enn koma 2 börn. Þolinmæðin er minni og lítið eftir á tanknum fyrir þreytta og hrædda foreldra en ég geri mitt besta og vona að brosið nái til augnanna.

Morgunvaktin kemur rétt fyrir átta, ennþá úrvinda. Þær sofnuðu seint, enda erfitt að leggjast beint upp í rúm eftir svona hasar.

Ég er komin heim upp úr hálf níu. Kíki á fréttamiðla og Facebook og sé enn einu sinni frétt um flugumferðarstjóra í launaviðræðum. Það fýkur í mig. Hvað fæ ég í laun fyrir stressið og álagið í vinnunni minni? Tja, við skulum segja að það sé asskoti langt í milljónina, ég á mun styttra í núllið.

A Member of
The Linde Group | AGA




# AGA GAS ER ÖRUGGT VAL HEIMA OG Í FRÍINU

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fáir góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA. Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

**ÍSAGA ehf. • www.gas.is**
**Breiðhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 5773000**

***Söluaðilar ÍSAGA ehf. á höfuðborgarsvæðinu:***
*ÍSAGA:* Breiðhöfða 11 og Eyrartröð 8, Hafnarfirði - *Verslanir BYKO - Atlantsolía,* Kópavogsbraut

***Umboðsmenn ÍSAGA ehf á landsbyggðinni:***
*Selfoss:* Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548. *Vestmannaeyjar:* Neta- og karaverkstæði Nethamars, s. 481 3226. *Sauðárkrókur:* Byggingarvörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626. *Reyðarfjörður:* Landflutningar–Samskip, s. 458 8840. *Ísafjörður:* Þröstur Marsellíusson hf, s. 456 3349. *Akureyri:* Sandblástur og málmhúðun hf, s. 460 1515.

SHARP

SHARP styrkir UEFA EURO 2012, undir 21 árs keppnina 2011 og 2013, Evrópukeppni landsliða kvenna 2013 og Futsal.




- SHARP hefur þróað nýja skjátækni Quattron og hefur hlotið fyrir hin eftirsóttu EISA verðlaun.
- 4 LITA QUATTRON skjátæknin bætir nýrri vídd og dýpt í litaflóruna og skilar einstökum myndgæðum.
- Kíktu inn og kynntu þér betur þessi hágæða sjónvarpstæki!

NÝTT!

SHARP LED–SJÓNVARP

Byltingarkennt og glæsilegt verðlaunasjónvarp

Skjástærð 40" og 46" · Full-HD panel með QUATTRON TÆKNI (1920x1080 X 4) · (DVB-T / DVB-C/ DVB-S), MPEG2 / MPEG4 H.264 · Mega-Contrast · 100 Hz tvöfaldar myndtíðnina · USB tengi fyrir ljósmyndir, tónlist og kvikmyndir · 4 HDMI tengi

TILBOÐSVERÐ: 40" – frá kr. 179.900,-

SHARP HLJÓMTÆKI



XL-UH1H
Útvarp · Geislaspilari · 2x10W magnari · USB afspilun
~~Listaverð: 28.900,-~~
Tilboðsverð: 23.900,-

XL-HF200PH
Útvarp · Geislaspilari · 2x50W magnari · i-Pod vagga · USB afspilun
~~Listaverð: 69.900,-~~
Tilboðsverð: 59.900,-

SHARP LJÓSRITUN–PRENTUN



MX-M160DSW
Prentari/ljósritunarvél/litaskanni
Prentar og ljósritar 16 eintök pr. mínútu
Frumrita og afritastærð A6-A3
~~Listaverð: 109.900,-~~
Tilboðsverð: 89.900,-

AL-2041SE
Prentari/ljósritunarvél/litaskanni
Prentar og ljósritar 20 eintök pr. mínútu
Frumrita og afritastærð A6-A4
~~Listaverð: 249.900,-~~
Tilboðsverð: 199.900,-

SHARP SJÓÐVÉL · AFGREIÐSLUKERFI



XE-A203B
Verð: 69.900,-

UP-V550
RÉTTA LAUSNIN fyrir hverskonar rekstrarumhverfi.

SHARP SKJÁVARPAR · REIKNIVÉLAR



PG-D-2500X
EL-531XG
EL-R277
EL-2607PG

Alltaf gæði og gott verð!

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS


# Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins. Hugsum málið aftur


Landbúnaður

Björn Sigurbjörnsson
fv. ráðuneytisstjóri í landbúnaðarráðuneytinu




Töluvert hefur verið birt í blöðunum að undanförnu af gagnlegum upplýsingum um landbúnaðarstefnu ESB. Umfjöllun um hana hefur verið af ýmsu tagi og sýnist sitt hverjum sem algengt er um flókin og afdrifarík málefni. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir því hvaða stefnumál ESB leggur aðaláherslu á og hver aðalmarkmiðin eru fyrir utan það að tryggja tollfrítt flæði búvara á innri mörkuðum sambandsins. Hér er aðeins rúm til að stikla á stóru.

Það kemur greinilega fram að ESB leggur höfuðáherslu á eflingu og velferð dreifbýlis í ríkjum sambandsins og tekur það markmið fram yfir stuðning við framleiðslu í einstökum, völdum búgreinum. Þetta kom fyrst fram í þróun blómlegra byggða í Alpafjöllunum og öðrum fjallbyggðum á ESB-svæðinu, þar sem skilyrði til búvöruframleiðslu eru fremur bágborin. Í stað framleiðslutengdra styrkja, eins og tíðkast hérlendis í völdum búgreinum, er lögð áhersla á eflingu byggða í dreifbýli, verndun umhverfis í sveitum, s.s. verndun votlendis, aðgæslu og vandvirkni í notkun áburðar og eiturefna. Þá er áhersla lögð á bætta meðferð búfjár og velferð þess og viðhald og ræktun skóglendis. Mikil áhersla er lögð á menningarstarfsemi til sveita og eflingu félagslífs og upplýsingatækni, nýtingu endurnýjanlegrar orku og stuðning við nýliðun í landbúnaði o.fl. Ýmis sérákvæði gætu komið íslenskum landbúnaði til góða. Svæði norðan 62. breiddargráðu eru skilgreind sem harðbýl svæði og er því heimilt að styrkja búskap á þeim sérstaklega. Dæmi um slík svæði eru nyrstu hlutar Svíþjóðar og Finnlands. Ísland allt er norðan 62. breiddargráðu. Þá eru önnur svæði styrkt sérstaklega sem annaðhvort liggja langt frá innri mörkuðum Evrópu eða búa við erfið náttúruleg skilyrði til búskapar. Dæmi um þau eru Azoreyjar. Með slíkum stuðningi má koma í veg fyrir að erfið búskaparskilyrði minnki samkeppnishæfni og að rask komist á búsetu í dreifbýli. Ísland er jafnvel verr sett en Azoreyjar í þessu tilliti. Stuðningskerfi ESB virðist því vel henta íslenskum búskaparháttum, samhliða verndun náttúrunnar.

> Þá er rétt að geta þess að búfjárbúskapur nýtur meiri styrkja en aðrar búgreinar í ESB-löndum.

Þá er rétt að geta þess að búfjárbúskapur nýtur meiri styrkja en aðrar búgreinar í ESB-löndum. Þessi áhersla á byggðasjónarmið og að efla mannlíf í dreifbýli hefur leitt til þess að ESB hefur lagt niður framleiðslutengda styrki til landbúnaðar, en miðar styrkjakerfi sitt frekar við landnotkun og styrkir eru því greiddir per hektara eftir því hver notkun landsins er. Mér sýnist á þessu að ESB vilji stuðla að því að land sé í byggð óháð því hvort þar er framleidd búvara og að íbúar í dreifbýli geti stundað hvers konar aðra atvinnu sem hægt er að lifa á, s.s. ferðamennsku, úrvinnslu hráefna, heimilisiðnað og sölu varnings frá býli o.fl. Þar sem eitt aðaleinkenni samstarfs ESB-ríkjanna er frjáls verslun á innri mörkuðum þeirra, myndi tollvernd búvara falla niður hér með afdrifaríkum afleiðingum fyrir sumar búgreinar. Mér sýnist því að áhrif inngöngu Íslands í ESB gæti leitt til þess að sauðfjárrækt og nautgriparækt, ásamt ferðaþjónustu, skógrækt, ræktun ýmissa garðávaxta og ýmisleg önnur starfsemi, gætu haldið áfram að dafna og skapa þeim sem þetta stunda viðunandi framfærslu. Á hinn bóginn gæti aðild leitt til þess að okkar eini kalkúnabóndi, okkar ca 4 svínabændur og 10-20 kjúklinga- og eggjaframleiðendur gætu lent í erfiðri samkeppni þar sem framleiðsla þeirra, a.m.k. enn sem komið er, byggist að mestu á innflutningi fóðurs sem ræktað er á erlendu akurlendi.

Þegar ég las þetta yfir fannst mér eins og megin innihald þessarar áhugaverðu landbúnaðarstefnu ESB gæti sómt sér vel í stefnuskrá Vinstri grænna og reyndar nær allra hinna stjórnmálaflokkanna á Íslandi, nema ef vera skyldi Samfylkingarinnar sem er þó eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur inngöngu Íslands í ESB á stefnuskrá sinni! Þurfa ekki hinir flokkarnir að leggjast undir feld og skoða ESB og landbúnaðarmálin betur?

# Menntun


Réttindi fatlaðra

Skúli Steinar Pétursson
sendiherra samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks




Ég var í rauninni ekki velkominn í háskólanám. Það var ekki gert ráð fyrir mér af því að ég er með fötlun.

Ég vil geta fyllt út umsókn í háskóla. Ég vil líka fá að velja námsbrautir og námsgreinar eftir áhugasviði mínu. Það er mikilvægt að allt fatlað fólk sé velkomið í hvaða skóla sem er. Við eigum rétt á því að velja skóla, skóla án aðgreiningar.

Við eigum rétt á því að velja sömu námsbrautir eins og ófatlaðir á öllum skólastigum.

Í 24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um menntun. Þar segir:

„...að fatlað fólk sé ekki útilokað frá hinu almenna menntakerfi vegna fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi, eða námi á framhaldsskólastigi, vegna fötlunar,....“

Þar segir líka:

„Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að hefja almennt nám á háskólastigi og að það fái aðgang að starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við aðra. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.“

> Við eigum rétt á því að velja sömu námsbrautir eins og ófatlaðir á öllum skólastigum.

Í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum þarf að vera nám með stuðningi fyrir fatlaða nemendur sem þurfa meiri tíma til þess að læra námsefnið.

Mér finnst að fatlaðir nemendur eigi ekki að vera í sérdeildum. Þeir eiga að vera í bekk með ófötluðum nemendum. Við eigum rétt á að vera í okkar hverfisskóla.

**Það sem þarf að gera:**

- Breyta viðhorfi til fatlaðs fólks.
- Tryggja fötluðum nemendum öryggi í skólum.
- Koma í veg fyrir að fatlaðir nemendur séu lagðir í einelti.
- Menntakerfið þarf að bæta skólana almennt.
- Stuðningur fyrir fatlaða á að vera í öllum almennum skólum.
- Það eiga ekki að vera sérskólar fyrir fatlað fólk.
- Fatlað fólk þarf að vera velkomið í alla skóla.
- Það þarf að bæta kennslufræðina og námsefnið á öllum skólastigum.

Fólk með fötlun þroskast betur félagslega með því að vera í skóla án aðgreiningar. Allir verða hamingjusamari þegar allt fólk á sama rétt til þátttöku í heilbrigðu samfélagi.




30 daga hreinsun á mataræði!

með Davíð Kristinssyni næringar- og lífsstílsþjálfara.
Innifalið í námskeiði er uppfærð handbók með öllum upplýsingum sem þú þarft og 30 daga framhaldsmatseðli
Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5.

Fimmtudaginn 23. júní kl. 20:30 - 22:30

Skráning og nánari upplýsingar á www.30.is og í síma 864 9155.
Námskeiðsgjald kr. 5.900 kr.

Láttu þér líða vel og vertu í formi í sumar!

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið


ÚTILÍF
speedo
SUNDRÍKT SUMAR
BIKINÍ, SUNDBOLIR OG SUNDBUXUR. FRÁBÆR TILBOÐ Á VÖLDUM SUNDFATNAÐI.
SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR SUNDIÐ Í ÚTILÍF.
TILBOÐ: 9.590 KR.
SPEEDO DÖMU SUNDBOLUR.
Stærð: 36-46.
Almennt verð: 11.990 kr.
TILBOÐ: 7.190 KR.
SPEEDO DÖMU TANKINÍ.
Stærð: 36-42.
Almennt verð: 8.990 kr.
TILBOÐ: 7.190 KR.
SPEEDO DÖMU BIKINÍ.
Stærð: 36-42.
Almennt verð: 8.990 kr.
TILBOÐ: 9.590 KR.
SPEEDO DÖMU SUNDBOLUR.
Stærð: 36-50.
Almennt verð: 11.990 kr.
TILBOÐ: 6.390 KR.
SPEEDO DÖMU BIKINÍ.
Stærð: 36-42.
Almennt verð: 7.990 kr.
TILBOÐ: 4.790 KR.
SPEEDO STELPU BIKINÍ.
Stærð: 140-176.
Almennt verð: 5.990 kr.
TILBOÐ: 3.990 KR.
SPEEDO STRÁKA STUTTBUXUR.
Stærð: S-XXL.
Almennt verð: 4.990 kr.
TILBOÐ: 4.790 KR.
SPEEDO STELPU BOXER-BIKINÍ.
Stærð: 140-176.
Almennt verð: 5.990 kr.
TILBOÐ: 3.190 KR.
SPEEDO STELPU SUNDBOLUR.
Stærð: 1-6 ára.
Almennt verð: 3.990 kr.
TILBOÐ: 5.590 KR.
SPEEDO HERRA SUND-STUTTBUXUR.
Stærð: S-XXL.
Almennt verð: 6.990 kr.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**RAPPARINN TUPAC SHAKUR** (1971-1996) fæddist þennan dag.

*„Ég ber engan kvíðboga fyrir dauðanum, en ég óttast það eitt að endurfæðast á þessari jörð.“*



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Sveinn Jónsson**

andaðist föstudaginn 10. júní sl. á líknardeild Bispebjerg hospital, Kaupmannahöfn. Útför hans verður gerð frá Simon Peters Kirke í Kaupmannahöfn föstudaginn 17. júní kl. 12.00.

**Vibe Anderberg**
**Freyja Sveinsdóttir Anderberg**
**Toke Sveinsson Anderberg**
**Eske Sveinsson Anderberg**
**Jón Stefánsson** **Svava Torfadóttir**
**Annet Anderberg**
**Bjarni Jónsson**
**Guðrún Jónsdóttir**
**Erna Jónsdóttir**
**Anna Jónsdóttir**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Pétursdóttur**
Hrafnistu, Hafnarfirði.

**Jón Guðnason** **Kolbrún Hámundardóttir**
**Ásdís Guðnadóttir**
**Guðný Sigrún Guðnadóttir**
**Guðrún Petra Guðnadóttir** **Þorsteinn Arthursson**
**Guðni Guðnason** **Rósa Sólrún Jónsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Okkar ástkæra,*

**Guðrún Guðmundsdóttir**
kjólameistari.

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 13. júní síðastliðinn.

**Guðmundur Helgi Haraldsson** **Helga Þorkelsdóttir**
**Kristrún Haraldsdóttir** **Þorbjörn Rúnar Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Elskuleg móðir okkar og systir,*

**Ingibjörg Jónasdóttir,**
Grandavegi 47,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 13. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Anna Þóra Björnsdóttir**
**Guðný Jónasdóttir**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


VILMUNDUR HANSEN: HEFUR SKRIFAÐ NÝJA BÓK UM ÁRSTÍÐIRNAR Í GARÐINUM

## Tunglið hefur áhrif á sáningu

Árstíðirnar í garðinum nefnist nýútkomin bók sem skiptist í fjóra meginkafla, vor sumar, haust og vetur. Þar er fjallað um það sem tengist hverjum árstíma bæði í garðverkum og plöntuvali og sagt frá fjölmörgum tegundum blóma, trjáa og runna, ásamt grænmeti og kryddi. Sumarhúsið og garðurinn gefur bókina út en höfundur er Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur, blaðamaður og þjóðfræðingur.

„Til að dýpka textann og lífga upp á hann bætti ég smá plöntuþjóðfræði inn í hann,“ segir Vilmundur og útskýrir nánar. „Þarna er sitthvað um hollustu plantna og hvernig plöntur hafa verið nýttar gegnum tíðina, hvaða áhrif tunglið hefur á sáningu, hvernig viður ákveðinna trjáa var notaður til smíða, hvaða tré á að gróðursetja upp við hús til að bægja eldingum frá og ýmislegt fleira. Þetta á bæði við um íslenskar plöntur og erlendar. Margar tegundir sem lýst er í bókinni eru innfluttar og erlendis er átrúnaður á plöntur ekki síður algengur en hér á landi.“

Árstíðirnar í garðinum er fimmta bókin í flokknum Við ræktum sem Sumarhúsið og garðurinn gefur út. Vilmundur var ritstjóri og meðhöfundur þeirrar fyrstu sem hét Garðurinn allt árið og er nú uppseld og ófáanleg nema á bókasöfnum. Hann segir þau Auði Ottesen og Pál Jökul Pétursson, sem gefa út tímaritið Sumarhúsið og garðurinn, hafa komið að máli við sig síðasta haust og beðið sig að skrifa bók. „Ég sagði já í bjartsýni minni og byrjaði um síðustu áramót. Síðan sat ég við um kvöld og helgar í fjóra mánuði og útkoman er þessi.



**Í GRASAGARÐINUM** Til að dýpka textann og lífga upp á hann bætti ég smá plöntuþjóðfræði inn í hann,“ segir Vilmundur, sem er ekki aðeins blaðamaður og garðyrkjufræðingur heldur þjóðfræðingur líka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reyndar var upphaflega hugmyndin að endurútgefa fyrstu bókina en ég vildi skrifa nýja. Ég átti grunn að ýmsu efni hennar og svo held ég úti Facebook-síðu sem heitir Ræktaðu garðinn þinn. Á síðunni eru um 5.500 meðlimir og þar getur fólk sett inn spurningar um garðyrkju sem ég reyni að svara við fyrsta tækifæri og í bókinni er að finna svör við mörgum þessara spurninga.“

Páll Jökull Pétursson tók nánast allar myndirnar í bókinni. „Páll á áreiðanlega orðið eitt mesta safn plöntuljósmynda á landinu,“ segir Vilmundur en bætir við að þeir félagar hafi reynt að hafa myndirnar sem nýjastar. gun@frettabladid.is



*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir og afi,*

**Bjarni Heiðar Halldórsson,**
Jörfabakka 28, Reykjavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 12. júní sl. Útförin fer fram í kyrrþey.

**María Sveinsdóttir**
**Helga Heiðarsdóttir**
**Ari Freyr Bjarnason**
**Nökkvi Jarl Bjarnason**
**Pétur Breki Bjarnason**
**Bjarni Heiðar Bjarnason**
**Hrefna Marín Gunnarsdóttir**
**Sandra Dögg Guðmundsdóttir**
**Betaný Rós Samúelsdóttir**
**Valgeir Guðmundur Samúelsson**
**og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Björg Guðmundsdóttir**
áður til heimilis að Tröllakór 12, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 7. júní. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð Vina til Bjargar, reikningsnúmer 0130-15-630320 kennitala: 540509-0690

**Kristján Hauksson**
**Stefanía E. Kristjánsdóttir** **Hlynur Gíslason**
**Eva Lind Kristjánsdóttir** **Arnar Valgarðsson**
**Kristín Gyða Hrafnkelsdóttir**
**Hafdís Björg Hrafnkelsdóttir**
**Kristján Unnar Ragnarsson**
**Vilhelm Breki Arnarsson**
**Bjarney Lilja Hlynsdóttir**

### Merkisatburðir

- **1551** Jón Arason og synir eru dæmdir landráðamenn á Oddeyri við Eyjafjörð, að undirlagi danskra sendimanna.
- **1877** Blaðið Ísafold prentað í fyrsta sinn í eigin prentsmiðju.
- **1909** Vatni hleypt á dreifikerfi Vatnsveitu Reykjavíkur úr Elliðaám.
- **1940** Togarinn Skallagrímur bjargar 353 mönnum af breska herskipinu Andia sem þýskur kafbátur sökkti suður af Ingólfshöfða.
- **1946** Hátíðahöld eru í tilefni 100 ára afmælis Menntaskólans í Reykjavík.
- **1982** Lögreglan staðfestir hald á 189 kílóum af maríjúana frá Jamaíka.



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**G. Kjartans Sigurðssonar**
vélstjóra, Háaleiti 27, Keflavík.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir alúð og góða umönnun. Megi guðs blessun fylgja ykkur öllum.

**Erla Sigurjónsdóttir**
**Sigurjón Kjartansson** **Gerður Eyrún Sigurðardóttir**
**Margrét Ragna Kjartansdóttir** **Pétur Valdimarsson**
**Hafdís Kjartansdóttir** **Árni H. Árnasson**
**Sif Kjartansdóttir** **Haukur H. Hauksson**
**Lilja Guðrún Kjartansdóttir** **Svanur Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**




**Joe Jackson** hefur sett á markað ilmvötn til minningar um son sinn, söngvarann sáluga Michael Jackson. Kvenilmurinn ber heitið Jackson Legend og karlilmurinn kallast Jackson Tribute.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

NÝKOMINN AFTUR



Misty -fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg.4500 - minimizer í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 6.990,-

Eirberg



Æfingaboltar
Bjóðum gott úrval æfingabolta í mörgum stærðum
Henta vel í margskonar æfingar
Verð frá: 2.980 kr.
sissel
Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KJÓLUM OG SKOKKUM.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL!



hjá Hafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

**Tískuvikunni í Sao Paulo er nýlokið en þar mátti sjá kvenleg snið og múlbundnar fyrirsætur.**



# Kaðlar og krúsidúllur

Brasilíski fatahönnuðurinn Samuel Cirnansck sýndi vor- og sumarlínu sína á tískuvikunni í Sao Paulo í vikunni svo eftir var tekið. Sýning hans þótti áhugaverð, ekki endilega fyrir fötin sjálf heldur hvernig þau voru sýnd. Sýningarstúlkurnar gengu fram í glæsilegum brúðarkjólum og síðkjólum úr silki, kefladar og múlbundnar með reipum og leðurböndum, ekki ólíkt því þegar Marc Jacobs handjárnaði sýningarstúlkur við Louis Vuitton-töskur fyrr á árinu.

FRAMHALD | 3

NORDICPHOTOS/AFP

Nýir svefnsófar - margar gerðir

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



Frá 269.900,-



329.900.-



149.900,-



Tilboð
127.425,-



199.900,-



59.900,-

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Helicopter** er íslenskt fatahönnunarfyrirtæki í eigu Helgu Lilju Magnúsdóttur fatahönnuðar. Helicopter fékk góðar viðtökur á tískuvikunni í New York í vor og fékk fyrstu verksmiðjuframleiddu línuna í hús á dögunum. Heimasíða fyrirtækisins er www.helicopter-clothing.com

# Kaupendur hanna fötin

**Fyrsti íslenski internetklæðskerinn sem sérhæfir sig í sérsaumuðum og sérhönnuðum jakkafötum á karlmenn og drögtum á konur hefur hafið rekstur. Áætluð er útrás til Skandinavíu og Bretlands.**

„Viðtökurnar eru frábærar," segir Sigurður Árnason sem stofnaði á dögunum fyrirtækið Arnasons.com með bróður sínum Leifi Árnasyni. Fyrirtækið er það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi að sögn Sigurðar. Það heldur úti heimasíðunni www.arnasons.com þar sem hægt er að panta sérsaumuð jakkaföt á karlmenn og dragtir fyrir konur. Fötin eru sniðin eftir máli hvers og eins og saumuð úr ítölsku hágæðaefni.

Sigurður segir að viðskiptavinir muni hanna föt sín sjálfir. „Við byrjum á að spyrja fólk hvernig jakkaföt það vill," útskýrir Sigurður og bætir við að eftir að viðskiptavinurinn hefur valið tegund jakkafatanna séu nánari smáatriði skoðuð. „Þá spyrjum við hversu margar tölur eigi að vera á jakkafötunum, hvort setja eigi vasa á fötin og hvernig kraginn eigi að vera. Svo velur fólk efni eftir að það hefur skoðað sýnishorn. Að lokum er fólk mælt."

Hugmyndin að stofnun fyrirtækisins kviknaði í samræðum þeirra bræðra um jakkaföt. „Leifur bróðir minn var að klára master í frumkvöðlafræði í Kaupmannahöfn og ég bjó í London og var í jakkafötum alla daga," upplýsir Sigurður sem segir að þeir hafi rætt hversu dýrt væri að kaupa jakkaföt á þá tvo. „Við ákváðum þess vegna að byrja að láta sauma föt á okkur í Asíu. Þannig þróaðist þetta."

Sigurður segir að markhópur fyrirtækisins séu karlmenn á aldrinum þrjátíu til fimmtíu ára þótt einnig sé boðið upp á dragtir fyrir konur. „Við miðum á karlmenn sem hafa mikla skoðun á fötum og eru meðvitaðir um tískuna," segir Sigurður en einnig er horft til karlmanna sem passa ekki í venjulegar stærðir.

Fyrirtækið hóf starfsemi á Íslandi í maí en útrás til Skandinavíu og Englands er á prjónunum. „Ég er búinn að fara tvisvar til London og í bæði skiptin fékk ég fullt af pöntunum," segir Sigurður en stílistar verða ráðnir í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og London sem taka mál af viðskiptavinunum.

*martaf@frettabladid.is*



Bræðurnir Sigurður og Leifur Árnasynir hafa stofnað fyrirtækið Arnasons.com sem býður upp á fríar heima- og fyrirtækjakynningar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR



Hugmynd að saumavél má rekja allt aftur til 16. aldar þegar Leonardo da Vinci gerði tilraunir með vél sem gæti hjálpað til við að koma saman flík á fljótvirkari máta en verið hafði. Englendingurinn Thomas Saint bjó til þróaðri vél og fékk fyrir henni einkaleyfi 1790. Saumavélar héldu áfram að þróast og voru þær orðnar almenningseign um aldamótin 1900.

**Tíska aldanna**




Eirberg

Ný sending af sundfatnaði komin

Opið mán–fös frá kl. 9–18

Stórhöfða 25
Sími 569 3100 • eirberg.is



Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki

VANDAÐIR SÆNSKIR KLOSSAR




SPENNANDI

Opið
**mán.fim** 12–18, **fös.** 12–16,
Sími **694 7911**
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.




HEFST Á SUNNUDAGINN

Vinsælasti sjónvarpskokkur í heimi bjargar vonlausum veitingahúsum í mögnuðum verðlaunaþáttum.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir



Samuel Cirnansck vafði leðurólum utan yfir silkikjóla og blússur sýningarstúlknanna. Hann þótti koma inn með trukki á tískuvikunni í Sao Paulo.



Hvítur og blár voru áberandi litir í vor- og sumarlínu Animale. Víðar buxur, blússur og rómantískur léttleiki var allsráðandi.

Framhald af forsíðu

Áhorfendur veltu fyrir sér hvort skilaboð Cirnansck væru þau að hjónabandið keflaði konur, hver veit? Allavega gerði framsetningin sýninguna eftirminnilega.

Priscilla Darolt hannar undir merkinu Animale og hjá henni kvað við annan tón. Lína hennar þótti afslöppuð og frjálsleg og mátti sjá kvenleg snið, víðar buxur og blússur úr hör og silki. Blár og hvítur voru áberandi litir í bland við ljósgráan.

*rat@frettabladid.is*



Snið Priscillu Darolt hjá Animale þóttu kvenleg og afslöppuð á sýningarpöllunum.

NORDICPHOTOS/AFP



Áhorfendur veltu fyrir sér skilaboðum Cirnansck sem keflaði og múlbatt sýningarstúlkurnar.


praxis

... þegar þú vilt þægindi



Verð 6.500 kr.



Opið mánudaga til föstudaga frá kl 11 - 17
lokað á laugardögum

Verð 9.500 kr.
Litir: svart ,hvítt .blá/grátt

Bonito ehf. Praxis,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is



spænskir dagar í júní

fimm rétta spænskur matseðill með sérvöldum vínum



101 hotel
reykjavik

borðapantanir í síma: 5800 101 101hotel@101hotel.is www.101hotel.is
101 gæðastund - allir drykkir á hálfvirði frá 17.00-19.00 alla daga






Tallinn

16.-24. júlí frá Keflavík Miðaldaborg frá 11. öld.

Ein allra fallegasta borg Evrópu, Kastalar, hallir, gamlir markaðir, frábær þjónusta, ódýrt að versla og að borða. Borgin er á minjaskrá Unesco og er ein best varðveittasta miðaldaborg í Evrópu. Úrval skoðunarferða innan sem utan borgar. Verð 78.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótel með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Zagreb

5.-9. október frá Keflavík Hin forna borg



Zagreb er ægi fögur borg sem rekur upphaf sitt til ársins 1094. Röltu um einhverja þeirra fögru almenningsgarða sem er að finna í Zagreb, þræddu göngustígana og virtu fyrir þér hinar mörgu óteljandi fallegu byggingar sem príða borgina, listaverkin, söfnin, kíktu á markaðinn og andaðu að þér liðinni sögu sem er að finna við hvert fótmál.

Spennandi skoðunarferðir í boði. Verð 89.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótel með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Riga



Beint flug 12.-16. október frá Keflavík
Beint flug 12.-16. október frá Akureyri
Beint flug 19.-23. október frá Keflavík
Beint flug 19.-23. október frá Akureyri

Gamli tíminn og nýi mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eistrasaltið.

Gamli bærinn er frá 1201 verndaður af Unesco. Þar ber hæst Kastalinn í Riga, kirkja ST Peters´s og Dómkirkjan.

Gamli bærinn er virkilegt augnayndi og setur borgina á stall með fallegri borgum í Evrópu.

Úrval skoðunarferða í boði.

Verð 93.900 kr. miðað við tvo í herbergi. Innifalið, flug, skattar, hótel með morgunmat, rúta til og frá flugvelli og Íslenskur farstjóri.

Trans - Atlantic
Sími 588 8900

www.transatlantic.is

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn



**100% Visa/Euro lán í boði**

ALPEN KREUZER Duet. Árgerð 1991. Fortjald . Verð 299.000. Rnr.202377.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

Við elskum að selja bíla
DIESEL.IS
Klettháls 15 • Sími 578 5252



VW Caddy sendibíll. Árgerð 2005, ekinn 88 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Ný skoðaður. Verkfæraskápur, hilla og krókur. Verð 970.000. Rnr.132438. Er á staðnum.



TOYOTA Tundra Crewmax SR5. Árgerð 2008, ekinn 36 Þ.KM, Fylgir hús. Verð 5.490.000. Rnr.110032. Er á staðnum.

**Diesel.is**
**Kletthálsi 15, 110 Reykjavík**
**Sími: 578 5252**
**http://www.diesel.is**

bilfang.is
S.567 2000



Range Rover Sport DIESEL 07/2006 Leður ofl, Glæsilegur jeppi verð 6480 ath skipti á ódýrari.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



FORD Rimor lágþekja. Árgerð 2006, ekinn 34 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn. Verð 7.800.000. Rnr.204229.



FENDT 590 platin kojur. Árgerð 2008, kojur, markísa, örbylgjuofn. Verð 4.150.000. Rnr.101706.



COACHMEN Sport 107st clipper. Árgerð 2009, græjur. Verð 1.890.000. Rnr.203892.



CAMP LET Concorde. Árgerð 2005. með eldhúsi, fortjaldi. Verð 890.000. Rnr.204211.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

STÓRA BÍLASALAN



Volvo S40 1.6 DIESEL Árgerð 11/2005, ekinn 109þ.km, bsk. Eyðir aðeins 5,2L innanbæjar! Sparibaukur sem er á staðnum til sýnis! Verð 2.190.000kr. Raðnúmer 131300. Sjá nánar á www.stora.is



Ford Transit 9 manna Árgerð 2010, ekinn 29þ.km, bsk, dísel. Bíll tilbúinn til afhendingar eftir 3 vikur. Verð 4.490.000kr m/VSK og 3.790.000kr m/VSK til bílaleiga.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



TABBERT Davinci 585 dm kojuhús. Árgerð 2006. Verð 3.390.000. Rnr.204249.



LMC Exquisit 590 rd. Árgerð 2007, leður, mover. Verð 4.800.000. Rnr.204120.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



**ÚTSALA , ÚTSALA**

LAND ROVER Discovery ii hse, gullfallegur Árg. 2003, ekinn 89 Þ.KM, sjálfskiptur. Verðtilboð 2.290. þús. Rnr.152360.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir ferðavögnum á söluskrá okkar og á staðinn.**
**www.hofdabilar.is**

Lykilbílar ehf bílasala



HOBBY 560 EXCELLENT EACY f.skr 05/2005 sólarsella Er á staðnum til afhendingar strax.

**Lykilbílar bílasala ehf**
**Hamarshöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 7700**
**Vantar húsbíla og ferðavagna á skrá og á staðinn**
**www.lykilbilar.is**

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Coachmen Clipper Fellihýsi 2008. Fortjald, Ísskápur og Heitt Vatn, Hjólagrind, Útdraganleg Hlið. Fallegt og vel með farið fellihýsi. Athuga skipti á dýrara hjólhýsi á einn hásingu allt að 4 millj. Verð 2.2 millj. Vaktað útisvæði með öryggismyndavélum. Mikið úrval ferðavagna á staðnum.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

100 bílar.is bílasala



HEST GROUP A hestakerra. Árgerð 2007, Flott og lítið notuð hestakerra, Ásett verð 1.190þús.kr Rnr.115808, er á staðnum,



MONTANA Lx. Árgerð 2008, geymslukassi, með 2 svefnpláss,Fínn vagn, Verð 880þús.kr Rnr.191828.er á staðnum,



FLEETWOOD Highlander sequoia 14 fet. Árgerð 2004, stór ísskápur, eldavél, wc og sturta, Vel búinn. Verð 1.250þús. kr Rnr.115913. er á staðnum



HOLIDAY CAMP Sport. Árgerð 2004, Stórt fortjald með botni, geymslukassi, ofl, Fínn vagn, Verð 450þús.kr Rnr.116105. er á staðnum

**Erum með mikið af ferðavögnum á staðnum**

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00,**
**Lokað á laugardögum.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Vertu nú sniðug/ur í sumar ! Breyttu heimilsbílnum í ferðabíl og haltu áfram að njóta íslenskrar náttúru. Gott tjald á toppinn á bílinn og málið er leyst. Passar á flestar gerðir bifreiða. Gott pláss fyrir tvo. Stærð: 205 x 160 cm. Tvær gerðir í boði. Stigi og dýna fylgir með. Auðvelt að geyma þegar ekki í notkun. Venjulegt verð frá kr. 230.000,- Nú Tilboð: kr. 199.000,- Komdu og skoðaðu því sjón er sögu ríkari. Happy Campers efh, Rofabær 9, S: 5787860



Volvo S60 20VTurbo, sjálfskiptur árg. '05 ekinn 71þús. Topplúga,bakkskynjarar, leður og aukafelgur á nagladekkjum. Bíl í toppstandi. Verðhugm. 2590þús. stgr. Skoða einnig skipti á LC GX 2003-2004. Uppl. í síma 8580413.





50% ódýrara eldsneyti. Einföld metan breyting á bílnum. Engin útborgun. Greiðist að fullu með rekstrarsparnaði og þú átt fullt af peningum afgangs! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá öllum helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. www.islandus.com - Sími 5522000.



Til sölu Bayliner Capri 195 með 175hö suzuki fjórgengismótor árg 08 lítið keirður skoða skipti á minni eða stærri bát sími 899 2058.



Til sölu Honda Shadow spirit. Árg.'01, ek.16þ.mílur. Lítur mjög vel út. Verð 590þ. Uppl. s: 820 9706.



Til sölu Peugeot húsbíll árg 1992 6 manna í toppstandi Verð 2.590 Þ. Sími 699 2400



Skoda Octavia 2003, 1900 vél Disel sjálfskiptur, ný túrbína. Ekin 220 þús. ásett verð: 745 þús. Gylfi S: 860 1330.



Til sölu Ford Rimor lágkekja árgerð 2006 ekinn 34 þ.km. Dísel,sjálfskiptur,afturhjóladrifinn,stór sólarsella verð 7,8 milj. uppl. 775-8212 og 897-0490.



Góður ferðabíll, Bens Sprinter 416, 4x4, árg. 2002 m. frístandandi 18 fm fortjaldi, keyrður 250þ km. Skráður 6 manna, nýskoðaður, breyttur 35", læsingum fr.og aftan. Góðir stólar á sleðum, borð, 2 ál kojur (f 4), hægt að taka allt úr. Tempur dýnur, stór ólíu miðstöð og auka rafgeymir, stór. 220w og fl. Verð 4,8 millj. Uppl. 892-4683.



Hyundai I30 Dísel, Vél 1582 cc. 2008, Sjálfskiptur ekin 50 þús. Ásett verð 2.290.000 þús. Skipti á ódýrari. Topp bíll S: Gylfi 860 1330.

Ssangyong family árg.'98, disel ek. 126 þús. 4x4. V. 250 þús. Volvo S60 17" 4.dekk á felgum. Uppl. í s. 662 1020.

Skoda Octavia RS ek. 164þ. árg.'02 þarf smá lagf. f.skoðun yfirt.á láni 450þ. + 250þ. út-skoða skipti. S. 690 4191.

Suzuki Baleno 4x4. árg.2000, ek.192þ. þarfnast smá lagf. verð.350.þ. S:899 8866 Heiða

Mazda 323 til sölu. Sjálfsk. 2 dekkjagangar. Góður bíll. S. 897 8825.

Til sölu Chevrolet Matiz árg.'06, ek 140 þús, 5 dyra, 5 gíra, eyðsla 4,5. Bilaður alternator. Verð 470 þús. Uppl í síma 849 7344

## 0-250 þús.

Nissan sunny '94 ssk, keyrður 129 þ. skoðaður '12. 190 þús stgr. uppl s. 8669227 eftir 16

## 250-499 þús.



SSangyong MUSSO Diesel turbo árg. 1998 Sjálfskiptur, skoaður 2012 Verð 350.000.- Stgr. Uppl. í síma 860 1123.



**ÁRG 2000 ofurtilboð**

Rúmgóður fjölskyldubíll Renoult Megan senic árg 2000, fimm gíra, fimm dyra, fjarlæsingar, skoðaður 2012, ek. 190 þús. Eyðslugrannur bíll á tilboði 290 þús. Sími: 891-9847.

# Ís á þjóðhátíðardaginn

**Það tilheyrir á sjálfan þjóðhátíðardaginn að fá sér ís, jafnvel með þéttri súkkulaðidýfu og sælgæti. Eða ískaldan bragðaref. Hver getur staðist slíkt? Það þýðir ekkert að stóla á sólina. Það má borða ís í alls konar veðri. Jafnvel gaddi og snjókomu. Það gera Íslendingar. Þeir fá sér auðvitað líka ís á þjóðhátíðardaginn, hvernig sem viðrar.**



„Þetta er oft eins og félagsmiðstöð,“ segir Hildur Vala Baldursdóttur um Ísbúð Vesturbæjar við Hagamel 67. MYND/GVA

Hin gamalgróna Ísbúð Vesturbæjar við Hagamel 67 á hvorki meira né minna en 40 ára afmæli í ár. Þar hafa án efa margir átt góðar stundir. „Við eigum marga góða og trygga viðskiptavini,“ segir Hildur Vala Baldursdóttir verslunarstjóri. „Fólk getur gengið að gamla góða ísnum vísum og gerir það óspart. Gamli ísinn fæst eingöngu í Ísbúðum Vesturbæjar og nú er hann líka til með súkkulaði- og jarðarberjabragði en báðir eru mjög vinsælir. Það er líka rjómaísinn okkar.“

Hildur Vala segir viðskiptavini Ísbúðar Vesturbæjar mjög vanafasta og vilja litlar breytingar. „Hingað kemur sama fólkið aftur og aftur. Fjölskyldufólkið tekur ísrúntinn á daginn en unga fólkið á kvöldin. Þetta er oft eins og félagsmiðstöð. Iðulega eru raðirnar langar en fólk lætur það sig engu skipta, það þekkir oft einhvern í röðinni og þegar kemur að því að panta er það löngu búið að gleyma hvað það ætlaði að fá sér.“

Hildur Vala segir oft mikla stemningu skapast í búðinni, eins og fyrir og eftir KR-leiki, á frídögum og þegar sólin skín. „Þá er oft mikil umferð og mikið um að vera. Við stöndum að sjálfsögðu vaktina á þjóðhátíðardaginn. Allar búðirnar okkar eru opnar alla daga frá klukkan 12 til 23.30. Við vonumst bara eftir góðu veðri eins og allir aðrir Íslendingar.“



Fríða Einarsdóttir, verslunarstjóri Ísbúðar Vesturbæjar á Grensásvegi.



Unnur Hauksdóttir, verslunarstjóri Ísbúðar Vesturbæjar við Fjarðargötu

## GAMLI ÍSINN VINSÆLASTUR

„Ís selst alla daga óháð veðri,“ segir Fríða Einarsdóttir, verslunarstjóri Ísbúðar Vesturbæjar á Grensásvegi 50. „Jafnvel í janúar í tíu stiga gaddi og byl. Hins vegar tekur salan alltaf kipp þegar sólin lætur sjá sig. Þó sumarið hafi einkennst af sólarleysi þá myndast alltaf biðraðir hér á kvöldin,“ heldur Fríða áfram, en hún er kokkur að mennt. „Þetta er rosalega skemmtilegt og fjölbreytt starf. Það er gaman að vinna með unga fólkinu hér og viðskiptavinirnir koma hingað til þess að gera sér dagamun. Allir eru kátir og það smitar út frá sér.“

En hvað er vinsælast? „Gamli ísinn er rosalega vinsæll og seljum við mikið af honum í brauðform, box og í þeytinga en þeir eru einkum vinsælir hjá börnunum. Hvílíkt hugmyndaflug sem þau hafa þegar kemur að því að blanda saman sælgætinu. Fólk hefur verslað við okkur áratugum saman, heilu kynslóðirnar sem vilja bara gamla Vesturbæjarísinn, enda hefur hann ekkert breyst.“ Fríða er vitaskuld illfáanleg til þess að gefa uppskriftina að ísnum góða. „Hann er og verður leyndarmál,“ segir hún og brosir.

## FRÁBÆR STEMNING Í HAFNFIRSKA MIÐBÆNUM

Hafnfirðingar eru alsælir með að hafa fengið Ísbúð Vesturbæjar í bæinn og það á besta stað í miðbænum. „Við opnuðum fyrir rúmu ári og höfum fengið alveg einstaklega góðar móttökur,“ segir Unnur Aðalbjörg Hauksdóttir, verslunarstjóri í Ísbúð Vesturbæjar að Fjarðargötu 19 í Hafnarfirði. „Hér ríkir vinalegt andrúmsloft og gott ef það er ekki dálítill þorparabragur á Firðinum.“ Gamli Vesturbæjarísinn fæst að sjálfsögðu í Hafnarfirðinum ásamt hinum nýja, sem er meiri rjómaís.



Sá gamli er alltaf vinsæll.

Börnin fá einnig sitthvað fyrir sinn snúð. „Þau hafa gaman af ýmsum körlum sem við búum til úr ísnum, trúðum og álfum. Þau njóta einnig stemningarinnar sem myndast hér við búðina á góðum dögum en við erum hér alveg á frábærum stað, á horninu á Fjarðargötu og Strandgötu. Hér bjóðum við einnig upp á kaffi, kakó og kökur með ís og rjóma. Mannlífið sem myndast í kringum búðina er mikið og er virkilega gaman að taka á móti viðskiptavinunum.“

ísbúð
VESTURBÆJAR
Gamli góði Vesturbæjarísinn

Hagamel 67
107 Reykjavík
Sími 5523330

Grensásvegi 50
108 Reykjavík
Sími 5523360

Fjarðargötu 19
220 Hafnarfirði.
Sími 5523390

Opið á öllum stöðum alla daga
kl 12:00 til 23:30

Íslandus - ísbar

ÍSBÆRINN SELFOSS
Í ALFARALEIÐ

Mikið úrval ístegunda
m.a. margar gerðir af

kúluís • jógúrtís • rjómaís
gamli ísinn • ísréttir • kaffifrapp
kaffi • ísbombur • gjafavara
minjagripir • internetcafé

emmessís




Fólk kemst í gott skap við að kaupa ís á ískaffihúsinu Islandus Isbar.

# Ískaffihúsið Islandus Ísbar fagnar ársafmæli

**Ískaffihúsið hefur slegið í gegn hjá Selfyssingum og nærsveitamönnum, sumarbústaðafólki og innlendum sem erlendum ferðamönnum.**

„Óhætt er að segja að viðtökurnar hafi verið feikna góðar og allt síðasta sumar var nánast fullt út úr dyrum alla daga enda hafa heimamenn, nærsveitungar og sumarbústaðafólk tekið okkur afar vel ásamt ferðamönnum, innlendum og erlendum sem eiga leið um bæinn,“ segja þau Erling Magnússon og Erla Birgisdóttir, eigendur ískaffibarsins Islandus Ísbars á Selfossi sem nú fagnar ársafmæli sínu.

„Hinn rómaði ís Islandus Ísbar er úr blöndum frá Emmessís og þar sem þeir eru með breiða vörulínu getum við boðið upp á fjölbreytt úrval íss og ísrétta að ógleymdum hinum sívinsæla bragðaref. Þá er í boði fitulítill jógúrtís úr vél, rjómaís sem er sérlega rjómakenndur og svo gamli ísinn, þessi kaldi mjólkurkenndi ís sem hefur slegið í gegn. Einnig bjóðum við upp á fjölbreytt úrval af kúluís sem nýtur mikilla vinsælda enda margar bragðtegundir í boði en við skiptum reglulega um tegundir. Í sumar bjóðum við einnig upp á jarðarberjaís úr vél.“

## KAFFIDRYKKIR, MINJAGRIPIR OG GJAFAVARA

„Þar sem Islandus ísbar er líka ískaffihús þá má nefna að við bjóðum einnig upp á allar hefðbundnar kaffitegundir svo sem cappucino, cafe latté, americano og fleiri og svo auðvitað ískaffidrykki. Kaffifrappið okkar er á stöðugri uppleið, þeir sem hafa prófað það koma aftur og aftur enda minnir það þó nokkuð á kaffitegund á frægri kaffihúsakeðju og ber svipað nafn,“ segir Erla og brosir.

Erla og Erling segja að í salnum séu sæti fyrir 30 manns og dagblöð og tímarit liggja frammi fyrir gesti. „Það er orðið mjög algengt að hópar boði komu sína fyrirfram enda erum við staðsett við þjóðveg eitt og aðgengi er gott fyrir langferðabifreiðar. Við erum með salernisaðstöðu sem er einnig sniðin að þörfum barnafólks og fatlaðra og það er auðvelt að koma inn með hjólastóla svo dæmi sé tekið.

Við seljum einnig ýmsa gjafavöru og minjagripi og erum með netaðgang sem ferðamenn nýta sér óspart. Við leggjum áherslu á notalegt andrúmsloft og að fólki líði vel hjá okkur enda eru einkunnarorð okkar „Lifum og njótum“.



**● FROSINN RJÓMI** Sagan segir að upphaf rjómaísgerðar megi rekja til veislu sem Karl I Englandskonungur hélt á sínum mektardögum. Kokkurinn, sem var franskur, reiddi fram hvert lostætið á fætur öðru í veislunni og rúsínan í pylsuendanum var frosinn rjómi, saxaður niður í smáar flögur sem líktust snjóflögum. Vakti rétturinn mikla hrifningu, svo mikla að Karl I krafðist þess að hann yrði einungis framreiddur við konunglega málsverði. Lofaði hann kokknum 500 pundum árlega ef hann héldi uppskriftinni leyndri. Stuttu síðar féll Karl I hins vegar í ónáð og var hálshöggvinn skömmu síðar, þannig að kokkurinn sá enga ástæðu til að þegja yfir leyndarmálinu og rjómaísinn hóf sigurför sína um heiminn.



**● HEIMAGERT GOTTERÍ** Frostpinnar eru algjört lostæti og sérlega svalandi á sumrin þegar sólin hækkar á lofti. Flestum börnum finnst frostpinnar bragðgóðir og því um að gera að skella í nokkra heima þar sem það er tiltölulega einfalt og ódýrt. Eina sem til þarf er vatn og djús eða einfaldlega hreinn ávaxtasafi og víða fást í verkið sérstök fjölnota box og pinnar.




**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is s. 512 5439.


Vel er tekið á móti viðskiptavinum í kaffiteríunni á fjórðu hæð Perlunnar. MYND/GVA


Tóti trúður kallast þessi skemmtilegi barnaís.


Ljúffengur ís á ítalska vísu.

# Með þeim betri **í veröldinni**

**Ítalski ísinn í Perlunni á sér fáa líka enda segir framkvæmdastjórinn, Stefán Sigurðsson, heilmikil vísinda liggja að baki gerðar hans.**

Fyrir meira en tveimur áratugum ólu Stefán Sigurðsson og Gísli Thoroddsen með sér þann draum að opna ísbúð á Íslandi. Sá draumur endaði með ævintýralegri ferð til Carpigiane í Bologna á Ítalíu, þar sem heimamenn kenndu félögunum listina að búa til ósvikinn rjómaís.

„Þetta var rosalega skemmtileg lífsreynsla. Carpigiane er Rollsinn í ísvélum og sérhæfir sig í öllu sem viðkemur ísgerð. Við fengum þarna frábærar móttökur og lærðum allt um ísgerð undir handleiðslu fremstu fagmanna, með óviðjafnanlega náttúrufegurð allt um kring,“ segir Stefán og minnist þess að mikill tími hafi farið í að finna út blöndur sem hæfðu Íslendingum.

„Ítalirnir kenndu okkur að þjóðir hafa ólík þolmörk gagnvart sætu bragði. Til að mynda er sætleikinn sem latneskar þjóðir sækjast eftir Norðurlandabúum alveg um megn. Ætli Ítalir vilji ekki um það bil tuttugu prósent sætara bragð en Íslendingar. Þannig að við þurftum að prófa okkur svolítið áfram áður en rétta útkoman náðist,“ útskýrir Stefán.

Félagarnir vörðu tíu dögum hjá Carpigiane og stuttu eftir heimkomu opnuðu þeir kaffiteríu á fjórðu hæð Perlunnar þar sem meðal annars var boðið upp á ítalska rjómaísinn. Þetta var árið 1991 og síðan þá hefur ísinn, eða gelato eins og hann kallast á frummálinu, notið samfelldrar sigurgöngu. Bragðtegundirnar orðnar átján talsins og sautján á boðstólum hverju sinni, auk þess sem velja má milli mjúk- eða rjómaíss og ýmissa rétta. „Við höfum prófað alls konar tegundir en súkkulaði-, jarðarberja- og vanilluís eru alltaf langvinsælastir. Að því leytinu til eru landsmenn svolítið íhaldssamir.“


Marglitur kúluís sem kitlar bragðlaukana.

Annars segir Stefán Íslendinga opna fyrir nýjungum. Þannig hafi þeir tekið fegins hendi amerískum ostakökum sem sala hófst nýverið á í kaffiteríunni. „Enda sneiðarnar stórar og hægt að velja um fjórar bragðtegundir hverja annarri ljúffengari; hindberja, súkkulaði, vanillu og marmara sem er blanda af tveimur síðarnefndu,“ segir hann og tekur fram að fleira gott bjóðist, kaffi, kökur, salat, súpur, samlokur og fylltar pönnukökur svo fátt eitt sé nefnt. Allt vekur þetta stormandi lukku þó ísinn sé alveg sér á báti hvað það varðar, enda segist Stefán halda góðu sambandi við sína gömlu lærimeistara. „Þaðan fáum við reglulega góðar ábendingar og öll bragðefni með.“

*Nánar á www.perlan.is.*


Bananasplitt er bragðgóður eftirréttur sem hefur ávallt notið mikilla vinsælda meðal Íslendinga.


Ekta ítalskur ís!

MORINI






Fáið ykkur ekta ítalskan ís í kaffiteríu Perlunnar á 4. hæð. Bæði mjúkís (úr vél) og skafís!

Veitingahúsið Perlan · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · Netfang: perlan@perlan.is · Vefur: www.perlan.is



Terta með karamelluískúlum og karamellusósu er einfaldur, dásamlegur og nærandi ísréttur á fögrum sumardegi. Útbúið eftirlætis hafrakexbotninn ykkar blandaðan vænni lúku af sætu múslíi með rúsínum. Mótið fallegar ískúlur úr karamellu- og núggatís og raðið ofan á kexbotninn. Dreypið mislitri karamellu- eða súkkulaðisósu yfir ískúlurnar og njótið hvers munnbita.



Frosin bláberjaostakaka með ilmandi rós hittir rómantískar sálir í hjartastað. Til að spara tíma og fyrirhöfn má kaupa tilbúna bláberjaostaköku hjá kaupmanninum og skreyta á undursamlegan hátt með þétt röðuðum bláberjum og útsprunginni rós. Ómótstæðileg fegurð á tælandi eftirrétti, sem frosinn minnir á ístertu af bestu gerð.

# Ætíð velkominn og viðeigandi

**Ís er ein af unaðsemdum lífsins og á alltaf við, jafnt í gleði sem sorg. Honum er fagnað heilshugar, af ungum jafnt sem öldnum, og vekur ávallt kátínu, tilhlökkun og gleði. Hér gefur að líta útgáfur af ómótstæðilegum ísréttum sem gera sumarkvöld og -daga að ógleymanlegu, indælu ævintýri.**



Auðvelt er að gleðja smáfólkið með heimagerðum ístrúðum sem þessum og hæg heimatökin. Sprautið smávegis af rjóma á disk, mótið ískúlur í mismunandi bragðtegundum og festið í brauðform. Setjið ofan á rjómann eftir að hafa skreytt að vild með litríku sælgæti og glassúr svo trúðarnir fái glaðlegt fés.




Bjóðum alla velkomna á nýjan Skalla í Ögurhvarfi



Skalli
SÁ SVALASTI Í BÆNUM

Opnunartími:
10-23 alla daga



Jón Viðar ánægður í nýja húsnæðinu þar sem glæsilega ísbúð er að finna. MYND/STEFÁN

# Skalla afar vel tekið

**Vegasjoppan Skalli er flutt í stærra húsnæði að Ögurhvarfi 2 en þar stendur viðskiptavinum meðal annars til boða ljúffengur ís í stórauknu úrvali.**



Marga rak í rogastans fyrr á árinu þegar fréttist að Skalli við Vesturlandsveg væri að flytja enda fyrirtækið með vinsælli vegasjoppum landins. Jón Viðar Magnússon eigandi Skalla fékk ekki framlengingu á leigusamningi hjá Skeljungi. Hann segir viðskiptin þó sjaldan hafa gengið betur en nú. „Menn hafa tekið okkur ótrúlega vel. Svo er skemmtilegt að segja frá því að stór hópur fastakúnna hefur líka fylgt okkur.“

Skalli er fluttur í 230 fermetra húsnæði að Ögurhvarfi þar sem glæsileg ísbúð er með því fyrsta sem blasir við viðskiptavinunum. „Ísinn var aukabúgrein á gamla staðnum. Nú erum við með heilar sex ísvélar, þrjár með sérstakri vanillublöndu frá Emmessís og hinar framleiða jógúrtís úr Búðardal. Nánast engin fita er í jógúrtísnum sem er þó merkilega bragðgóður og tilvalinn fyrir sælkera sem vilja huga að línunum,“ segir Jón, sem ætti að þekkja sitt fag enda með áratuga reynslu af íssölu á Íslandi. „Ég opnaði fyrstu Skallasjoppuna við Lækjargötu árið 1971 og kynnti ýmsar vinsælar nýjungar, svo sem ís með dýfu og rís, löngu áður en við opnuðum við Vesturlandsveg. Nú er jógúrtísinn okkar helsta nýjung og hefur mælst vel fyrir.“

Matseðill Skalla hefur líka tekið breytingum. „Fyrir utan ís af öllum gerðum bjóðum við pönnupitsur, hamborgara og báta í auknu úrvali,“ segir Jón og bætir við að sérstakir heilsuréttir bjóðist líka.




Nýverið var opnuð önnur Yoyo búð í húsnæði Domus Medica að Egilsgötu 3.




Viðskiptavinir geta líka fengið sér úr ávaxta- og nammibarnum sem nýtur vinsælda.



Í hvorri búð fyrir sig eru sex ísvélar og í boði ein stærð af boxi sem fólk fyllir á sjálft. MYND/GVA

# Yoyo ísbúðirnar á tveimur stöðum

**Nú eru Yoyo ísbúðirnar á tveimur stöðum á höfðuðborgarsvæðinu, á Nýbýlavegi 18 og í Domus Medica að Egilsgötu 3.**

Hugmyndin að sjálfsafgreiðsluísbúðunum Yoyo, sem hafa algjörlega slegið í gegn hér á landi, kom frá Flórída þar sem eigandinn, Ásgeir Ingi Einarsson og fjölskylda, hafa dvalið um árabil. „Við erum frumkvöðlar að því að bjóða upp á sjálfsafgreiðslu á ís og sælgæti en þetta er vel þekkt í Bandaríkjunum. Við opnuðum Yoyo ísbúð í lok ágúst í fyrra að Nýbýlavegi 18 og erum að opna aðra núna hjá Domus Medica. Það er óhætt að segja að Íslendingar taka þessari nýjung mjög vel.“

Uppskriftin að ísnum er þróuð í samvinnu við mjólkurfræðing. „Það var langt og strangt ferli en við starfrækjum einnig ísvinnslu fyrir búðirnar. Ísinn er því alltaf ferskur. Í hverri búð eru sex ísvélar, nammi- og ávaxtabar. Það er sjálfsafgreiðsla, svo hver og einn tekur bara sinn tíma í þetta en oftast er afgreiðslan mjög hröð. Við bjóðum bara upp á eina stærð af boxi og fólk fer svo í ísvélarnar og skammtar sér sjálft. Þá er hægt að velja á milli fjölda tegunda af sælgæti og einnig ávaxta en þeir eru allir ferskir. Það fer alveg eitt stöðugildi í að skera niður ávexti svo það er mikil vinna á bak við það. Að lokum er hægt að toppa ísinn með fjórum tegundum af sósu,“ segir Ásgeir en meðalboxið er á um 450 krónur.




Yoyo búðinni við Nýbýlaveg 18 var samstundis vel tekið þegar hún var opnuð í fyrra.











**Stilton-mygluostsís.** Breskur ís sem passa átti vel við hakkbökur.



Hinn klassíski rjómaís er vinsæll á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Saltís.** Hversu sætt er að setja salt í ísinn?



**Osta-risottoís.** Ítalir eru þekktir fyrir að lýsa tilfinningum sínum með látbragði. Ímyndið ykkur hvernig þeir munu láta þegar þeir komast að því að Japanar hafa sett einn af þjóðaréttunum í ís.



**Núðluís.** Einhverjir myndu halda að núðlur og ís passi ekki sem best saman en framleiðandanum japanska tókst að þróa núðlur sem ekki verða harðar þegar þær eru bornar fram í um þrjátíu gráðu frosti.



**Viagraís.** Einmitt það sem hefur vantað í ísbúðunum. Áhugavert er að komast að því hvaða bragð er af viagra.

# Furðulegar *bragðtegundir*

**Flestir kannast við bragðið af sígilda rjómaísnum en í gegnum aldirnar hafa ýmsar furðulegar bragðtegundir komið fram á sjónarsviðið.**

Forngrikkir brögðuðu fyrst ís á fimmtu öld fyrir Krist. Þeir voru snjókeilur sem voru blandaðar með hunangi og ávöxtum og fengust á mörkuðum Aþenu. Persar náðu fyrstir að geyma ís og borðuðu þar af leiðandi ísinn langt fram á sumarið. Rómverski keisarinn Neró lét færa sér ís úr fjöllunum og skreytti hann með ávöxtum. Úr þessum hugmyndum er ís nútímans sprottinn en síðan hafa menn blandað ýmsu saman til að smakka fjölbreyttari tegundir. Hér eru dæmi um nokkrar. *- mmf*



**Hvítlauksís.** Drakúlaís sem hannaður er til þess að bægja vampírum frá. Ísinn er búinn til í litla japanska þorpinu Shingo en íbúar þess staðhæfa að þar í bænum sé gröf Jesú Krists.



**Túlípanaís.** Loksins kemur ís með blómabragði.


NÝTT • NÝTT

**Erlu-ís** einnig í sjálfsafgreiðslu

**Sami góði ísinn – en meira! Komdu og fáðu þér uppáhalds ísinn þinn**








Settu eins mikið og þú vilt af uppáhaldsnamminu á Erlu-ísinn þinn

Settu eins mikið og þú vilt af því sem þér finnst best á Erlu-ísinn þinn

**Ísbúðin Erluís**
**Fákafeni 9, 108 Reykjavík**
**Sími: 533-4500**
**Opið alla daga 11:00 - 23:30**


Heit
Mars®
- íssósa
1. Hitið 1-2 dl. rjóma í potti.
2. Brytjið 4 Mars stykki út í.
3. Hrærið vel og þynnið með
rjóma eftir smekk.
Mars
Mars
Mars
Mars®

**● LJÚFFENGUR HRÆRIGRAUTUR** Bragðarefur er vinsæll ísréttur sem hefur fengist í flestum ísbúðum víðs vegar um landið um nokkurra ára skeið. Reyndar hefur hann verið svo eftirsóttur að íslensk matvælafyrirtæki sáu ástæðu til að setja tilbúinn bragðaref á markað. Rétturinn er þó upprunalega frá Bandaríkjunum kominn þar sem hann var fundinn upp árið 1973 og kallast þar mix-in. Þó er hann ekki fáanlegar alls staðar í heiminum. Þess má geta að hefðbundinn bragðarefur er búinn til úr ís, sælgæti, sósum og ávöxtum að eigin vali og öllu blandað saman í hrærivél og borið fram í boxi með sleif.

*Heimild: www.wikipedia.org.*



**●EINFÖLD BERJASÓSA ÚT Á ÍSINN** Ef ekki vinnst tími til að útbúa flókna ístertu í eftirrétt má bjarga sér með heimalagaðri sósu út á keyptan ís í boxi.

Skellið einum bolla af frosnum berjum í blandara og maukið. Sigtið maukið og hrærið þremur matskeiðum af flórsykri saman við. Bætið svo öðrum bolla af heilum berjum út í og berið fram í fallegri skál.



**● BRAUÐFORMIN KOMA TIL SÖGUNNAR** Í matreiðslubók frú Marshall, sem kom út árið 1888, var fyrst opinberlega mælt með því að bera ís fram í brauðformi, en hugmyndin hafði verið á sveimi fyrir þann tíma. Heimildir sýna að ís í kramarhúsi úr vöfflum hafði verið á boðstólum mestan hluta 19. aldarinnar og samkvæmt munnmælasögum má rekja upphaf þeirrar framreiðsluaðferðar til þess að á markaði nokkrum hafi íssali og vöfflusali verið með bása sína hlið við hlið. Samkvæmt sögunni var óvenju heitt í veðri og ísinn rokseldist en vöfflurnar ekki. Þegar íssalinn varð uppiskroppa með pappadiska til að setja ísinn á bauðst vöfflusalinn til að rúlla upp köldum, óseldum vöfflunum svo hann gæti sett ísinn í þær og þannig varð brauðformið til.

Frú Agnes Marshall var frægur matgæðingur á sínum tíma og átti stóran þátt í því að auka vinsældir rjómaíss. Hún fékk einkaleyfi á framleiðsluvélar til rjómaísgerðar og varð fyrst manna til að nota fljótandi gas til frystingar rjómans.



**● HEIT APPELSÍNUSÓSA**

Heitar súkkulaðisósur er einfalt að útbúa og sniðugt að blanda saman mismunandi tegundum af súkkulaði til að fá skemmtilegt bragð.

100 g suðusúkkulaði.
100 g rjómasúkkulaði.
100 g appelsínusúkkulaði.
Rjómi eftir smekk.

*Brjótið súkkulaðið í bita og bræðið yfir vatnsbaði. Blandið svo rjómanum varlega saman við.*






# Þjónustuauglýsingar

**Sími 512 5407**

**Útsala** á meðan birgðir endast.
**20%** af lauftrjám og runnum og
**30%** af sígrænum trjám og runnum.
Mikið úrval af stórum trjám.

Garðplöntustöðin Gróandi
Grásteinum
271 Mosfellsbær
Sími 5667339

GARÐPLÖNTUSTÖÐIN GRÓANDI GRÁSTEINUM

---

**Loksins komnir !**
Haldararnir sem læknar mæla með.
Verð 6.990 kr

Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

Smart motion running
Hlaupastíls námskeið
Léttari hlaupatækni
Hlaupanámskeið
5km , 10km, 21km
www.smartmotion.is | info@smartmotion.is

---

**BAKKMYNDAVÉLAR**
Dalvegi 16b s:554-2727
Verð frá kr. 11.367
Sjá nánar á
www.hugna.is
Hugna.is

---

**ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR**
Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

---

Brúðkaupsakstur
Bókun í síma 847-3883
Silfur pakkinn: 1,5 klst verð 19.980Kr
Gull pakkinn: 3,5 klst verð 33.500Kr
ICELIMO
Lúxusbílaþjónusta
www.icelimo.is

---

Fyrir skip og báta - Tæki til makrílveiða
Frábær búnaður á góðu verði
Elcon ehf • sími 552 9510 • elcon@simnet.is

---

Fjarstýrð flugmódel í úrvali.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

---

freud
Hjólsagarblöð
Skerping ehf.
Smiðjuvegi 11 200 Kópavogi Sími. 564 2488 Gul Gata

---

**TILBOÐ**
**TILBOÐ**
**Sjóstöng og grill, aðeins 4.990 kr.**
Þeir sem versla fyrir meira en 10.000 kr. á **hársnyrtistofunni Texture** fá frítt í fuglaskoðunarferð.
**Nánari uppl. í 865 6200**

---

**Varahlutir**
í Mercury, Johnson, Evinrude,
Yamaha utanborðsmótora
Mercruiser og Volvo Penta bensín innanborðsvélar
A Prestolite Performance Brand
Mallory MARINE PRODUCTS
Súðarvogi 42, 104 Reykjavík,
sími 571-1020
Opið virka daga 14-19,
laugardaga 10-14
Sjósport Marine & Aviation

---

DAKIN FLATHERS
Bandsagarblöð

---

**MARKÍSUR**
Frábær lausn til að auka skjól fyrir regni og vindi. Hentugt á svalirnar, veröndina og fyrir veitingarstaði.
Sér merkjum einnig og sérútbúum fyrir fyrirtæki.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300,
www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

---

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
ERUM FLUTT Á SKÓGARHLÍÐ 10, 105 RVK • S. 445-5562 • GSM. 615-2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

**Allt á einum stað**
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

---

Bjóðum úrval tækja til leigu
KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur / Sími 535 3570 / www.kraftvelaleigan.is

---

**Kress 108 AS-2 1.3 Set L 10,8 Volt / 1,3 Ah Li-lon**
2 hraðar 0-450 og 0-1350 10 mm QuiXS rapid-action patróna
Hleðslutæki, 2 rafhlöður, taska, vinkildrif og vinnuljós fylgja
**Tilboðsverð Kr. 39.720**
Ásborg vélar • verkfæri
Smiðjuvegi 11 Gul gata Kópavogi sími 5641212

---

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

---

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

---

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

Trúin flytur fjöll
við flytjum allt annað
553 5050
Allir bílar með posa
SENDIBÍLASTÖÐIN H.F
Klettagarðar 1 // Sími: 553 5050 og 533 1000
www.sendibilastodin.is // stodin@sendibilastodin.is

---

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

---

**Alla fimmtudaga**
gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

SUBARU LEGACY GL 8/1998 EK.235000 TÍMAREIM OK. SILFUR DR.BEISLI SJ.SKIPTUR V.350000 UPPL.6151815

## 1-2 milljónir

Til sölu Toyota Previa árg. 2003 ek. 154 þkm. Vel með farinn, einn eigandi. Verð 1.590 þkr. engin skipti. Uppl. í síma 693-9324.

Toyota Rav4 L. Árg.' 02. 2l bensín. Grár. 4x4. Ek. 100þús. Ný Nokian dekk. Lán 1millj. Verð 1.400þús. S: 846 1859.

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

Óska eftir að kaupa Suzuki Jimny árgerð 2004-2008. Uppl. í síma 822 1216.

## Jeppar

SSangyong Musso '01, diesel 2,9 turbo, ek 240 þús, nýskoðaður án ath, nýtt púst, góð toyo sumardekk, snyrtilegur bíll og gott viðhald. Verð 690 þús. S. 896-1231

Til sölu Vespa Paggio 125cc. 2008 árgerð og keyrð 2300km. Uppl. í síma 8669218

## Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

Til sölu kranaskóflur nokkrar stærðir, staurabor og fleiri fylgihlutir fyrir krana. Uppl. 893 1229.

## Húsbílar



Til sölu FIAT MARLIN árg. 2005 ekinn 25þús. km. Svefnpláss fyrir 6 og belti fyrir 6. með öllu, topp bíll. Verð 5,9. Möguleiki að taka hjólhýsi uppí. Uppl. í s. 663 5440.

## Mótorhjól



KTM 450 exc, árg. 08, götuskráð Endurohjól, ekið 1100 km, 33 tíma, 14 l. aukatankur fylgir. Lítið notað flott hjól. Uppl. í síma 660 5600.



Suzuki 800v Marauder árg.'06, ek. 5500 mílur. Gullfallegt hjól sem nýtt. V. 850 þús. Uppl. í s. 898 5343.



Honda Shadow VLX 600 árg.'06. ek. 1500 mílur. Glæsilegt hjól sem nýtt. V. 850 þús. Uppl. í s. 898 5343.






Mótorhjól susuki boluward árg. '05 800 cub ek. 7000 míl grá sans. Töskur, glerhlíf, topphjól, gott fyrir byrjendur. byrjendur. Verð 890 þús. 868 2352.

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Reiðhjól







**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Kerrur

Þýsku HUMBAUR kerrurnar í miklu úrvali hjá okkur tilbúnar til afgreiðslu. HUMBAUR umboðið á Íslandi, www. topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ, s: 517 7718.



Gæðakerrur - Góð reynsla Ýmsar stærðir 1 eða 2ja öxla. Íslensk smíð. www.brimco.is Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. s. 894-5111 Opið 13-16.30

## Hjólhýsi



Til sölu innréttaður gámur . Vel skipulagður, með eldhúsi, eldhúsborði,klósetti,sturtu og góðu rúmi. Eldhús og baðinnréttingar eru frá JKE-designe.Hitakútur fylgir,staðsettur í geymslu gáms.Verð 1.190.000, Ath skipti á bíl. Uppl. s. 897-3700.

## Fellihýsi



Vertu nú sniðug/ur í sumar ! Breyttu heimilsbílnum í ferðabíl og haltu áfram að njóta íslenskrar náttúru. Gott tjald á toppinn á bílinn og málið er leyst. Passar á flestar gerðir bifreiða. Gott pláss fyrir tvo. Stærð: 205 x 160 cm. Tvær gerðir í boði. Stigi og dýna fylgir með. Auðvelt að geyma þegar ekki í notkun. Venjulegt verð frá kr. 230.000,- Nú Tilboð: kr. 199.000,- Komdu og skoðaðu því sjón er sögu ríkari. Happy Campers efh, Rofabær 9, S: 5787860



Palomino Colt 2005 Mjög gott eintak alltaf geymt inni. Truma miðstöð, svefntjöld, aukadýnur, ísskápur, sólarsella, 2 gaskútar, grjóthlíf, nýr geymir og markísa. Verð 1.250.000,- S: 856 4545.



Ónotað, glæsilegt Fleetwood fellihýsi, árg. 2008, til sölu á aðeins 1.100.000 kr. Allar nánari upplýsingar í síma 860 7701.



Til sölu Fleedwood Offroad '08 einn með öllu, skoða skipti á koju hjólhýsi eða minni Fleetwood. Verð : 2990þ.

Colman"8fet"97 árg. vel með farinn, nýjar legur,dekk, stórt fortjald, tveir rafgeymar aftan,plast gaskútur, nýlegar dýnur. 630þ. s. 821 5885.

Paradiso Gran árg '98, til sölu. Í mjög góðu ástandi, einfalt í notkun. Svefnpláss fyrir 4. Mjög létt í drætti. Uppl. í s. 869 6779 á kvöldin.

Fleetwood Cheyenne árg. 2008, 10 fet, geymt inni, verð 2.200 þ.kr. uppl. 8444772

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



BESTU RITDEILURNAR, ÁDREPURNAR, SKAMMIRNAR OG ALLAR HINAR AÐSENDU GREINARNAR ERU Á VÍSI.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp–upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir




# TAX FREE DAGAR

## *Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Dagana 16. - 19. júní afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 19. júní 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** óskiptu, **6.** í röð, **8.** meiðsli, **9.** pota, **11.** númer, **12.** skattur, **14.** mont, **16.** átt, **17.** hyggja, **18.** stjórnarumdæmi, **20.** klukka, **21.** kaupbætir.

**LÓÐRÉTT**
**1.** krass, **3.** 950, **4.** jarðbrú, **5.** dýrahljóð, **7.** skór, **10.** for, **13.** gagn, **15.** ruddi, **16.** rá, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** öllu, **6.** rs, **8.** mar, **9.** óta, **11.** nr, **12.** tíund, **14.** grobb, **16.** sv, **17.** trú, **18.** lén, **20.** úr, **21.** álag.
**LÓÐRÉTT: 1.** krot, **3.** lm, **4.** landbrú, **5.** urr, **7.** stígvél, **10.** aur, **13.** not, **15.** búri, **16.** slá, **19.** na.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið



Þú færð Fréttablaðið á 21 stað á Vesturlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt.**

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

Olís, Kjalarnesi
Krónan, Akranesi
Olís, Akranesi
Bónus, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Borgarnesi
Bónus, Borgarnesi
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Olís, Stykkishólmi
Bónus, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 verslun, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Smáalind, Patreksfirði

**Það fá allir afmælisblöðru*** **á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**

*Meðan birgðir endast



FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

**Allt sem þú þarft**



Leikhópurinn Lotta verður á ferð um landið í allt sumar og sýnir

# Mjallhvíti og dvergana sjö.

Fylgist með á Facebook og á www.leikhopurinnlotta.is



**Vesturland og Vestfirðir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 7. júní | þriðjudagur | kl. 18 | Akranes |
| 9. júní | fimmtudagur | kl. 18 | Borgarnes |
| 10. júní | föstudagur | kl. 18 | Ólafsvík |
| 11. júní | laugardagur | kl. 13 | Grundarfjörður |
| 11. júní | laugardagur | kl. 17 | Stykkishólmur |
| 12. júní | sunnudagur | kl. 13 | Patreksfjörður |
| 12. júní | sunnudagur | kl. 17 | Tálknafjörður |
| 13. júní | mánudagur | kl. 18 | Ísafjörður |
| 14. júní | þriðjudagur | kl. 18 | Bolungavík |
| 2. júlí | laugardagur | kl. 14 | Hólmavík, Hamingjudagar |
| 9. júlí | laugardagur | kl. 13 | Munaðarnes |
| 9. júlí | laugardagur | kl. 17 | Húsafell |
| 30. júlí | laugardagur | kl. 13 | Munaðarnes |
| 30. júlí | laugardagur | kl. 17 | Húsafell |
| 7. ágúst | sunnudagur | kl. 15 | Gilsfj., Ólafsdalshátíð |


# Löggulíf – extended version

**BAKÞANKAR**
**Sigríðar Víðis Jónsdóttur**



Í sumar eigum við eftir að heyra í fréttum af heysprettu víða um land, fjölmennum fótboltamótum, umferð úr og í bæinn og týndu ferðafólki. Eitt vinsælasta efnið verður hins vegar íslenskar löggufréttir. Lögreglan vinnur afar erfitt og mikilvægt starf en fyrr má rota en dauðrota með nákvæmum fréttum af einum og tveimur sem stöðvaðir voru fyrir grun um ölvun eða hraðakstur. Lögguáherslan verður sjaldan ýktari en þegar kemur að bæjarhátíðum.

Fyrirsjáanleg dagskrá, blöðrur og hoppkastalar einkenna hátíðarnar vissulega en þær eru líka fallegar og skemmtilegar og oft langstærsti viðburður ársins í viðkomandi bæjarfélagi. Það er ódýr afgreiðsla að hringja í lögguna á staðnum og einblína á það hvað hún gerði – eða gerði ekki.

**„ÞRÍR** voru teknir fyrir ölvunarakstur á hátíðinni Á góðri stundu í Grundarfirði þar sem yfir tvö þúsund manns voru saman komnir.“ Klassískt stef. Dæmi úr útvarpsfrétt í fyrra. Í annarri hádegisfrétt, í öðrum miðli, var ekki vikið orði að stórkostlegu götugrilli sem fram fór í hverri einustu götu á Akranesi. Stuttri frétt af bæjarhátíðinni var þess í stað eytt í að segja: „Fjórir gistu fangageymslur síðastliðna nótt, tveir sökum ölvunar og einn var tekinn fyrir ölvunarakstur. Þá var einn tekinn með fíkniefni og bíður nú skýrslutöku.“ Er þetta í alvörunni lýsandi fyrir 6.500 manna bæ sem er skreyttur í bak og fyrir og troðfullur af gestum? Er þetta yfirhöfuð fréttnæmt?

**KVÖLDIÐ** eftir fjölmenntu ungir sem aldnir í brekkusöng. Eftir sönginn streymdi fólk úr brekkunni á bryggjuna þar sem langstærsta ball ársins á Skaga var haldið: Lopapeysan. Þangað mætir meirihluti fólks í heimaprjónuðum peysum. Og í hádegisfréttum daginn eftir? „Talsverður erill var hjá lögreglu á Akranesi í nótt (…) Nokkrir þurftu að gista í fangageymslu sökum ölvunar. Einn ökumaður var handtekinn grunaður um ölvunarakstur og annar ökumaður var stöðvaður undir morgun, en sá var talinn hafa ekið undir áhrifum fíkniefna.“

**EFTIR** aðra helgi með fimm bæjarhátíðum var þetta í útvarpsfréttum þar sem litið var yfir helgina: „Nóttin var að mestu róleg hjá lögreglunni á Selfossi, en tveir voru teknir vegna gruns um ölvun við akstur.“ Á frídegi verslunarmanna heyrðum við hins vegar þetta: „Tíðindalítið er af útihátíðum um allt land. Lögreglan hefur ekki þurft að hafa afskipti af leiðindauppákomum og brotlegu hátterni manna í nótt.“ Uuu – það að tíðindalítið sé af lögreglunni þýðir ekki endilega að tíðindalaust sé af hátíðunum sjálfum!

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

LACIE

### 8GB MINNISLYKILL

Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki

**4.990**

4GB 2.990 • 16GB 9.990

SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND

3 LITIR

LACIE

### 500GB FLAKKARI

Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

**12.900**

320GB 9.990 • 1TB 19.900

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

LACIE

### 1TB FLAKKARI

Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

**11.900**

HANNAÐUR AF NEIL POULTON

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

# GÓÐ



BÍLAFÁNI
**129**

**Íslenski fáninn fyrir 17. júní**
Flottur fáni til að festa á bílinn á frábæru verði!

ÍSLENSKI FÁNINN
**95**

**Íslenski fáninn fyrir 17. júní**
Flottur fáni á priki fyrir káta krakka! Fáni: 30 x 46 sm. Prik: 60 sm.



**KUBB víkingaspil**
Sniðugt í ferðalagið, útileguna eða garðinn. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

VERÐ ÁÐUR: 2.495,-
**1.995**

**20% AFSLÁTTUR**



TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET
**36.990**

**Trampólín**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn. Stærð: H70 sm. Ø 305 sm.
Trampólín **26.990,-** Öryggisnet **16.990,-**
Trampólín + öryggisnet **36.990,-** Stigi **3.495,-**
Aukahlíf stærð: Ø 305 sm. **4.995,-**

**SPARIÐ 6.990**



FLÍSPONCHO FULLORÐINSSTÆRÐ
**1.995**

**LOKSINS FÁANLEG AFTUR!**

**Flísponcho með hettu**
Flott flísponcho með hettu. Margir fallegir litir fáanlegir. Fást í barna- og fullorðinsstærðum.

FLÍSPONCHO BARNASTÆRÐ
**1.495**



GRILLÁHÖLD 3 STK.
**459**

3 STK.

**Grilláhöld**
Fín grilláhöld. 3 stk. saman í pakka. Settið inniheldur spaða, gaffal og töng.



**COLORADO kúlugrill**
Lítið og nett kúlugrill úr emeleruðu, svörtu járni. Stærð: Ø43 sm. Vinnuhæð: 60 sm.

KÚLUGRILL
**3.895**



**PORTO borð + 2 BRAVA stólar**
Garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø60 sm. Sessa og bak úr sterku polyrattan efni. Borð **3.495,-** Stóll **2.895,-**

BORÐ OG 2 STÓLAR
**8.995**

**FRÁBÆRT VERÐ**



**Grillbursti**
Góður, langur grillbursti. Nauðsynlegur í sumar til að halda grillinu hreinu!

GRILLBURSTI
**299**



**Grillpinnar**
100 stk. í pakka á frábæru verði! Lengd: 30 sm.

100 STK.

100 STK. GRILLPINNAR
**199**

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# KAUP!

**TILBOÐIN GILDA 16.06-19.06**



**TORINO sólstóll**
Góður sólstóll úr stáli með þykkri og mjúkri sessu úr polyester- og bómullarefni. Sólstóll sem hægt er að leggja alveg saman.

33% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.995,-

1.995



KÆLIBOX

1.895

**Kælibox**
22 lítra kælibox.
Stærð: B22 x L40 x H39 sm.



SUMARSÆNG

1.995

**Sumarsængur**
Léttar og þægilegar sumarsængur í flottum, sumarlegum litum. Tilvaldar í sumarbústaðinn eða í útileguna!
Stærð: 140 x 200 sm.



**JUPITER**
Svefnpoki 80 x 220 sm.

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +4/+18°C
Lágmarkshiti -6°C

FULLT VERÐ: 6.995,-

4.995

SPARIÐ 2.000



OPEN AIR

9,85 kg

1200 mm

6 MANNA

25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 19.990

14.990

**ALP tjald**
Nett og gott 6 manna tjald með tveimur aðskildum svefnhólfum og góðu alrými á milli.
Ágætt fortjald. Stærð: 240 x 540 x 190 sm. Þéttleiki: 1200 mm/cm2. Þyngd: 9,85 kg.



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.995

1.495

**Útilegustóll**
Flottir barna útilegustólar á frábæru verði!
Nokkrir mismunandi litir fáanlegir.



LEIKTJALD

1.995

**Leiktjald**
Sniðugt barnaleiktjald á frábæru verði! Fjórir mismunandi litir og gerðir fáanlegar.



**MOUNT RUSHMORE WELLPUR heilsukoddi**
Góður alhliða heilsukoddi með þrýstijafnandi eiginleika. Mjúkt og gott áklæði. Poki fylgir. Tilvalinn ferðakoddi!
Stærð: 24 x 42 x 13 sm.

FRÁBÆRT VERÐ!

HEILSUKODDI

1.995,-

HREIN EFNI



Price Star

VERÐ FRÁ:

439

**Flísteppi**
Einlit, mjúk flísteppi fáanleg í nokkrum mismunandi litum á frábæru verði! Stærð: 130 x 160 sm.

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# menning
menning@frettabladid.is

**!** **TANGÓDAGSKRÁ Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU** Tangóævintýrafélagið stendur fyrir tangókaffihúsi í Þjóðmenningarhúsinu á morgun. Dansararnir Matias Facio og Claudia Rogowski kenna og sýna tangó milli klukkan 18 og 21. Hljómsveitin Fimm í tangó leikur argentínska tangótónlist. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis til klukkan 21 en dagskrá er til klukkan 23.

## Tropicalia á Jómfrúnni

Tropicaliasveit Kristínar Bergsdóttur kemur fram á þriðju tónleikum sumartónleikaraðar Jómfrúarinnar við Lækjargötu á laugardag.

Hópurinn flytur frumsamið efni í bland við tónlist meðlima brasilísku Tropicalia-hreyfingarinnar ásamt annarri brasilískri tónlist. Tropicalia var hópur listafólks sem starfaði saman í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1968 en tónlist þeirra og hugmyndafræði skipa mikilvægan sess í brasilísku menningarlífi enn þann dag í dag.

Kristín Bergsdóttir söngkona er driffjöður sveitarinnar en hana skipa einnig Samúel Jón Samúelsson á básúnu og slagverk, Daníel Helgason á gítar, Arnljótur Sigurðsson á bassa og Matthías Hemstock á trommur.

Tónleikarnir hefjast klukkan 15 og standa til klukkan 17. Aðgangur


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON
SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT
08.06.11 - 14.06.11




1 Allt á floti
Kajsa Ingemarsson




2 Rosabaugur yfir Íslandi
Björn Bjarnason




3 Ég man þig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




4 Fimbulkaldur
Lee Child




5 Handbók um íslensku
Jóhannes B. Sigtryggs., ritst.




6 10 árum yngri á 10 vikum
Þorbjörg Hafsteinsdóttir




7 Gauragangur - kilja
Ólafur Haukur Símonarson




8 Risasyrpa - Svarti Skuggi
Walt Disney




9 Brandarabók Andrésar nr. 2
Walt Disney




10 Mundu mig, ég man þig
kilja - Dorothy Koomson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872




**BRYNHILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR** Segir ekki sjálfgefið að sagan flytjist á milli kynslóða. Í bók sinni um Jón forseta reynir hún að sýna hvernig það var að vera barn á nítjándu öld.

## Hetjur voru einu sinni börn

**Ný bók fyrir börn um ævi og störf Jóns Sigurðssonar kemur út á morgun. Brynhildur Þórarinsdóttir, höfundur bókarinnar, segir brýnt að börn séu vakin til vitundar um að þau geti haft áhrif og tekið þátt í mótun samfélagsins.**




**ÓSKABARNIÐ** Í bókinni er Jóni fylgt eftir frá æskuárum í Arnarfirði fram á fullorðinsár í Kaupmannahöfn.

Óskabarn: Bókin um Jón Sigurðsson nefnist ný bók eftir Brynhildi Þórarinsdóttur, sem kemur út á 200 ára afmæli sjálfstæðishetjunnar á morgun. Bókin er skrifuð fyrir börn um ævi og störf Jóns forseta, æskuár hans, sjálfstæðisbaráttuna, lýðræðishugtakið og byltingar í Evrópu á 19. öld.

Bókin byggir á sýningu um sama efni sem Brynhildur og Sigurjón Jóhannsson settu upp í Þjóðmenningarhúsinu og er bókin ríkulega skreytt með vatnslitamyndum Sigurjóns.

Brynhildur segist hafa reynt að rýna ekki aðeins í sögu stjórnmálamanns heldur finna fleti sem börnum gætu þótt merkilegir.

„Sagan byrjar á barninu Jóni, þar sem hann ólst upp í Arnarfirði í upphafi nítjándu aldar; síðar segjum við frá unga manninum Jóni, sem flutti til Reykjavíkur og loks stjórnmálamanninum í Kaupmannahöfn. Þar fléttast inn í söguna fóstursonur Jóns þannig að bókin fjallar að miklu leyti um hvernig það var að vera barn á þessum tíma.“

Bókin verður því eins konar ferðalag um nítjándu öldina fyrir yngri kynslóðirnar; öld þar sem íslenska sveitasamfélagið var að taka breytingum, nútímavæðingin gekk í garð og lýðræði var að breiðast út um Evrópu.

„Það verða heilmiklar breytingar á Íslandi á þessum tíma. Arnarfjörður árið 1817, þegar Jón var sex ára, er börnum nú til dags framandi. Sama á við um Reykjavík í kringum 1830, sem á lítið skylt við þá borg sem þau þekkja nú. Það er meðal annars komið inn á samgöngur á þessum tíma, samskipti fólks, fjölskyldulíf og erfiðleika á borð við barnadauða, kulda og almenna vosbúð. En samt voru börn alltaf börn. Jón þurfti að vinna frá sjö ára aldri – en hann þurfti líka að leika sér. Þetta finnst krökkum mjög gaman að fræðast um.“

Brynhildur segir að stundum sé látið eins og sagan gangi allt að því sjálfkrafa niður til yngri kynslóða. Börn viti hins vegar ekki endilega hvers vegna 17. júní er haldinn hátíðlegur eða hver maðurinn á fimm hundruð króna seðlinum er.

„Það þarf að búa til betri tengingu fyrir börn við þjóðhátíðardaginn og um leið setja hann í evrópskt samhengi; sjálfstæðisbaráttan var ekki fundin upp hér. Í gegnum Jón er að hægt að segja söguna af því hvernig lýðræði var að þróast í Evrópu og hversu mikilvægt er að fólk taki þátt í að móta samfélag sitt á hverjum tíma.

Við viljum vekja börn til vitundar um að þau geti haft áhrif og unnið að sínum hugmyndum um breytt og betra samfélag eins og Jón gerði. Allar hetjur voru jú einu sinni börn.“ bergsteinn@frettabladid.is

## Einitréð endursýnt í Bíói Paradís

Sérstök hátíðarsýning verður á bandarísk-íslensku kvikmyndinni The Juniper Tree – Einitrénu – með Björk Guðmundsdóttur í aðalhlutverki, í Bíói Paradís annað kvöld.

Einitréð er byggð á samnefndu ævintýri eftir Grimmsbræður. Tvær systur, Margit og Katla, flýja heimili sitt eftir að móðir þeirra er grýtt til bana fyrir að stunda galdra. Þær fara þangað sem enginn þekkir þær og kynnast ekklinum Jóhanni og syni hans Jónasi. Katla notar galdra til að táldraga Jóhann og þau byrja að búa saman. Margit og Jónas verða vinir. Jónas neitar hins vegar að samþykkja Kötlu sem stjúpmóður sína og reynir að sannfæra föður sinn um að fara frá henni. En galdrar Kötlu eru of sterkir og þó að Jóhann vilji fara frá henni þá getur hann það ekki. Myndin er á ensku og er leikstýrt af Nietzchka Keene. Allir leikararnir eru hins vegar íslenskir. Auk Bjarkar leika í myndinni Bryndís Petra Bragadóttir, Valdimar Örn Flygenring, Guðrún S. Gísladóttir og Geirlaug Sunna Þormar.

Myndin var tekin upp á Íslandi árið 1986 en vegna fjárhagserfiðleika var hún ekki frumsýnd fyrr en fjórum árum síðar. Sýningin í Bíói Parísdís er í tilefni af rúmlega tuttugu ára afmæli myndarinnar og verða aðstandendur hennar viðstaddir, þar á meðal framleiðandinn Patrick Moyroud. Einitréð er líklega þekktasta mynd bandarísku leikstýrunnar Nietzchka Keene. Hún lést úr krabbameini 2004.

Hátíðarsýningin í Bíói Paradís er klukkan 20 annað kvöld.



**ÚR EINITRÉNU** Myndin er á ensku en myndin var tekin á Íslandi 1986 og eingöngu skipuð íslenskum leikurum, þar á meðal Björk Guðmundsdóttur sem lék aðalhlutverkið.



Gleðilegan þjóðhátíðardag
Gleðilegt sumar
Allt klárt fyrir 17. júní
Hjól úr áli
29.990
26"
Vnr. 49620203
Reiðhjól
26" fjallahjól úr áli, 18 gíra, silfurlitað.
Fullt verð: 39.990
24"
Vnr. 49620202
Reiðhjól 24.900
Reiðhjól 24", 18 gíra með Shimano gírabúnaði.
Fullt verð: 29.990
290
Vnr. 41710002
Fáni
Íslenski fáninn á priki
28" götuhjól með brettum og bögglabera
28"
Vnr. 49620200
Götuhjól 24.900
28" götureiðhjól fyrir karla, 6 gíra með brettum og bögglabera.
Fullt verð: 29.990
Vnr. 41118367
Sápukúlulögur 120
Sápukúlulögur.
Vnr. 88024030
Sápukúlusett
Sápukúlusett.
1.590
Vnr. 41118189
Fótbolti
Fótbolti, stærð 5.
1.990
Vnr. 49401324
Snuð
Brjóstsykursnuð með bandi
250
Vnr. 41710007
Vindmylla
Vindmylla á priki
350
BYKO
EXPO · www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 16. júní 2011**

### → Tónleikar

**20.00 Jóhanna Guðrún** heldur tónleika í **Salnum**, Kópavogi, til heiðurs bandarísku tónlistarkonunni Evu Cassidy. Aðgangseyrir er kr. 3.300.

**20.00 Friðrik Ómar** og **Jógvan Hansen** flytja Vinalög í **Grafarvogskirkju**. Aðgangseyrir er kr. 2.000.



**20.30 Bubbi Morthens** og **Sólstafirnir** fagna útgáfu plötunnar Ég trúi á þig með tónleikum í **Hofi**, Akureyri. Miðaverð er kr. 3.900 og er miðasala á www.midi.is.

**22.00** Tónleikar með **Andreu Gylfa** og **Blúsmönnum** á **Græna hattinum**, Akureyri. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**23.00** Þýski raftónlistarmaðurinn **Motor City Drum Ensemble** spilar á **Faktorý** ásamt **Óla Ofur**, **Bypass** og **Asli**. Miðaverð er kr. 1.500 í forsölu en kr. 2.000 við hurð. Miðasala í verslunum Mohawks.

### → Söfn

**20.00 Minjasafn Reykjavíkur** býður til sögugöngu um slóðir **Jóns Sigurðssonar**. Lagt verður upp frá **Grófinni**, milli Tryggvagötu 15 og 17 og er þátttaka ókeypis.

### → Hönnun og tíska

**18.00 Strákapartý** í versluninni **Kronkron**, Laugavegi 63b. Happdrætti með veglegum vinningum, plötusnúður og léttar veigar í boði.

### → Kvikmyndir

**20.00** Lokakvöld **Stuttmyndadaga í Reykjavík** í **Bíó Paradís**. 18 íslenskar myndir taka þátt og veitt verðlaun fyrir þrjár bestu myndirnar. Aðgangur ókeypis.

### → Ljósmyndasýningar



**17.00** Tvær ljósmyndasýningar verða opnaðar í **Þjóðminjasafni Íslands** í dag. **Ásfjall** eftir **Pétur Thomsen** og **Ljósmyndir úr Íslandsheimsókn 1955** eftir **Kurt Dejmo**. Ókeypis aðgangur á opnunina og á 17. júní.

### → Myndlist

**17.00 25 ára MA stúdentar** er yfirskrift myndlistarsýningar sem opnar í **galleriBOX** á Akureyri í dag. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Ljósmyndin ræður ríkjum

**Ljósmyndasýningin World Press Photo verður opnuð í Kringlunni í dag. Þar verða til sýnis verðlaunamyndir í þessari viðamestu fréttaljósmyndakeppni heims.**

Ljósmyndasýningar World Press Photo (WPP) hafa verið árlegur viðburður á Íslandi síðan 1984, að síðastliðnum tveimur árum undanskildum. WPP stendur að viðamestu fréttaljósmyndasamkeppni heims á hverju ári. Alls sendi 5.691 ljósmyndari frá 125 löndum 108.059 myndir í keppnina í ár. Dómnefnd skipuð atvinnuljósmyndurum velur bestu myndirnar sem sýndar eru á sýningum á borð við þá í Kringlunni víðs vegar um heim.

„Það mæðir mikið á dómnefndinni, eins og þú getur rétt ímyndað þér," segir Femke van der Valk, fulltrúi WPP, sem er á Íslandi í tilefni af sýningunni sem verður opnuð í Kringlunni klukkan 17.30 í dag.

WPP eru sjálfstæð samtök sem voru stofnuð í Hollandi 1955 með það að markmiði að styðja við og kynna störf fréttaljósmyndara á alþjóðlegum vettvangi.

Spurð út í stöðu fréttaljósmyndunar segir van der Valk ýmsa kosti og galla.

„Myndin hefur aldrei verið jafn útbreidd og nú til dags; ljósmyndir og myndbönd eru ráðandi miðlar á 21. öldinni. Að því leyti er staða fréttaljósmyndunar sterk. Á hinn bóginn lifum við á tíma hraða og tímaskorts. Það er erfiðara að fá styrki til verkefna sem taka langan tíma á sviði fréttaljósmyndunar en fyrir nokkrum árum. Að sama skappi eru ótrúlega margir skapandi ljósmyndarar að störfum í dag, eins og sýningin ber vitni um."

Jón Gnarr borgarstjóri opnar sýninguna í Kringlunni formlega klukkan 17.30 í dag. Canon og TNT kosta World Press Photo um allan heim. Að sýningunni hér á landi standa Kringlan, Fréttablaðið, Nýherji og auglýsingastofan Jónsson & Le'macks. Í tengslum við WPP efna Nýherji, Kringlan og Blaðaljósmyndarafélag Íslands til ljósmyndasamkeppni fyrir íslenska blaðaljósmyndara. Nánari upplýsingar á www.pressphoto.is.

bergsteinn@frettabladid.is



**FEMKE VAN DER VALK** Fulltrúi World Press Photo segir ljósmyndina aldrei hafa verið jafn útbreidda og nú. Á hinn bóginn sé orðið erfiðara fyrir ljósmyndara að fá styrki fyrir verkefni sem taki lengri tíma; allt þurfi að gerast hratt og strax. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



### VERÐLAUNAMYNDIN

Verðlaunamyndin í ljósmyndakeppni WPP í ár er tekin af suður-afríska ljósmyndaranum Jodi Bieber. Hún sýnir **Bibi Aisha** (18) sem var afskræmd fyrir að flýja frá heimili eiginmanns síns í Oruzgan-héraði í Afganistan. Hún sneri aftur til foreldrahúsa og kvartaði yfir illri meðferð af hendi tengdafólks síns en talíbanar rændu henni og skáru af henni eyru og nef í refsingarskyni. Aishu var síðar bjargað og færð í athvarf í Kabúl, á vegum hjálparstofnunarinnar Women for Afghan Women. Síðar var hún flutt til Bandaríkjanna til frekari aðhlynningar og lýtalækninga. Mynd Bieber er fyrsta portrettmyndin til að hljóta aðalverðlaun WPP.

# Rosabaugur seldist upp

**Fyrsta upplag Rosabaugs yfir Íslandi eftir Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, er uppselt hjá útgefanda.**

**Bókin er í efsta sæti á metsölulista Eymundssons í flokki handog fræðibóka. Í bókinni fer Björn yfir Baugsmálin svonefndu, eins og þau blasa við honum. Bókin hefur selst vel en hlotið misjöfn viðbrögð. Ritrýnir Fréttablaðsins gaf bókinni þrjár stjörnur og sagði hana feng fyrir áhugafólk um þjóðmál, en fann að skorti höfundarins á sjálfsgagnrýni.**

**Önnur prentun af Rosabaugi yfir Íslandi er væntanleg í verslanir á næstu dögum.**



**ÚR SÝNINGUNNI** Jóna Sigríður býr til dæmis til dúkkur í skrautlegum klæðum.

# Sýning um förukonu

Jóna Sigríður Jónsdóttir myndlistarkona opnar sýninguna Viggu í Byggðasafninu Skógum á morgun.

Viðfangsefni sýningarinnar er bernskuminning Jónu um förukonuna Vigdísi Ingvadóttur (1864-1957), Viggu eins og hún var einatt kölluð, sem flakkaði á milli bæja og fékk til þess nokkurt frelsi þótt hún ætti að heita vistráðið hjú. Vigga skreytti fötin sín gjarnan með tölum og alls konar glingri sem varð á vegi hennar.

Jóna Sigríður hefur tekið þátt í mörgum samsýningum en Vigga er fyrsta einkasýning hennar. Sýningin stendur til 1. júlí næstkomandi.

THULE® SWEDEN

AFMÆLISTILBOÐ

TAKMARKAÐ MAGN

Ferðabox



| NÚMER | HEITI | LÍTRAR | LITIR | VERÐ ÁÐUR | TILBOÐ | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 631100 | Pacific 100 | 370 | grátt | 59.900 | 49.900 | 10.000 |
| 631200 | Pacific 200 | 460 | grátt/svart | 79.900 | 65.900 | 14.000 |
| 631500 | Pacific 500 | 330 | grátt/svart | 69.900 | 55.900 | 14.000 |
| 631600 | Pacific 600 | 340 | grátt/svart | 89.900 | 79.900 | 10.000 |
| 631700 | Pacific 700 | 460 | grátt/svart | 97.900 | 85.900 | 12.000 |

Sjá nánar á: www.stilling.is/ferdabox

Stilling hf. | Sími 520 8000
www.stilling.is | stilling@stilling.is

Stilling



**SÖGUR** Þátttakendur á norræna sagnaþinginu geta valið á milli fimm námskeiða á Núpi í Dýrafirði í júlí.

# Sagnalist á Núpi

Norrænt sagnaþing verður haldið í nítjánda sinn, og í annað sinn hér á landi, á Núpi í Dýrafirði dagana 24. til 30. júlí næstkomandi. Þar verða haldin námskeið og sagðar sögur á norrænum tungum og einnig ensku, en meðal leiðbeinenda eru reyndir sagnamenn, rithöfundar og leikarar frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Íslandi og Bretlandseyjum.

Þingið er sett á sunnudegi, en námskeið hefjast á mánudegi og þeim lýkur á föstudagskvöldi með hátíðarkvöldverði. Haldið er þeim eftir morgunverð á laugardegi. Um miðja vikuna verður farið í skemmtiferð með leiðsögn á söguslóðir Gísla Súrssonar.

Námskeið, kvöldvökur, fullt fæði og gisting í tveggja manna herbergjum er innifalið í þátttökugjaldinu, sem er 76.000 krónur. Umsókn og greiðsla þarf að hafa borist fyrir 24. júní. Pláss er fyrir takmarkaðan fjölda þátttakenda á hvert námskeið.

Þingið er styrkt af Menningarráði Vestfjarða og Nordisk kulturfond. Nánari upplýsingar má finna á sagnating.123.is.




## Sumarútsala á Sony Vaio fartölvum, Sony BRAVIA sjónvörpum, Sony Handycam og Sony Cyber-shot & Alpha myndavélum!

## Dagana 16.-25. júní verður Sony-sumar í Sony Center í Kringlunni

Sparaðu 40.000,-



VPCEA4S1E
Sony Vaio fartölva

Fartölva sem tekið er eftir.
i3 örgjörvi, 320GB HD og
ATI Mobility Radeon myndvinnsla
Windows7 Home Premium 64Bit
Playstation 3 samhæfing

Listaverð: 189.990,-
Sumarútsöluverð: 149.990,-

Sparaðu 20.000,-



VPCYB1S1E
Sony Vaio fartölva

AMD A50M Fusion örgjörvi
2Gb RAM
320GB Harður diskur
6,5 klst. rafhlöðuending
Aðeins 1,46 kg.

Listaverð: 119.990,-
Sumarútsöluverð: 99.990,-

Sparaðu 5.000,-



DSC-W310
Sony Cyber-shot myndavél

12,1 megapixlar
4x optical zoom
2,7" skjár
Face detection
Smile shutter

Listaverð: 24.990,-
Sumarútsöluverð: 19.990,-

Sparaðu 50.000,-



HDR-XR106
Sony Handycam tökuvél

80GB HDD
MemoryStick upptaka
1920x1080 HD upptaka
30 klst. á innbyggðan harðan disk
10x aðdráttur um linsu

Listaverð: 149.990,-
Sumarútsöluverð: 99.990,-

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum án aukakostnaðar

# Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is


BON IVER


ARCTIC MONKEYS

## > Í SPILARANUM

Bon Iver - Bon Iver
Lockerbie - Ólgusjór
Lame Dudes - Hversdagsbláminn
Guðmundur - Guðmundur
Arctic Monkeys - Suck It and See

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Tvöföld plata frá Sólstöfum í haust

Hljómsveitin Sólstafir hefur gengið frá samningi við útgáfufyrirtækið Season of Mist. Tvöföld plata með sveitinni kemur út í haust.

„Við vorum í samningaviðræðum við þrú stór fyrirtæki, en fleiri sýndu einnig áhuga,“ er haft eftir Sæþóri Maríusi Sæþórssyni, gítarleikara Sólstafa, í fréttatilkynningu frá sveitinni. „Hin tvö fyrirtækin eru reyndar stærri en Season, en annað þeirra er hálfgerð risaeðla á meðan Seasons of Mist hefur verið á stöðugri uppleið síðustu ár,“ segir hann enn fremur. Season of Mist hefur nokkra af risunum í þungarokksheiminum á sínum snærum. Þar ber helst að nefna hljómsveitirnar Morbid Angel, Mayhem, Jarboe, Watain, Atheist, The Dillinger Escape Plan og Cynic.

Meðlimir Sólstafa hafa eytt síðasta mánuði í upptökur á nýju efni. Sveitin átti nóg af lögum á lager og verður því fyrsta platan hjá nýju útgáfufyrirtæki tvöföld. Hún kemur út í haust og í kjölfarið leggur sveitin upp í tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin.


**HARÐIR** Aðalbjörn Tryggvason og félagar í þungarokkssveitinni Sólstöfum gefa út tvöfalda plötu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *Ein á viku frá Suede*

Suede var ein af fyrstu britpop-hljómsveitunum og líka ein af þeim bestu. Hún var stofnuð í London árið 1989 af söngvaranum Brett Anderson, gítarleikaranum Bernard Butler, bassaleikaranum Mat Osman og trommuleikaranum Simon Gilbert. Hún sendi frá sér sína fyrstu plötu, hina Mercury-verðlaunuðu Suede, árið 1993, en hætti störfum tíu árum seinna eftir dræma sölu á fimmtu plötunni, A New Morning.



**FEITUR PAKKI** Fyrsta plata Suede er nýkomin út í þrefaldri viðhafnarútgáfu.

Suede kom saman aftur í fyrra og fór í stórt tónleikaferðalag um Evrópu og hefur líka spilað töluvert að undanförnu. Þeir félagar spiluðu til að mynda þrjár fyrstu plöturnar í heild sinni á þremur tónleikum í Brixton Academy í London í maí og sveitin spilar á nokkrum tónlistarhátíðum í sumar.

Þessa dagana eru jafnframt að koma á markaðinn viðhafnarútgáfur af öllum fimm plötunum þeirra. Það er Edsel fyrirtækið sem gefur út, en allar plöturnar koma í þrefaldri útgáfu með tveimur geisladiskum og einum DVD-diski. Það kemur ein plata á viku. Fyrsta platan, hin frábæra Suede, kom út 30. maí, Dog Man Star kom 6. júní, Coming Up 13., Head Music er væntanleg 20. og A New Morning 27.

Eins og við er að búast frá Edsel er öll vinna á þessum útgáfum fyrsta flokks og þær svigna hreinlega undan aukaefninu. Það eru t.d. yfir 30 lög á nýju útgáfunni af fyrstu plötunni og 30 lög að auki á DVD-inu og nýtt viðtal við Brett og Bernard.

Það er hinsvegar ekki von á Suede plötu með nýjum upptökum í bráð þar sem Brett Anderson er búinn að taka upp sína fjórðu sólóplötu, Black Rainbows, og gefur hana út 26. september.

# TVEIR HEIMAR MÆTAST

**Afrísk kúbanska súpergrúppan Afrocubism er væntanleg til Íslands til að halda tónleika í Eldborgarsal Hörpu 28. júní. *Trausti Júlíusson* kynnti sér þessa merku sveit og spáði í það hvers er að vænta á þessum stóra heimstónlistarviðburði.**

Árið 1996 stóð til að úrval malískra tónlistarmanna flygi til Kúbu til að hitta nokkra af færustu söngvurum og hljóðfæraleikurum eyjunnar. Hugmyndin var að þessir hópar gerðu plötu sem blandaði saman tónlistarhefð landanna tveggja. Af ástæðum sem ekki eru á hreinu komu afrísku hæfileikamennirnir aldrei til Kúbu og í staðinn gerðu kúbönsku listamennirnir öðruvísi plötu. Sem betur fer segja sumir, því að sú plata, Buena Vista Social Club, seldist í milljónum eintaka og kom af stað heimstónlistarvakningu sem enn stendur yfir. Eftir útkomu Buena Vista Social Club jókst áhugi fyrir kúbanskri tónlist til muna. Á síðustu árum hefur malísk tónlist líka verið að gera það gott á heimsvísu.

**Að fjórtán árum liðnum**

Það var Nick Gold hjá World Circuit útgáfunni sem fékk hugmyndina árið 1996 og í fyrra, fjórtán árum seinna, datt honum í hug að láta hana verða að veruleika. Hann hóaði í nokkra eftirlifandi meðlimi Buena Vista klíkunnar og marga af frægustu tónlistarmönnum Malí og saman gerðu þeir plötuna Afrocubism sem kom út í október í fyrra. Á plötunni eru bæði lög eftir Kúbverjana og Malímennina og það verður að segjast að þessir tveir tónlistarheimar blandast mjög vel og útkoman er áheyrileg. Það kemur svo sem ekki á óvart, þar sem kúbönsk tónlist byggir að nokkru leyti á afrískri tónlist og tónlist frá Kúbu hefur lengi notið vinsælda í Vestur-Afríku, þ.á m. í Malí.

**Hróarskelda og Harpa**

Afrocubism-platan sló samstundis í gegn hjá heimstónlistarunnendum og var á listum flestra heimstónlistarmiðla yfir bestu plötur ársins 2010. Í kjölfar útgáfunnar var blásið til mikillar tónleikaferðar sem enn stendur yfir. Á meðal viðkomustaða sveitarinnar í sumar eru fjölmargar tónlistarhátíðir, þ.á m. Hróarskelda og tónleikahús eins og Royal Albert Hall í London og Harpa í Reykjavík. Það er óhætt að hvetja unnendur bæði afrískrar og kúbanskrar tónlistar til þess að láta sig ekki vanta í Eldborg 28. júní.


**SNILLINGAR** Kasse Mady Diabate og Bassekou Kouyate troða upp með Afrocubism í Hörpu síðar í mánuðinum. NORDICPHOTOS/GETTY

### ÞEIR SPILA Í HÖRPU

*Ellefu meðlimir eru í Afrocubism en þessir fimm eru sennilega þekktastir:*

**TOUMANI DIABATÉ** Spilar á koru, sem er vestur-afrísk belgharpa. Hann þykir fremsti koru-leikari heims og hefur unnið með mörgum frægum tónlistarmönnum, þ.á m. Björk og Damon Albarn auk þess að hafa gert tvær plötur með Ali Farka Touré heitnum og margar sólóplötur.

**JOSÉ ANGEL MARTINEZ** kontrabassaleikari. Hefur spilað mikið með Eliades Ochoa.

**BASSEKOU KOUYATE** Spilar á ngoni, sem er malísk lúta. Hefur spilað með mörgum og á að baki tvær frábærar sólóplötur, Segu Blue og I Speak Fula.

**ELIADES OCHOA** Gítarleikarinn og söngvarinn með kúrekahattinn sem hefur komið tvisvar til Íslands með Buena Vista Social Club. Stundum kallaður Johnny Cash Kúbu.

**KASSE MADY DIABATÉ** söngvari. Hóf ferilinn fyrir yfir fjörutíu árum. Hefur gefið út nokkrar sólóplötur, m.a. Manden Djeli Kan sem kom út 2009.


# Prinsessu-skólinn



**Dæmi um það sem tekið er fyrir á námskeiðinu:**

**Yngri hópur:**
Litafræði
Hárgreiðsla/umhirða
Handsnyrting/fótsnyrting
Snyrtimennska
Ganga/líkamsburður
Danskennsla/vals
Borðsiðir

**Eldri hópur:**
Litafræði
Hárgreiðsla/umhirða
Húðsnyrting
Fataskápurinn
Ganga/líkamsburður
Dagförðun/kvöldförðun
Fatastíll

Prinsessunámskeiðið er ætlað stúlkum sem hafa áhuga á heilbrigðu líferni, fágaðri framkomu og snyrtimennsku. Námskeiðið er ein vika, 4 tímar í senn. Markmiðið er að nemendur læri almenna kurteisi, snyrtimennsku, framkomu og öðlist aukið sjálfstraust og sjálfsöryggi. Hverju námskeiði lýkur með tískusýningu þar sem stúlkurnar koma fram.

Skipt er í tvo aldurshópa, yngri hóp (8-12 ára) og eldri hóp (13-15 ára). Yngri hópur er fyrir hádegi (9-13) og eldri hópur eftir hádegi (13-17). Takmarkaður fjöldi í hverjum hópi.

**Vikur sem eru í boði:**
20. júní – 24. júní
27. júní – 1. júlí
4. júlí – 8. júlí
11. júlí – 15. júlí

Verð 18.500 kr. fyrir vikuna.

**Upplýsingar á www.utlit.is/prinsessuskolinn eða í síma 533 5101**



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir


### LAGALISTINN
Vikuna 9. - 15. júní 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Bruno Mars | *Lazy Song* |
| ▲ | 2 | A Friend In London | *New Tomorrow* |
| ▲ | 3 | Bubbi Morthens | *Blik augna þinna* |
| ▼ | 4 | Adele | *Someone Like You* |
| ▲ | 5 | GusGus | *Over* |
| ▶ | 6 | Valdimar | *Yfirgefinn* |
| ▲ | 7 | Lady Gaga | *The Edge Of Glory* |
| * | 8 | Memfismafían & Valdimar | *Það styttir alltaf upp* |
| ▼ | 9 | Ell & Nikki | *Running Scared* |
| ▲ | 10 | BlazRoca, Friðrik Dór, o.fl | *Reykjavíkurnætur* |

### TÓNLISTINN
Vikuna 9. - 15. júní 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| * | 1 | Bubbi | *Ég trúi á þig* |
| ▼ | 2 | Gus Gus | *Arabian Horse* |
| ▼ | 3 | Ýmsir | *Sjómenn: Íslenskir við erum* |
| ▲ | 4 | Páll Óskar | *Silfursafnið* |
| ▲ | 5 | FM Belfast | *Don't Want To Sleep* |
| ▼ | 6 | Ýmsir | *Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf* |
| ▼ | 7 | Magnús og Jóhann | *Ástin og lífið 1971-2011* |
| ▼ | 8 | Valdimar | *Undraland* |
| ▲ | 9 | Skálmöld | *Baldur* |
| ▼ | 10 | Lady Gaga | *Born This Way* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is


Jibbí jei!
9.-16. júní
Hverskyns „Body Butter"-húðnæring
með 25% afslætti
Verðdæmi: Coconut Body Butter verð áður 2190 kr. Verð nú 1640 kr.
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
GLERÁRTORGI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

>VINSÆLIR TIMBURMENN

Ekkert lát er á vinsældum kvikmyndarinnar **The Hangover 2** sem er nú sýnd í Sambíóunum. Alls hafa 33.719 séð myndina á síðustu þremur vikum samkvæmt síðustu tölum frá Smáís. Kung Fu Panda 2 hreppti hins vegar toppsætið í þessari viku, en rúmlega fjórtán þúsund áhorfendur hafa séð hana.



# bíó

bio@frettabladid.is

## Cohen í líki Saddam Hussein

Breski gamanleikarinn Sacha Baron Cohen er þekktur fyrir að fara ótroðnar slóðir í kvikmyndum sínum. Og nýjasta kvikmynd hans, The Dictator, á eflaust eftir að vekja mikla athygli.

Fyrstu myndinni af Cohen í gervi sínu var nýverið lekið á vefsíðuna Huffington Post en þar sést leikarinn í líki arabísks einræðisherra. Sem er ekkert skrýtið því Cohen leikur einmitt slíkan mann, skuggalega líkan Saddam Hussein. Hann neyðist til að flýja land og felur tvífara sínum að halda um stjórnartaumana á meðan hann felur sig í New York. Þar kynnist hann verslunarstjóra í heilsubúð sem opnar augu hans. Empire-kvikmyndavefurinn greinir reyndar frá því að verslunarstjórinn virðist ekki hafa ýkja mikil áhrif því samkvæmt opinberum söguþræði myndarinnar er hún: „saga af hetjudáð einræðisherra sem hættir lífi sínu til að koma í veg fyrir að lýðræði nái fram að ganga í landinu sem hann hefur kúgað af ástríðu og umhyggju.“

Empire segir einnig frá því að Cohen hafi sótt innblástur í írösku skáldsöguna Zabibah og konungurinn, en almennt er talið að Saddam Hussein hafi skrifað þá bók sjálfur. Þar segir frá ungri konu sem býr með ofbeldisfullum eiginmanni sínum en er bjargað af valdamiklum kóngi. Fyrir áhugasama sá Hussein sjálfan sig sem valdamikla kónginn, konan var Írak og ofbeldisfulli eiginmaðurinn Bandaríkin.



**GOTT GRÍN** Cohen leikur í kvikmyndinni The Dictator einræðisherra sem flýr land og felur sig í New York.

## Vill fá Bale sem Nóa

Darren Aronofsky er þessa dagana að reyna að fjármagna næstu kvikmynd sína, Noah's Ark. Þrátt fyrir að hann hafi verið tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir kvikmyndina Black Swan hafa kvikmyndaverin ekki verið reiðubúin að leggja til peninga nema Aronofsky verði sér úti um eitt stykki kvikmyndastjörnu og því bindur leikstjórinn miklar vonir við að stórleikarinn Christian Bale samþykki að leika sjálfan Nóa.

Myndin verður byggð á goðsögninni um Nóa eins og hún birtist í Biblíunni og greinir frá því þegar Guð Hebrea felur Nóa að reisa örk til að bjarga útvöldum lífverum frá syndaflóðinu. Ráðgert er að myndin kosti 130 milljónir dala í framleiðslu.



**NÓI** Christian Bale mun væntanlega leika Nóa í nýrri mynd.

# MEISTARINN OG LÆRLINGURINN

**Steven Spielberg er hinn eini sanni gullkálfur í Hollywood; hann er galdramaður á hvíta tjaldinu og kann þá list manna best að búa til alvöru poppkornskvikmyndir.**



**FLOTTIR DÓMAR** Super 8 hefur fengið flotta dóma í bandarískum fjölmiðlum, en leikstjórinn JJ Abrams hefur lýst því yfir að hún sé óður sinn til geimverumynda Stevens Spielberg.

Kvikmyndin Super 8 verður frumsýnd um helgina í Sambíóunum. Myndin segir frá hópi krakka sem festa á filmu magnaða atburðarás í bandarískum smábæ þegar lest frá ameríska hernum fer út af sporinu og óargadýr utan úr geimnum gengur laust. Aðalhlutverkin eru í höndum ungra og óreyndra leikara, fyrir utan Elle Fanning, sem hefur verið fyrir framan tökuvélarnar nánast allt sitt líf. Af eldri leikurum má kannski einna helst nefna Kyle Chandler sem áhorfendur Skjás eins gætu kannast við úr sjónvarpsþáttunum Friday Night Lights. Leikstjóri myndarinnar er JJ Abrams sem sló fyrst í gegn með sjónvarpsþáttunum sínum Lost. Super 8 gaf honum hins vegar stærsta tækifæri lífs hans þegar hann fékk að vinna með æskuhetjunni sinni; Steven Spielberg.

Abrams var níu ára þegar Spielberg gerði Jaws, magnaða hákarlamynd sem sló öll met í aðsókn og gerði hann að einum umtalaðasta leikstjóra Hollywood. Framhaldið þekkja allir, Spielberg reyndist vera töframaður í kvikmyndalistinni og er talinn einn áhrifamesti leikstjóri sem Hollywood hefur alið af sér. Abrams hefur lýst því yfir að kvikmyndir Spielbergs séu ein af meginástæðum þess að hann fór út í kvikmyndagerð, það hafi því verið draumur fyrir hann þegar Spielberg féllst á að framleiða Super 8.

Abrams hefur sagt að myndin sé óður til geimverumynda Spielbergs, E.T. og Close Encounters of the Third Kind. Hún skartar glæsilegum tæknibrellum eins og lög gera ráð fyrir í geimverumyndum en Abrams segir Spielberg hvorki hafa veitt sér ráð hvað þær varðar né um söguþráðinn. Hann hafi gefið sér ráð um hvernig ætti að umgangast unga leikara. „Spielberg vildi að ég leyfði krökkunum að notast við textavél þannig að þau þyrftu ekki að kvíða því að gleyma textanum og gætu einbeitt sér að leiknum,“ útskýrir Abrams í samtali við Daily News.

Þrjú ár eru nú liðin frá því að Spielberg sat sjálfur í leikstjórastólnum en aðdáendur hans geta farið að hlakka til; það styttist í kvikmynd hans um ævintýri Tinna og leyndardóma einhyrningsins og þá er Spielberg að leggja lokahönd á leikaraliðið í kvikmynd sinni um Abraham Lincoln. Sú verður frumsýnd á næsta ári en það er Óskarsverðlaunahafinn Daniel Day-Lewis sem leikur hinn goðsagnakennda 16. forseta Bandaríkjanna.

freyrgigja@frettabladid.is






**TVÆR Í SIGTINU** Paul Greengrass er sagður ætla að leikstýra kvikmynd um Richard Phillips (t.h.), sem sérsveit bandaríska flotans bjargaði úr klóm sómalskra sjóræningja.

## Á sjóræningjaslóð

Enski leikstjórinn Paul Greengrass er sagður líklegastur til að leikstýra kvikmynd um skipstjórann Richard Phillips sem Navy Seals, sérsveit bandaríska flotans, bjargaði úr klóm sómalskra sjóræningja árið 2009. Tom Hanks hefur þegar samþykkt að leika skipstjórann, sem skrifaði bók um dvöl sína meðal sjóræningjanna. Myndin verður byggð á þeirri bók og hefur þegar verið gefið vinnuheitið Maersk Alabama eftir skipi Phillips.

Erfiðlega hefur gengið hjá Greengrass að koma kvikmyndum sínum á koppinn undanfarin ár, en hann gerði síðast The Green Zone með Matt Damon. Hann gaf frá sér stórmyndina Fantastic Voyage en kvikmynd hans um Martin Luther King hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna réttindamála. Maersk Alabama gæti hins vegar farið í framleiðslu á þessu ári. Hún er þó ekki eina myndin sem leikstjórinn er orðaður við. Hann er einnig sagður vera áhugasamur um að leikstýra kvikmynd um ævi Formúlu 1 kappaksturshetjunnar Niki Lauda, sem var nær dauða en lífi eftir alvarlegan árekstur í Þýskalandi 1976 og missti meðal annars hægra eyrað í slysinu.

# BLUE LAGOON
ICELAND

# Fallegri húð

## með silica mud exfoliator




## Nýtt frá Blue Lagoon

**Silica mud exfoliator** er endurnærandi skrúbb fyrir andlit og líkama. Varan byggir á kísil Bláa Lónsins og inniheldur örfínar kísilagnir sem **slípa** húðina og fjarlægja dauðar húðfrumur. **Húðin fær fallega og jafna áferð** og er betur undirbúin til að taka á móti raka og næringu. Einstök náttúruleg vara án parabena.

Glæsilegur kaupauki að verðmæti 3.900 krónur ef keyptar eru Blue Lagoon húðvörur að verðmæti 5.000 krónur eða meira. Blue Lagoon vörurnar fást í Hagkaup Smáralind og Hagkaup Kringlunni.

www.bluelagoon.is

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**1951** **EINTÖK AF BÓKINNI** „The Comeback Girl“ verða árituð af höfundinum, glanspíunni Katie Price, hinn 27. júlí. Þar ætlar Price að slá heimsmet í bókaáritun og lofar að birta nöfn allra þeirra sem fá áritun í næstu bók sinni, sem kemur út í október.



# Taylor Momsen ósmekkleg



Taylor Momsen verður seint talin smekklegasta pían í Hollywood. Söng- og leikkonan, sem hlaut frægð fyrir leik sinn í þáttaröðinni Gossip Girl, beraði brjóstin á tónleikum sínum í Leicestershire á Englandi nýverið, svo aðeins sást í svart límband sem límt var yfir geirvörturnar.

Momsen er ekki sú fyrsta sem kemur ögrandi fram í heimi frægra fólksins, en athygli vekur þó að hún er aðeins sautján ára gömul.

**BERAÐI BRJÓSTIN** Hin sautján ára Taylor Momsen þótti sýna ósmekklega hegðun á tónleikum á dögunum, en hún beraði brjóst sín svo aðeins mátti sjá í svart límband.

# Hætti við vegna tannpínu

George Michael þurfti að hætta við góðgerðatónleika sem áttu að fara fram í gærkvöldi, sökum tannpínu. Söngvarinn átti að syngja með Aliciu Keys á tónleikum til styrktar alnæmissjúklingum og fjölskyldum þeirra en fékk svo slæma tannpínu að hann þurfti að hætta við allt saman. Söngvarinn baðst afsökunar á Twitter-síðu sinni og fannst leiðinlegt að geta ekki sungið fyrir svo góðan málstað.



**GAT EKKI SUNGIÐ** George Michael gat ekki sungið í gærkvöldi vegna gríðarlegrar tannpínu.

# Öfundssjúk út í börnin



Jennifer Lopez er öfundsjúk út í tvíburana sína. Hún segir að þau Max og Emme, sem nú eru þriggja ára, hafi fengið að upplifa meira á þeirra stuttu ævi en Lopez hafi gert allt sitt líf.

„Þau fá að sjá allt og hafa gert mun meira en ég hef náð að afreka á öllum mínum ferðalögum og þau eru bara þriggja ára,“ sagði söngkonan á dögunum.

**BÖRNIN HEPPIN** Jennifer Lopez segir tvíburana sína, þau Max og Emme, hafa fengið að upplifa mun meira en hún þrátt fyrir ungan aldur.

# Spelling-höllin seld

Candy Spelling, móðir leikkonunnar Tori Spelling, hefur loks náð að selja heimili sitt sem er næstum sextíuþúsund fermetrar að stærð.

Dóttir framkvæmdastjóra Formúlu 1, hin 22 ára gamla Petra Ecclestone, er sögð hafa keypt höllina á undirverði en upprunalegt verð var 150 milljón dollarar.

Ekki ætti að væsa um hina ungu fröken Ecclestone því í höllinni eru meðal annars fjórtán svefnherbergi, tuttugu og sjö baðherbergi, vínkjallari, keilusalur, kvikmyndasalur, bókasafn, íþróttasalur og þrjú innpökkunarherbergi. Ecclestone á einnig lúxusvillu í heimaborg sinni, London, en hún er sögð hafa keypt hana fyrir hunda sína fimm.



**SELD** Spelling-höllin hefur verið seld. Candy Spelling flytur nú út af sextíuþúsund fermetra heimili sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

ÚTSALAN
HEFST Í DAG
TÍSKUVAL
LAUGAVEGI 53
Opið virka daga 11-18 – laugadaga 11-16

# Brúðkaup Kardashian og Humphries í uppnámi

**Eitt af brúðkaupum ársins verður hinn 31. október þegar raunveruleikadrottningin Kim Kardashian og NBA-leikmaðurinn Kris Humphries ganga í það heilaga fyrir allra augum. Fjölskylda leikmannsins er þó ekki alls kostar sátt.**

Fjölmiðlar vestanhafs loga yfir væntanlegu brúðkaupi raunveruleikadrottningarinnar Kim Kardashian og NBA-leikmannsins Kris Humphries. Leikmaðurinn bað hennar eftir að þau höfðu verið saman í sex mánuði og allt virtist leika í lyndi. En svo kom NFL-leikmaðurinn Bret Lockett fram í bandaríska tímaritinu In Touch og sagðist hafa verið elskhugi Kardashian í dágóðan tíma.

Fyrirsætan íturvaxna vísaði þessu á bug og talsmaður hennar hótaði málsókn ef fréttin yrði ekki dregin til baka. Hvorki fjölskylda Humphries er sannfærð né In Touch, því blaðið birti í gær frétt ir þess efnis að nánustu ættingjar Humphries hafi miklar áhyggjur af ráðahagnum. Og þeir vilja að hann hætti við allt saman og láti stúlkuna róa. „Þeir hafa áhyggjur af því að Kris eigi eftir að lenda í hrammi fjölmiðlanna og verða sér til skammar,“ hefur In Touch eftir heimildarmanni sínum. Netverjar hafa hins vegar tekið upp hanskann fyrir Kardashian og telja blaðið vera á ansi gráu svæði með fréttum sínum af parinu og meintu framhjáhaldi Kardashian.

Fyrirsætan hefur ekki látið neinn bilbug á sér finna þrátt fyrir moldviðrið og hún mætti meðal annars galvösk í viðtal við spjallþáttastjórnandann Jay Leno. Þar kom fram að hún hefði vitað eftir tvo mánuði að Humphries væri maðurinn í hennar lífi en viðurkenndi jafnframt að hún hefði ekki átt von á bónorðinu. „Og viðbrögðin voru allt öðruvísi en ég átti von á.“

Þótt þau séu ástfangin upp fyrir haus hafa þau gert kaupmála og samkvæmt honum mun Humphries ekki eiga neitt tilkall til eigna fyrirsætunnar sem er talsvert ríkari en leikmaðurinn. Hjónabandið verður hinn 31. október og verður sjónvarpsstöðin E! á staðnum til að taka upp herlegheitin. Fjölmiðlar hafa þegar komist yfir svokallaðan gjafalista, sem þykir í dýrari kantinum, en meðal þess sem Kardashian vill fá í brúðargjöf er skeið og öskubakki. Skeiðin kostar 1.250 dali en öskubakkinn „eingöngu“ 840 dali.

freyrgigja@frettabladid.is



**VANDRÆÐI Í PARADÍS** Ásakanir Brets Lockett þess efnis að Kim Kardashian hafi haldið framhjá verðandi eiginmanni sínum, Kris Humphries, hafa valdið því að fjölskylda NBA-leikmannsins vill helst að hann láti stúlkuna róa. NORDICPHOTOS/GETTY

**35** Auðævi Kim Kardashian eru metin á 35 milljónir dala. Það jafngildir um sex milljörðum íslenskra króna.

CELEBRITYNETWORTH.COM

# Aðdáandi Quarashi fékk gigg

„Ég er mjög spenntur fyrir því að spila á Íslandi en líka kvíðinn því þetta verður í fyrsta skipti sem ég spila í útlöndum,“ segir plötusnúðurinn DJ Red.

Fréttablaðið greindi á dögunum frá væntanlegri Íslandsför DJ Red, eða David Demkö eins og hann heitir réttu nafni. Hann er harður aðdáandi íslensku rappsveitarinnar Quarashi og þegar hann frétti af endurkomutónleikum sveitarinnar á Bestu útihátíðinni var hann ekki lengi að bóka sér flugmiða til Íslands. Skipuleggjendur hátíðarinnar lásu viðtalið í Fréttablaðinu og tóku eftir því að David kemur fram sem plötusnúður. Þeir voru ekki lengi að bjóða honum að troða upp á hátíðinni sem hann þáði með þökkum. „Ég er mjög spenntur að spila á hátíðinni en ég er ennþá meira spenntur að sjá Quarashi. Ég hélt að ég myndi aldrei sjá bandið á sviði,“ segir plötusnúðurinn.

DJ Red segir að hann sé vanur að spila á minni tónleikum en þeim sem fram undan séu. „En það er bara hallærisleg leið til að segja að ég spila venjulega fyrir litla hópa í partíum og þannig viðburðum,“ segir hann og hlær. „Ég hef reyndar alveg spilað á stórum viðburðum en það er meiri bakgrunnstónlist en alvöru framkoma samt.“

David Demkö hefur komið fram sem plötusnúður síðustu fimm árin. Hann hefur lengi verið kallaður Red vegna háralitar síns og því kom aldrei annað plötusnúðanafn en DJ Red til greina. Hægt er að hlusta á tónlist hans á DJRed1.bandcamp.com og svo má finna aðdáendasíðu hans á Facebook undir OfficialDJRed. En hverju mega gestir Bestu útihátíðarinnar eiga von á frá Dj Red?

„Ég ætla að spila fjölbreytta tónlist, hip hop, raftónlist og fleira. Ég er spenntur að sjá hvað fólk vill heyra og hvernig það bregst við lögum og efni sem það þekkir ekki.“ -hdm



**ÓVÆNTUR BÓNUS** David Demkö pantaði sér flugfar til Íslands til að sjá tónleika Quarashi. Hann vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar honum var boðið að troða upp á Bestu útihátíðinni.



**HUMAN WOMAN** Gísli Galdur og Jón Atli eru að vonum ánægðir með útgáfusamninginn, en þeir skipa teknódúettinn Human Woman. Til vinstri með þeim á myndinni er plötusnúðurinn Margeir, sem spilaði undir í grillveislunni.

# Human Woman á samning í Þýskalandi

**Jón Atli og Gísli Galdur í Human Woman gefa út smáskífu hjá þýska útgáfufyrirtækinu HFN í haust. Þessum áfanga var fagnað á Faktorý um síðustu helgi.**

„Við erum rosalega ánægðir með þetta og auðvitað er heiður að deila útgáfufyrirtæki með flottum listamönnum,“ segir Jón Atli Helgason, en teknódúett hans og Gísla Galdurs Þorgeirssonar, Human Woman, var að komast á samning hjá þýsku tónlistarútgáfunni HFN.

Aðrir listamenn sem eru á mála hjá útgáfunni eru plötusnúðarnir Trentemöller og Kasper Björke, sem báðir hafa spilað hérlendis.

„Við stefnum á að gefa út okkar fyrstu smáskífu í haust og sjá svo hvað setur,“ segir Jón Atli, sem staddur er hér á landi í stuttri heimsókn, en hann er búsettur í Kaupmannahöfn.

Til að fagna útgáfusamningnum sló Human Woman upp grillveislu og tónleikum á Faktorý um helgina þar sem aðdáendur sveitarinnar dilluðu sér fram eftir nóttu. **- áp**



**STUÐ** Þessi skemmti sér konunglega í grillpartíinu, þar sem Gísli og Jón Atli buðu upp á grillaða sykurpúða.



**RAUÐAR KÚLUR** Linda Loeskow og plötusnúðurinn Natalie Gunnarsdóttir drukku kokkteila úr rauðum kúlum.



**FLOTT** Heimir Sverrisson leikmyndahönnuður og Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona fögnuðu með Human Woman.




**LISTAPAR** Ljósmyndarinn Jói Kjartans og listakonan Hildur Hermanns létu sig ekki vanta, en Jói boðaði endalok kreppunnar á stuttermabol sínum.

# Eignaðist son

Leikkonan Natalie Portman eignaðist son í vikunni, en barnsfaðir hennar er dansarinn Benjamin Millepied. Portman, sem fagnaði þrítugsafmæli sínu fyrir stuttu, heilsast vel en ekki er orðið opinbert hvað litli drengurinn á að heita.

Portman og Millepied kynntust við tökur á myndinni Black Swan, en leikkonan hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni. Þau trúlofuðu sig í vetur en ekki er komin dagsetning á væntanlegt brúðkaup.



**NÝBÖKUÐ MÓÐIR** Óskarsverðlaunahafinn Natalie Portman eignaðist sitt fyrsta barn í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-1093

**Það er auðvelt að losna við FIT-kostnaðinn****

Það geta allir lent í því að fara yfir á reikningum. Íslandsbanki hefur því ákveðið að **fella niður FIT**-kostnaðinn ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú hefur farið yfir.

Og til að þú missir ekki af þessu tækifæri þá getur þú skráð símanúmerið þitt í Netbankanum og við sendum þér SMS um leið og þú ferð yfir á reikningnum.

**Skráðu þig í FIT viðvörun í Netbankanum.**
Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is.

**Þú getur fengið ýmsar gagnlegar upplýsingar sendar í símann**

Viðvörun ef staðan fer niður fyrir ákveðna upphæð • Staða reikninga • Tilkynning þegar greitt er inn á reikninginn • Gengi gjaldmiðla ... og fleira í Netbanka einstaklinga

* ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú fórst yfir. Gildir fyrir einstaklinga.
**Kostnaður af innistæðulausum tékkum – sjá verðskrá Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# PALLI ROKSELDI Í HÖRPUNNI

**12 tónar eru með einkaleyfi fyrir sölu á varningi í Hörpu og Páll Óskar Hjálmtýsson varð því að semja sérstaklega við þá þegar hann seldi Silfursafnið fyrir tónleika sína með Sinfóníuhljómsveitinni. Ýmsir hafa gagnrýnt þetta fyrirkomulag en Palli kvartar ekki.**



**TEKUR SINN TÍMA** Páll Óskar Hjálmtýsson segir það taka sinn tíma fyrir tónlistarmenn að venja sig við Hörpu og forsvarsmenn Hörpu að venja sig við tónlistarfólkið. Hann segir að ekki eigi allt heima í Hörpu.

„Ég og 12 tónar náðum bara lendingu í þessu máli enda eru þeir með einkarétt á sölu varnings í húsinu,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson poppstjarna. Páll hélt glæsilega tónleika í Hörpu ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í síðustu viku og hafði til sölu Silfursafnið sitt, sem kom út 2008. Samkvæmt Tónlistanum, sem er birtur hér framar í blaðinu, seldi Páll vel af plötunni í kringum tónleikana. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var samningur Páls og 12 tóna þess efnis að verslunin fengi helminginn af sölunni og Páll hinn helminginn, en söngvarinn stóð sjálfur straum af útgáfunni á sínum tíma.

Þetta fyrirkomulag í Hörpu hefur verið gagnrýnt en Páll vildi ekki lýsa yfir neinni óánægju með það, viðurkenndi vissulega að í fullkomnum heimi hefði hann fengið allt í sinn vasa. „En auðvitað er betra að selja þetta á þennan hátt en að láta diskinn daga uppi inni á lager. Þessi eintök skipta auðvitað ekki neinu máli í hinu stóra samhengi því Silfursafnið hefur þegar selst í nítján þúsund eintökum.“ Og söngvarinn, sem verður að teljast skærasta stjarna íslenska poppsins um þessar mundir, vill að menn fari að slíðra sverðin í gagnrýni sinni á Hörpu. „Við verðum bara að læra á húsið og allt sem tengist því í litlum skrefum, læra inn á hljómburð og hljóðkerfi og tala heiðarlega út um hlutina. Og gera okkur grein fyrir því að það passar kannski ekki allt inn í Hörpu.“

Eiður Arnarson, útgáfustjóri hjá Senu, segir ekkert óeðlilegt í sjálfu sér við fyrirkomulagið á plötusölu í Hörpu. „Þetta er bara heildsali sem selur smásala sem aftur selur neytandanum. Menn geta síðan haft sína skoðun á einkaréttindunum,“ segir Eiður.

Ákveðin hefð hefur hins vegar verið fyrir því að tónlistarmenn hafi sjálfir selt plötur sínar á tónleikum, til að mynda úti á landi og á tónleikum í Reykjavík. Þeir geta hins vegar ekki stundað slíka iðju ef þeir kjósa að halda tónleika í Hörpu. Einyrkjar eins og Páll Óskar og Mugison, sem báðir gefa út eigin verk, verða því að sætta sig við að semja við 12 tóna eins og Páll gerði ef þeir ætla að selja nýjustu afurðir sínar í kringum tónleika.

freyrgigja@frettabladid.is

# Milljarðar í framleiðslukostnað

Íslensk framleiðslufyrirtæki í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði hafa eytt 3,5 milljörðum íslenskra króna í framleiðslukostnað síðastliðin þrjú og hálft ár samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins á tölum frá iðnaðarráðuneytinu. Endurgreiðsla frá ráðuneytinu til fyrirtækjanna á þessu tímabili nemur rúmlega 645 milljónum samkvæmt lögum um tuttugu prósenta endurgreiðslu.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá mun hluti úr stórmynd Ridley Scott, Prometheus, verða tekinn upp hér á landi og hluti af framleiðslukostnaðinum ratar í vasa ríkisins í formi skatta og annarra gjalda. Þær upphæðir gætu hlaupið á tugum ef ekki hundruðum milljóna. Scott fær hins vegar tuttugu prósenta endurgreiðslu eins og lög gera ráð fyrir.

Samkvæmt útreikningi á tölunum frá iðnaðarráðuneytinu virðist árið 2009 hafa verið sérstaklega gæfuríkt fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki en þá var rúmum milljarði eytt í framleiðslu á íslensku efni og upptökur fyrir erlend fyrirtæki. 2010 var einnig ákaflega gjöfult, en þá var framleiðslukostnaðurinn 950 milljónir miðað við útreikninga Fréttablaðsins.



**STÓR BRANSI** Íslenski sjónvarps- og kvikmyndabransinn hefur eytt 3,5 milljörðum undanfarin þrjú og hálft ár. Bjarnfreðarson er í hópi þeirra sem fengu endurgreiðslu frá iðnaðarráðuneytinu.

Alls fengu 53 verkefni endurgreiðslu frá iðnaðarráðuneytinu á þessum fjórum árum. Árið 2009 voru þau flest, eða alls fimmtán, en í ár eru þau þegar orðin tólf, jafn mörg og allt árið 2008. - fgg


SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 - 11:30 | 12 |
| SUPER 8 Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 9 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali | Sýnd í 2D kl. 10:20 M/Texta | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 2D kl. 6 - 8 - 10:50 | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5:20 | 10 |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HANGOVER PART II | kl. 5.30 - 8 -10.25 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5.10 - 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 5.30 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 8 - 11 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali | Sýnd í 3D kl. 8 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 3D kl. 10 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 8 | 12 |
| X-MEN : FIRST CLASS | kl. 10:20 | 14 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SUPER 8 Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL. T 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL.T 2D | KL. 3.40 | L |
| PIRATES 4 3D | KL. 6 - 9 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| FAST FIVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 10.15 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.50 - 8 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING KL. 10.15

SÝND Í 2D OG 3D

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SUPER 8 | 5.50, 8, 10.15(POWER) |
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30, 9 og 10 |
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 |
| KUNG FU PANDA 2 3D | 4 - ISL TAL |
| KUNG FU PANDA 2 2D | 4 - ISL TAL |

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| STUTTMYNDADAGAR Í REYKJAVÍK (FRÍTT INN) | 20:00 |
| MARY AND MAX | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ÍSLENSKI DRAUMURINN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| KÖLD SLÓÐ (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| GAURAGANGUR (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Slapp með skrekkinn

Tveir menn voru handteknir í grennd við heimili bresku söngkonunnar Joss Stone í Devon á þriðjudag grunaðir um að hafa ætlað að ræna henni.

Athugull nágranni gerði lögreglu viðvart eftir að hafa veitt eftirtekt rauðri bifreið sem ekið var löturhægt um sveitavegina sem liggja í kringum heimili söngkonunnar. Við leit í bílnum fann lögreglan meðal annars líkpoka, reipi, sverð og loftmyndir af einkalóð Stone. Mennirnir voru færðir til yfirheyrslu í Exeter, en þeir eru sagðir vera frá Manchester.

Tímaritið The Sun náði tali af Stone í gær og þá sagðist hún vera heil heilsu og ætla sér að halda áfram að lifa eðlilegu lífi. Stone er á meðal fimm söluhæstu söngkvenna Bretlands og hefur selt yfir tíu milljónir hljómplata.



**HEIL Á HÚFI** Joss Stone var í hættu en lögreglan handtók tvo karlmenn vopnaða sverðum við heimili hennar. NORDICPHOTOS/GETTY




**FRÆGUR PLANKI** Sigmar tekur plankann í myndveri Kastljóssins, en myndin hefur farið eins og eldur í sinu um plankasamfélagið. Ritstjóri Kastljóssins hefur plankað tvisvar í sumarfríinu á Spáni; í flugvélinni og á flugstöð.

# Sigmar plankar í flugvél til Spánar

„Ástæðan fyrir því að ég er að þessu er sú að þetta er ákaflega heimskulegt og algjörlega tilgangslaust. Og það er stundum fyndið að taka þátt í slíku þótt sumum finnist það ekki," segir Sigmar Guðmundsson, ritstjóri Kastljóssins og nýjasta plankastjarnan á Íslandi.



Myndin af Sigmari þar sem hann leggur stund á þetta sérkennilega sport í myndveri Kastljóssins á RÚV hefur vakið mikla athygli. Sigmar var ekki af baki dottinn þótt hann hefði öðlast skyndilega frægð í plankasamfélaginu fyrir myndina því hann plankaði bæði ofan á þvottasnúrum samstarfskonu sinnar, Brynju Þorgeirsdóttur, og ofan á píanóinu heima hjá henni.

Sigmar var staddur í sumarfríi á Spáni með börnunum sínum þegar Fréttablaðið náði tali af honum og hann hafði þegar tekið tvo planka í fríinu; annan í nokkur þúsund feta hæð í flugvélinni og leiðinni til Spánar en hinn inni í flugstöðinni. Börnin eru hrifin af þessu uppátæki pabbans. „Við tökum kannski einn til tvo planka á dag, þetta er fjölskyldusportið í dag," segir Sigmar og skellir upp úr, hann hefur engar eðlilegar skýringar á þessu plankaæði sem riðið hefur yfir netheima. „Þetta er sennilega eitt ómerkilegasta og vitlausasta æði sem gengið hefur yfir heiminn. En það er um leið bæði græskulaust og hættulaust." - fgg

# Brúðkaupinu aflýst

Brúðkaupi Playboy-kóngsins Hugh Hefner og fyrirsætunnar Crystal Harris hefur verið aflýst. Þessar fréttir gerði Hefner sjálfur opinberar á samskiptasíðunni Twitter með eftirfarandi skilaboðum: „Brúðkaupinu er aflýst. Crystal skipti um skoðun."

Brúðkaupið átti að fara fram hinn 18. júní og hafði 300 gestum verið boðið í veisluna í Playboy-höllinni í Los Angeles. Fyrirsætan Harris er 25 ára gömul, en miðillinn TMZ greindi frá því um helgina að Hefner og Harris hefðu rifist heiftarlega og hún flutt út í kjölfarið. Þær fréttir ganga nú um vefmiðlana að Harris sé tekin saman við jafnaldra sinn Jordan McGraw, sem er yngsti sonur sjónvarpssálfræðingsins dr. Phil McGraw.

Hjónabandið hefði verið númer þrjú hjá Hefner en þessi eilífðarglaumgosi hefur verið við fjölmargar konur kenndur á þeim 84 árum sem hann hefur lifað. Flestar eiga þær það sameiginlegt að hafa prýtt síður Playboy-blaðsins. Hefner er aftur kominn á markaðinn en hann verður eflaust ekki lengi að fylla höll sína af Playboy-fyrirsætum á ný.



**AFTUR Á MARKAÐINN** Hinn 84 ára gamli eigandi Playboy-tímaritsins, Hugh Hefner, mun ekki ganga í það heilaga með fyrirsætunni Crystal Harris. NORDICPHOTOS/GETTY


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-1093

Pylsa á 1.030 krónur?



280 kr.
+ FIT kostnaður 750 kr.
FIT kostnaðurinn fellur niður*

samtals 280 kr.

**Það er auðvelt að losna við FIT-kostnaðinn****

Það geta allir lent í því að fara yfir á reikningum. Íslandsbanki hefur því ákveðið að **fella niður FIT**-kostnaðinn ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú först yfir.

Og til að þú missir ekki af þessu tækifæri þá getur þú skráð símanúmerið þitt í Netbankanum og við sendum þér SMS um leið og þú ferð yfir á reikningnum.

**Skráðu þig í FIT viðvörun í Netbankanum.**
Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is.

**Þú getur fengið ýmsar gagnlegar upplýsingar sendar í símann**

Viðvörun ef staðan fer niður fyrir ákveðna upphæð • Staða reikninga • Tilkynning þegar greitt er inn á reikninginn • Gengi gjaldmiðla ... og fleira í Netbanka einstaklinga

* ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú först yfir. Gildir fyrir einstaklinga.
**Kostnaður af innistæðulausum tékkum – sjá verðskrá Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# sport

sport@frettabladid.is



**FRJÁLSÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS** stendur í stórræðum um helgina þegar 3. deild Evrópubikarkeppninar fer fram á Laugardalsvellinum. Ísland er að keppa um tvö laus sæti í 2. deild og fær væntanlega mesta samkeppni frá Ísrael og Kýpur. Auk þess keppa þarna Albanía, Andorra, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía, Georgía, Lúxemborg, Makedónía, Malta, Moldóva og Svartfjallaland. Ásdís Hjálmsdóttir, Bergur Ingi Pétursson, Helga Margrét Þorsteinsdóttir og Óðinn Björn Þorsteinsson verða öll með íslenska liðinu.



**BJARNI ÞÓR VIÐARSSON** Er annar sektastjórinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sektasjóður U21 landsliðsins:

## Sektirnar fara ekki í þá sjálfa

**FÓTBOLTI** Sektasjóður U21-landsliðsins í fótbolta fer ekki í partísjóð strákanna eftir EM í Danmörku eins og algengast er með slíka sjóði hjá íþróttaliða heldur hafa strákarnir ákveðið að styrkja verkefnið „Meðan fæturnir bera mig“.

Átakið er til styrktar krabbameinssjúkum börnum og fjölskyldum þeirra. „Við ákváðum að styrkja Á meðan fæturnir bera mig í stað þess að eyða í sjálfa okkur,“ sagði Bjarni Þór Viðarsson, fyrirliði íslenska liðsins.

„Menn eru sektaðir fyrir að mæta of seint á æfingar, að vera í vitlausum fötum, ef síminn hringir á fundum eða æfingum og ýmislegt fleira – til dæmis deilur við sektastjóra.“

„Meðalsektin er í kringum 100 danskar krónur. Sumir borga alltaf en sumir deila mjög mikið við yfirvaldið. Við Alfreð Finnbogason erum sektastjórar og erum því ekkert vinsælustu mennirnir í hópnum.“ - esá



**HJÖRVAR HAFLIÐASON** Er með sterkar skoðanir á fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hjörvar Hafliðason til KSÍ:

## Hefðu átt að banka hjá HSÍ

**FÓTBOLTI** Hjörvar Hafliðason knattspyrnuspekingur sagði gengi íslenska 21 árs liðsins á EM vera vonbrigði í viðtali á Stöð 2.

„Ég er samt ennþá bjartsýnn fyrir hönd þessarar gullkynslóðar íslenska fótboltans. Vonbrigði eru oft veganesti að velgengni og ég hef tröllatrú á því að þetta sé kynslóðin sem eigi eftir að rífa upp íslenskan fótbolta,“ sagði Hjörvar.

„Það er bara ákveðin kúnst að fara á stórmót og ég held við Íslendingar kunnum bara ekki að fara á stórmót. Ég hefði alveg viljað sjá einhvern hjá KSÍ banka upp á hjá HSÍ og spyrja: Við erum á leiðinni á stórmót, hvernig gerum við þetta? Undirbúningur liðsins virðist hafa verið afleitur,“ sagði Hjörvar. - óój


IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010




**VEL TEKIÐ Á ÞVÍ Á ÆFINGU** Strákarnir ætla ekki að gefast upp þótt á móti blási og eru þegar farnir að búa sig undir leikinn á móti Dönum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þurfum að sameinast gegn mótlætinu

**Eyjólfur Sverrisson stendur við þær ákvarðanir sem hann tók þegar hann lagði upp leikinn gegn Sviss og valdi í byrjunarliðið. Hann segir að strákarnir þurfi nú að sameinast og láta mótlætið ekki draga sig niður.**

**FÓTBOLTI** Óhætt er að segja að vel flest hafi gengið á afturfótunum hjá íslenska U-21 landsliðinu eftir komuna til Danmerkur. Liðið hefur tapað sínum fyrstu tveimur leikjum, ekki skorað mark og er við það að falla úr leik.

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari þurfti að bregðast bæði við meiðslum og leikbanni strax eftir fyrsta leik, 2-0 tap gegn Hvíta-Rússlandi um helgina. Svo virtist sem honum hafi ekki tekist að finna liðinu réttu blönduna, ef svo má segja, því strákarnir áttu aldrei séns gegn Sviss í gær.

Ólíkt leiknum gegn Hvít-Rússum voru Íslendingar ávallt skrefinu á eftir leikmönnum Sviss, sem léku strákana ósjaldan grátt. Svisslendingar komust yfir með marki eftir aðeins 53 sekúndur og gaf það tóninn fyrir leikinn.

### Enginn hljóp með manninum

„Vissulega gerðu þeir þetta mjög vel en við vorum með þrjá varnarmenn í kringum leikmann Sviss (Frei) og enginn þeirra hljóp með honum inn. Það má ekki gerast og verður að skrifast á einbeitingarleysi. Við vitum að svona lagað getur gerst, enda koma mörk eftir mistök,“ sagði Eyjólfur við Fréttablaðið í gær.

Aron Einar Gunnarsson átti frábæran leik gegn Hvíta-Rússlandi þar til hann fékk að líta rauða spjaldið á 75. mínútu. Eyjólfur ákvað að velja Guðmund Kristjánsson í liðið í hans stað, í stað þess að færa til að mynda Eggert Gunnþór Jónsson inn á miðjuna og setja KR-inginn Skúla Jón Friðgeirsson í stöðu hægri bakvarðar.

### Treystum Guðmundi 100 prósent

„Guðmundur er A-landsliðsmaður og hefur reynslu þaðan. Hann spilaði virkilega vel á móti Englandi og hefur átt góða leiki sem varnartengiliður. Við treystum honum 100 prósent fyrir þessari stöðu,“ sagði Eyjólfur spurður um málið.

Eggert Gunnþór hefur leikið margar stöður á sínum ferli hjá Hearts og einnig leikið með A-landsliði Íslands sem varnartengiliður.

„Eggert þekkir stöðu hægri bakvarðar mjög vel og hefur spilað hana margoft. Þess vegna varð hann fyrir valinu. Mér fannst hann vera besti maðurinn til að leysa þessa stöðu og hafa þá Guðmund á miðjunni.“

Skúli Jón spilaði lengst af með liðinu í undankeppninni, en þá sem hægri bakvörður. Hann hefur spilað fyrst og fremst sem miðvörður með KR í vor en staðið sig gríðarlega vel.

### Eggert skrefinu framar en Skúli

„Skúli Jón hefur ekkert spilað sem hægri bakvörður síðan í leik okkar gegn Skotum í október. Síðan þá hefur hann spilað sem miðvörður með KR. Þess vegna taldi ég Eggert vera skrefinu framar sem hægri bakvörður.“

Hann vill ekki ganga svo langt að segja að rauða spjaldið sem Aron Einar fékk hafi eyðilagt báða leiki Íslands til þessa á mótinu til þessa.

„Það eyðilagði vissulega leikinn gegn Hvíta-Rússlandi en veit ekki hvort það hafi eyðilagt báða leikina. Að sjálfsögðu er Aron góður leikmaður og spilaði hann glimrandi vel gegn Hvít-Rússum. Hann hefði hjálpað okkur á miðjunni gegn Sviss. Svo höfðu meiðsli Jóhanns Bergs einnig sitt að setja sem og önnur áföll sem við höfum orðið fyrir. við fengum á okkur rangstöðumark, skorum mark sem er dæmt af og nýtum ekki þau færi sem við sköpum okkur,“ sagði Eyjólfur.

### Enginn að gera þetta viljandi

„Ég veit að strákarnir eru ósáttir en það er enginn að gera þetta viljandi. Þeir leggja sig fram og reyna að finna réttu leiðina til að bæta sinn leik. En þegar mótlætið er svona mikið þá verða menn að hópa sig saman, komast út úr klípunni sem liðsheild og snúa lukkunni sér í hag.“

Ísland mætir Dönmörku á laugardaginn og þarf bæði að vinna minnst þriggja marka mun sem og að treysta á að Sviss vinni sinn leik gegn Hvíta-Rússlandi. Leikirnir fara fram samtímis á laugardagskvöldið.


**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Anton Brink**
fjalla um EM
U21 í Danmörku
eirikur@frettabladid.is - anton@frettabladid






Opin æfing hjá U-21 liðinu:

## Strákarnir vinsælir í Álaborg

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 landsliðið var með opna æfingu fyrir almenning í Álaborg í gær og létu viðbrögðin ekki á sér standa. Ungir knattspyrnuiðkendur á svæðinu fjölmenntu til að fá að láta mynda sig með leikmönnum sem og að tryggja sér eiginhandaráritanir þeirra.

Knattspyrnusamband Íslands færði krökkunum gjafir og var svo slegið upp grillveislu. Öll lið í keppninni eru með eina opna æfingu hjá sér og stóð til að sú íslenska yrði strax miðvikudaginn 8. júní, daginn sem liðið kom til Danmerkur. Vegna verkfallsaðgerða flugvirkja Icelandair seinkaði hins vegar för liðsins, sem náði ekki á leiðarenda í tæka tíð. Íslendingar á svæðinu létu einnig sjá sig og heilsuðu upp á strákana. - esá



**REKUR STRÁKANA ÁFRAM** Eyjólfur Sverrisson, þjálfari 21 árs landsliðsins, sést hér á æfingu liðsins í gær. Í bakgrunni má sjá Birki Bjarnason. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikil spenna í B-riðli á EM:

## Spánverjar unnu Tékka

**FÓTBOLTI** Mikil spenna er í B-riðli á EM U21 eftir að 2. umferðinni lauk í riðlinum í gær. Spánn vann þá 2-0 sigur á Tékkum, sem voru á toppnum eftir fyrstu umferðina. Adrián, leikmaður Deportivo La Coruna, skoraði bæði mörkin. England og Úkraína gerðu markalaust jafntefli í hinum leiknum.

Spánn er með 4 stig og nægir jafntefli á móti Úkraínu til þess að komast í undanúrslitin en Tékkar (3 stig) og Englendingar (2 stig) mætast á sama tíma í hálfgerðum úrslitaleik. Enska liðið hefur gert jafntefli í tveimur fyrstu leikjum sínum á mótinu.

Úkraína (1 stig) á líka möguleika á því að komast áfram með því að vinna Spán í lokaleiknum og fer þá áfram á betri innbyrðisárangri. - óój



**HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR** Fann sig ekki í þremur greinum af fjórum í gær og er tæpum 200 stigum á eftir Íslandsmetsþrautinni sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helga Margrét Þorsteinsdóttir í sjötta sæti í Kladno:

# Getur náð metinu með súperdegi í dag

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir er í sjötta sæti eftir fyrri daginn á alþjóðlega sjöþrautarmótinu í Kladno í Tékklandi. Helga Margrét er með 3.355 stig eftir fyrstu fjórar greinarnar, sem er rétt tæpum 200 stigum minna en þegar hún setti Íslandsmetið sitt á sama stað fyrir tveimur árum. Helga Margrét setti persónulegt met í þraut þegar hún stökk 1,77 metra í hástökki en var nokkuð frá sínu besta í hinum greinunum þremur, 110 metra grindarhlaupi, kúluvarpi og 200 metra hlaupi.

„Þetta var alls ekki nógu gott hjá henni,“ sagði Vésteinn Hafsteinsson, sem var ekki ánægður með aðrar greinar. „Þetta kom dálítið á óvart af því að hún er í mjög góðu formi. Svo gleymir maður því stundum hvað hún er ung. Hún býst við svo miklu og tekur svo mikið á þessu. Það er mikill kraftur í henni en það kemur út í stuttum hreyfingum og einhverju stressi,“ sagði Vésteinn, sem er þó ekki alveg búinn að loka á það að Helga Margrét bæti Íslandsmetið í dag.

„Hún átti ekki sérstakan dag seinni daginn þegar hún setti Íslandsmetið í hitt í fyrra. Ef hún nær súperdegi á morgun (í dag) er þetta enn möguleiki en það er mjög ólíklegt. Hún fær þá bara annað tækifæri eftir þrjár vikur þegar hún fer á Evrópumótið undir 23 ára í Ostrava í Tékklandi,“ sagði Vésteinn.

„Ef hún fer bara á pari í gegnum þetta er hún strax komin í 6.000 stig. Ég held hún taki bara þessa reynslu með sér. Hún fór aðeins fram úr sér í spennu og í því að búast við miklu,“ sagði Vésteinn, sem vildi ekki vera of neikvæður eftir daginn í gær.

„Hún er með rosalega hæfileika og er framtíðarmanneskja. Hún þarf bara að fara í gegnum þennan skóla sem við öll hin erum búin að ganga í gegnum. Það er gaman að vinna með henni og við erum bara spennt fyrir framtíðinni,“ sagði Vésteinn.

**- óój**

Einar Daði Lárusson í 14. sæti eftir frábæran fyrri dag:

# Vonast til að Einar Daði taki metið sitt

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** ÍR-ingurinn Einar Daði Lárusson er í fjórtánda sæti eftir fyrri daginn á alþjóðlega sjöþrautarmótinu í Kladno í Tékklandi en hann er þarna að keppa við alla sterkustu tugþrautarmenn heims. Einar Daði endaði daginn á því að ná 847 stigum í 400 metra hlaupi og hækka sig um fjögur sæti en Einar Daði fékk alls 3.939 stig í greinunum fimm í dag.

„Þetta var mjög gott hjá honum. Þetta er hans fyrsta tugþraut í karlaflokki. Hann keppti í fimm greinum í dag og í þremur þeirra náði hann besta árangri sínum í tugþraut. Þetta var mjög jafn og öruggur dagur,“ sagði Þráinn Hafsteinsson, þjálfari Einars Daða.

Einar Daði datt niður í 21. sæti eftir kúluvarpið en tókst síðan að hækka sig um sjö sæti í síðustu tveimur greinum dagsins.



**EINAR DAÐI LÁRUSSON** Er að standa sig vel í sinni fyrstu þraut. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Hann er að keppast við að ná lágmarki á Evrópumeistaramót unglinga 22 ára og yngri, sem er 7.300 stig. Svo er hugsanlegt ef gengur vel á morgun að hann nái öðrum besta árangri Íslendings í tugþraut. Þá myndi hann taka árangurinn minn því ég átti metið á undan Jóni Arnari. Ég er að vonast til þess að það gangi,“ sagði Þráinn.

Litháinn Darius Draudvila er í forystu með 4.225 stig, 286 stigum meira en Einar Daði, en okkar maður er 159 stigum á undan Tékkanum Roman Šebrle sem er í 19. sætinu með 3.780 stig.

„Þetta er alveg hrikalega sterkt mót og það er bara heimsmeistaramótið sem verður sterkara í sumar. Seinni dagurinn er aðeins veikari hjá Einari en það er þannig hjá flestum þeirra. Við erum mjög sáttir við fyrri daginn,“ sagði Þráinn.

**- óój**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 11-1093

Ís í brauði á 1.020 krónur?



270 kr.
+ ~~FIT kostnaður 750 kr.~~
FIT kostnaðurinn fellur niður*
samtals 270 kr.

Það er auðvelt að losna við FIT-kostnaðinn**

Það geta allir lent í því að fara yfir á reikningum. Íslandsbanki hefur því ákveðið að **fella niður FIT**-kostnaðinn ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú fórst yfir.

Og til að þú missir ekki af þessu tækifæri þá getur þú skráð símanúmerið þitt í Netbankanum og við sendum þér SMS um leið og þú ferð yfir á reikningnum.

**Skráðu þig í FIT viðvörun í Netbankanum.**
Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is.

**Þú getur fengið ýmsar gagnlegar upplýsingar sendar í símann**

Viðvörun ef staðan fer niður fyrir ákveðna upphæð • Staða reikninga • Tilkynning þegar greitt er inn á reikninginn • Gengi gjaldmiðla ... og fleira í Netbanka einstaklinga

* ef þú greiðir inn á reikninginn næsta virka dag eftir að þú fórst yfir. Gildir fyrir einstaklinga.
**Kostnaður af innistæðulausum tékkum – sjá verðskrá Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Pepsi-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| KR-ÍBV | 0-0 |
| Birna Berg Haraldsdóttir. markvörður ÍBV, varði víti frá Katrínu Ásbjörnsdóttur á 63. mínútu. | |
| Þór/KA-Stjarnan | 1-2 |
| 0-1 Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (25.), 1-1 Manya Makoski (39.), 1-2 Soffía Gunnarsdóttir (80.) | |
| Afturelding -Valur | 1-4 |
| 0-1 Caitlin Miskel (65.), 0-2 Kristín Ýr Bjarnadóttir (68.), 0-3 Kristín Ýr Bjarnadóttir (77.), 0-4 Kristín Ýr (80.), 1-4 Elín Svavarsdóttir (90.) | |
| Þróttur R.-Grindavík | 4-2 |
| 0-1 Shaneku Gordon (40.), 1-1 Soffía Kristinsdóttir (43.), 1-2 Anna Þórunn Guðmundsdóttir (55.), 2-2 Valgerður Jóhannsdóttir (70.), 3-2 Margrét María Hólmarsdóttir (77.), 4-2 Fanny Vago (80.) | |
| Fylkir-Breiðablik | 1-2 |
| 0-1 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir, 0-2 Andrea Ýr Gústavsdóttir, 1-2 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir. | |

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍBV** | **5** | **4** | **1** | **0** | **14-0** | **13** |
| Valur | 5 | 4 | 1 | 0 | 14-4 | 13 |
| **Stjarnan** | **5** | **4** | **0** | **1** | **12-4** | **12** |
| Breiðablik | 5 | 2 | 1 | 2 | 9-7 | 7 |
| **KR** | **5** | **1** | **3** | **1** | **4-4** | **6** |
| Þór/KA | 5 | 2 | 0 | 3 | 7-15 | 6 |
| **Þróttur R.** | **5** | **1** | **2** | **2** | **6-10** | **5** |
| Fylkir | 5 | 1 | 1 | 3 | 6-10 | 4 |
| **Afturelding** | **5** | **1** | **1** | **3** | **5-12** | **4** |
| Grindavík | 5 | 0 | 0 | 5 | 4-15 | 0 |

### *1. deild karla*

| | |
|---|---|
| Haukar-ÍA | 0-1 |
| 0-1 Arnar Már Guðjónsson, víti (14.) | |
| Fjölnir-Grótta | 0-0 |
| BÍ/Bolungarvík-HK | 2-1 |
| 0-1 Hólmbert Aron Friðjónsson (8.), 1-1 Tomi Ameobi (60.), 2-1 Matthías Króknes Jóhannsson (67.) | |
| Selfoss-KA | 3-0 |
| 1-0 Andri Freyr Björnsson (45.), 2-0 Andri Freyr Björnsson (46.), 3-0 Viðar Örn Kjartansson (65.) | |

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **7** | **6** | **1** | **0** | **17-3** | **19** |
| Selfoss | 7 | 4 | 1 | 2 | 17-8 | 13 |
| **BÍ/Bolungarvík** | **7** | **4** | **0** | **3** | **9-12** | **12** |
| Fjölnir | 7 | 3 | 2 | 2 | 12-9 | 11 |
| **Haukar** | **7** | **3** | **1** | **3** | **10-8** | **10** |
| Þróttur R. | 6 | 3 | 1 | 2 | 7-7 | 10 |
| **Grótta** | **7** | **2** | **4** | **1** | **6-7** | **10** |
| KA | 7 | 2 | 1 | 4 | 8-13 | 7 |
| **ÍR** | **6** | **2** | **1** | **3** | **7-12** | **7** |
| Víkingur Ó. | 6 | 1 | 3 | 2 | 5- 6 | 6 |
| **Leiknir R.** | **6** | **0** | **4** | **2** | **3-6** | **4** |
| HK | 7 | 0 | 1 | 6 | 8-18 | 1 |



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Verður ekki áfram hjá Fulham. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eiður Smári Guðjohnsen:

# Ekki áfram hjá Fulham-liðinu

**FÓTBOLTI** Vefsíðan fótbolti.net greindi frá því í gærkvöldi að landsliðsmaðurinn Eiður Smári Guðjohsen myndi ekki gera nýjan samning við Fulham samkvæmt mjög áreiðanlegum heimildum síðunnar.

Eiður Smári kom til Fulham í janúar eftir að hafa fengið fá tækifæri hjá Stoke. Hann vann sig inn í byrjunarliðið og átti marga góða leiki með liðinu í apríl.

Mark Hughes var stjóri Fulham þegar Eiður Smári kom og var hann með tilboð frá félaginu um að vera áfram á Craven Cottage á næsta tímabili. Hughes hætti hins vegar skyndilega með liðið og Martin Jol tók við.

Eiður Smári getur farið frítt til annars félags í sumar þegar samingur hans við Stoke rennur út.

**- óój**

Körfuknattleikskonan Helena Sverrisdóttir er með rifið milta og má ekki reyna neitt á sig næstu dagana:

# Byrjar tímabilið í slóvakísku fjöllunum

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleikskonan Helena Sverrisdóttir greindist á dögunum með rifið milta. Hún hafði fundið fyrir verkjum undir rifbeinunum í töluverðan tíma áður en hún ákvað að leita til læknis. Algjör hvíld var ráðið sem hún fékk.

„Ég fékk einkirningasótt í byrjun apríl úti í Bandaríkjunum, sem er ekkert óalgengt. Læknarnir fylgdust vel með mér og ég átti að hvílast í fjórar vikur. Hættan er að miltað eða lifrin geti bólgnað,“ segir Helena.

Helena segist hafa fengið grænt ljós á að hefja æfingar að lokinni fimm vikna hvíld. Hún hafi byrjað rólega en alltaf fundið fyrir verkjum undir rifbeinunum. Svo hafi hún komið heim um miðjan maí og byrjað á aukaæfingum.

Þá voru verkirnir orðnir það slæmir að hún leitaði læknis og fékk fyrrnefnda greiningu meina sinna.

„Það er erfitt að draga inn andann, geispa, hósta og hiksta. Ég finn skrýtinn verk undir rifbeinunum vinstra megin. Þetta var orðið þannig á æfingum að ég var orðin mjög andstutt. Ef ég tók einn sprett var ég með verk í stuttan tíma,“ segir Helena.

Helena segist fara í myndatöku í næstu viku þar sem staðan verði skoðuð. Óvíst er hve langa hvíld hún þarf að taka en hún hefur ekki miklar áhyggjur af því að glata forminu.

„Ég var í mjög góðu formi áður en þetta gerðist þannig að það ætti ekki taka langan tíma að komast aftur í form. Ég verð þó að byrja rólega og gefa mér tíma,“ segir Helena.



**HELENA SVERRISDÓTTIR** Stóð sig frábærlega með TCU-skólanum. MYND/AP

Helena samdi í mars við Good Angels Kosice í Slóvakíu. Samningurinn er til eins árs en hún segir það hafa skipt sköpum að liðið leikur í Euroleague á næsta tímabili. Þar ætlar hún að sanna sig en draumurinn er að komast að hjá liði í kvennadeild NBA-körfuboltans, WNBA.

Helena á að mæta til æfinga í Kosice hinn 15. ágúst. Þá heldur liðið upp í fjöllin í tveggja vikna æfingabúðir.

„Landsliðin í Bandaríkjunum æfa mikið í Colorado því það er svo hátt yfir sjávarmáli. Það er sagt að það sé betra, erfiðara fyrir lungun svo þau stækka meira. Svo kemurðu aftur niður að sjávarmáli og þá ertu góður!“

Keppni í slóvakísku kvennadeildinni hefst í september. **- ktd**

# ÞETTA ER VONLAUS DRÁTTUR

**Strákarnir okkar verða í riðli með Króötum, Norðmönnum og Slóvenum á Evrópumótinu í handknattleik sem fer fram í Serbíu í janúar. Arnór Atlasonm, lykilmaður íslenska liðsins, segir riðil íslenska liðsins þokkalegan en að milliriðillinn, komist liðið þangað, verði svakalegur líkt og á HM í Svíþjóð í janúar.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handknattleik mætir Króötum, Norðmönnum og Slóvenum í D-riðli Evrópumótsins í handknattleik. Dregið var í riðla í Belgrad í gærmorgun og var Ísland í þriðja styrkleikaflokki.

Arnór Atlason, leikstjórnandi íslenska landsliðsins, var ekkert sérstaklega sáttur við dráttinn í riðla fyrir Evrópumótið í Serbíu. Hans fyrstu viðbrögð voru að um vonlausan drátt væri að ræða því milliriðillinn verði mjög erfiður.

„D-riðillinn er í sjálfu sér allt í lagi en svo fengum við versta mögulega milliriðil,“ sagði Arnór, sem staddur er á Akureyri í kærkomnu sumarfríi.

Komist Íslendingar í milliriðil mæta þeir þjóðum úr C-riðli. Þar er að finna heims-, Evrópu- og Ólympíumeistara Frakka auk Spánverja, Ungverja og Rússa.

„Ég var aðallega að hugsa um hvort hægt væri að fá helming með Þýskalandi eða Póllandi. Hefði ég fengið að velja hefði ég valið A- eða B-riðilinn. Svo fengum við Króatana, Spánverjana og Frakkana. Leiðin í undanúrslitin er því löng og ströng,“ bætti Arnór við.

Arnór segir dráttinn ekkert ósvipaðan og fyrir HM í Svíþjóð í janúar síðastliðnum. Riðillinn sleppi en milliriðillinn sé svakalegur. Í Svíþjóð sigraði íslenska liðið í öllum fimm leikjum sínum í riðlinum en beið lægri hlut í öllum þremur leikjum milliriðilsins.

„Þetta er kannski svipað og á HM. Allt í lagi riðill, enginn draumariðill, en milliriðillinn er svakalegur. En þetta er bara sama gamla, taka sem flest stig inn í milliriðilinn.“

Það er stutt á milli stórmóta í handboltanum. Styttra er síðan HM í Svíþjóð lauk en er í Evrópumótið í Serbíu.

„Ég ætla ekki að hugsa mikið um þetta mót næstu vikur. Það verða örugglega æfingar eins og alltaf hjá landsliðinu í október-nóvember. Aðalmálið á næsta ári er helgin í apríl þegar spilað verður um laust sæti á Ólympíuleikunum. Það er gott að fá stórmót fyrir þá leiki.“

Arnór segir Ólympíuleikana stærsta mótið í huga handknattleiksmanna. Það hafi sést á Evrópumótinu í Noregi 2008.

„Mótið í Noregi, sem var síðasta mótið fyrir Ólympíuleikana í Peking, var ekkert meiriháttar mót. Mörg lið voru að einbeita sér að Ólympíuleikunum seinna á árinu,“ segir Arnór.

Hann segir hugsanlegt að sagan endurtaki sig. Að lið spari sig í Serbíu og hugsi mótið sem undirbúning fyrir leikina um sæti í London 2012. Evrópumótið sé stórmót sem íslenska landsliðið vilji standa sig vel á.

„Wilbek þjálfari Dana var síðast í dag (í gær) að segjast íhuga að hvíla leikmenn á Evrópumótinu fyrir Ólympíuleikana. Það er kannski möguleiki að önnur lið slaki á klónni sem gæti hjálpað okkur og aukið möguleika okkar í Serbíu,“ sagði Arnór.

Leikir íslenska liðsins fara fram í Vrsac í austurhluta Serbíu. Mótið stendur yfir frá 15. til 29. janúar.

**kolbeinntd@365.is**



**EM í Serbíu 2012**

| **A-riðill (Belgrad)** | **B-riðill (Nis)** |
|---|---|
| Pólland | Þýskaland |
| Danmörk | Svíþjóð |
| Serbía | Tékkland |
| Slóvakía | Makedónía |
| **C-riðill (Novi Sad)** | **D-riðill (Vrsac)** |
| Frakkland | Króatía |
| Ungverjaland | Noregur |
| Spánn | **Ísland** |
| Rússland | Slóvenía |

**TÖPUÐU FYRIR KRÓATÍU Á HM** Arnór Atlason sést hér komast lítið áleiðis í leiknum um fimmta sætið á HM í Svíþjóð þar sem Ísland tapaði fyrir Krótaíu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valur, Stjarnan, Breiðablik og Þróttur unnu öll leiki sína í 5. umferð Pepsi-deildar kvenna í gær:

# Birna Berg varði víti og hélt ÍBV í toppsætinu

**FÓTBOLTI** Nýliðar ÍBV eru enn á toppi Pepsi-deildar kvenna þrátt fyrir að liðið tapaði sínum fyrstu stigum í deildinni í gær. Valur vann 4-1 sigur á Aftureldingu í Mosfellsbænum og náði Eyjaliðinu að stigum en ÍBV situr áfram í efsta sætinu á betri markatölu.

Hinn 17 ára gamli markvörður ÍBV, Birna Berg Haraldsdóttir, heldur enn marki sínu hreinu en ÍBV gerði markalaust jafntefli á KR-vellinum í gær. Birna Berg er á sínu fyrsta tímabili í Eyjum en hún var kosin efnilegasti leikmaðurinn í handboltanum í vetur. Hún hefur nú haldið marki sínu hreinu í 450 mínútur í sumar. Birna Berg varði vítaspyrnu frá Katrínu Ásbjörnsdóttur á 63. mínútu og kom þar með í veg fyrir að KR tæki öll stigin.

Kristín Ýr Bjarnadóttir skoraði þrennu fyrir Íslandsmeistara Vals sem unnu 4-1 sigur á Aftureldingu í Mosfellsbænum. Caitlin Miskel kom Val í 1-0 í Mosfellbænum en Valskonur þurftu að bíða í 65 mínútur eftir markinu. Kristín Ýr skoraði síðan þrennuna sína á tólf mínútna kafla áður en Elín Svavarsdóttir minnkaði muninn í lokin.



**BIRNA BERG HARALDSDÓTTIR** Sést hér verja frá KR-stúlkum í gær en hún er búin að halda marki sínu hreinu í 450 mínútur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Soffía Gunnarsdóttir tryggði Stjörnunni 2-1 sigur á Þór/KA fyrir norðan en þetta var fyrstu sigur Garðabæjarstúlkna á náttúrulegu grasi í sumar. Sigurmark Soffíu kom beint úr hornspyrnu tíu mínútum fyrir leikslok en hún endaði síðan leikinn á því að fá rautt spjald. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir kom Stjörnunni í 1-0 eftir 25 mínútur en Manya Makoski jafnaði leikinn fyrir hálfleik.

Breiðablik fór í Árbæinn og vann 2-1 sigur en þetta var annar sigur Blikanna í röð eftir að liðið náði í aðeins eitt stig út úr fyrstu þremur umferðunum.

Þróttur vann síðan fyrsta sigur sinn í sumar þegar liðið vann 4-2 sigur á botnliði Grindavíkur. **- óój**


ERUM MEÐ'ETTA ...
ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!
PEYSA kr. 2.695
HVÍTUR HLÝRABOLUR kr. 2.495
KJÓLL kr. 4.995
SKYRTA kr. 4.995
KJÓLLkr. 6.995
KJÓLL kr. 5.995
LEVI'S GALLABUXUR kr. 7.995
GALLA-STUTTBUXUR kr. 4.595
GALLA-LEGGINGS kr. 1.500
SVARTAR-LEGGINGS kr. 1.500
... BARA ÓDÝRARI!
BIEBER KJÓLL kr. 3.595
KJÓLL kr. 3.595
BIEBER T-BOLUR kr. 2.595
KJÓLL kr. 3.595
Girnilegasti lagermarkaður landsins!
KORPU OUTLET
Verið með í leiknum á Facebook, flottir vinningar!
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400
Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is



**110 ÞÚSUND KRÓNUR** þarf að greiða fyrir stangardaginn í Hrútafjarðará dagana 19. til 21. ágúst. Þá eru þrjár stangir lausar hjá Strengjum.

**30 PRÓSENT AFSLÁTTUR** verður á veiðisvæðinu Árbót í Aðaldal í sumar. Stangaveiðifélag Reykjavíkur segir svæðið þurfa kynningar við.

**FLUGAN**

BLACK EYED PRAWN



## Skæð rækjueftirlíking

Horfur eru á góðu vatni í laxveiðiánum fram eftir sumri. Því má reikna með því að þyngdar túpur verði vinsælar langt fram í júlí.

Enn er talsverð snjóbráð og árnar því nokkuð litaðar. Bestu litirnir í lituðu/skoluðu vatni eru gulir og grænir. Fluga vikunnar er einmitt græn Black Eyed Prawn en upp úr þessari skæðu rækjueftirlíkingu var flugan Frances einmitt hönnuð.

**UPPSKRIFT**

- 1“ langt eirrör
- Tvinni – Svartur UNI 6/0
- Fálmarar – Stilkar úr brúnlituðum hanafjöðrum
- Stél – Fanir úr stélfjöður af fasana
- Vöf – Gulllitað ávalt UNI-tinsel
- Hringvaf – Brúnlituð hanahálsfjöður. Fanir togaðar niður
- Búkur – Dubbað grænt selshár eða grænt ullarband
- Augu – Tvær svartar plastkúlur hnýttar ofan á bak.
- Hálsrönd – Dubbað rautt selshár eða rautt ullarband
- Haus – Svartur
- 1“ túpan gengur vel með Kamasan þríkrækju #6 eða #8

**OPNUN ÁA**

### Laugardalsá í gang í gær

Laxveðiðárnar þrjár í Ísafirði í Ísafjarðardjúpi opna ein af annarri þessa dagana. Í gær eftir hádegi hófust veiðar í Laugardalsá. Þar veiddust 548 laxar í fyrra sem er um hundrað löxum yfir meðalveiði fimm síðustu ára. Veiðar í Langadalsá og Hvannadalsá hefjast á þriðjudaginn.

# Er sjóbleikja í Hraunsfirði orðin staðbundin í lóninu?

**Reynsluboltinn Rafn Ólafsson í Grundarfirði telur að sjóbleikjan sem veiðist í Hraunsfirði sé að verða staðbundin. Hann telur þil sem ætlað er að hækka vatnsborð lónsins ekki skila tilætluðum árangri.**

Rafn Ólafsson, stangveiðimaður í Grundarfirði, segir sterkar vísbendingar um að bleikja sem veiðist í Hraunsfirði sé orðin staðbundin.

„Ég hef farið inn eftir þegar það er að falla að og ég hef ekki séð einn einasta fisk að fara upp,“ segir Rafn og útskýrir að mjög auðvelt sé að sjá göngufisk af brúnni – þegar og ef hann sé að ganga. „Þá er fiskurinn sem menn hafa verið að fá frekar rauður og það bendir til þess að hann sé orðinn staðbundinn.“

Rafn kveðst telja að þil sem Stangaveiðifélag Reykjavíkur hafi sett upp til að hækka vatnsborðið í lóninu þjóni ekki tilgangi sínum. „Ég held að það sé bara til bölvunar. Vatnsborðið er hátt þegar það rignir eins og gerði um daginn. Núna hefur ekki rignt lengi og þá bullar vatnið undan veginum sem liggur frá brúnni yfir í hraunið. Og vatnið fer einfaldlega inn í hraunið,“ segir Rafn, sem vill að þilið verði tekið niður:

„Það er varla að það leki vatn niður þar sem þeir settu hækkunina. Þegar ekki flæðir yfir finnur fiskurinn ekki eins vel lyktina af rétta vatninu. Ég held að þeir ættu að taka þilið í burtu.“

Þó að frést hafi af veiðimönnum sem fengið hafa góðan afla í Hraunsfirði að undanförnu segir Rafn að veiðin hjá honum hafi verið ansi treg í kuldatíðinni. „Í svona kulda þá liggur fiskurinn á botninum og fyllir sig af hvítum ormum sem er nóg af. En svo þegar gerir logn þá gýs hann upp í fluguna – í mýbitið,“ segir hann.

Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, segir þilið sem Rafn nefnir vera loku sem sett hafi verið í skarð stíflu sem byggð var þegar fiskeldi var í Hraunsfirði. Nú orðið sé mesta seltan horfin úr lóninu.



**STÍFLAN Í HRAUNSFIRÐI** Stangaveiðifélag Reykjavíkur íhugar að koma upp tvöföldu lokukerfi í stíflunni í Hraunsfirði til að tryggja að fiskur geti gengið án þess að stórstreymt sé og að bleikja, lax og sjóbirtingur verði öll veiðanleg í lóninu. MYND/BJARNI JÚLÍUSSON.

> Það er varla að það leki vatn niður þar sem þeir settu hækkunina. Þegar ekki flæðir yfir finnur fiskurinn ekki eins vel lyktina af rétta vatninu. Ég held að þeir ættu að taka þilið í burtu.
>
> **RAFN ÓLAFSSON** STANGVEIÐIMAÐUR

„Ef ekkert er að gert tæmist lónið og það verður mjög lítið í því. Þá verður kannski auðveldara að veiða laxinn og sjóbirtinginn en lífríki bleikjunnar verður verra. Við erum að reyna að finna jafnvægið með því að setja loku í stífluna og fá lónsstöðuna nógu háa til þess að bleikjan stoppi en samt ekki það háa að laxinn sé ekki veiðanlegur,“ útskýrir Bjarni, sem upplýsir jafnframt að stundum hafi menn unnið skemmdarverk á stíflunni.

„Lokan var brotin í fyrra og við settum stærri loku núna. Við erum að leita að leið sem gefur fiskinum færi á að ganga á venjulegu flóði en ekki bara þegar það er stórstreymt. Best væri að koma þessu þannig fyrir að lokurnar væru tvær og myndu útbúa einhvers konar „foss“ sem fiskurinn gæti gengið um á sæmilegu flóði,“ segir Bjarni, sem sjálfur kveðst á leið í Hraunsfjörð á laugardaginn.

„Um leið og hlýnar – tala nú ekki um þegar stóri straumurinn kemur á þjóðhátíðardaginn – þá hellist bleikjan inn. Sjálfur ætla ég þangað um helgina. Ég held að það sé alveg ljóst að laugardeginum verður hvergi betur varið en þar.“

gar@frettabladid.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

Fjölskyldufyrirtækið endurvakið eftir bankahrunið:

## Veðjað á vöðluviðgerðir

„Við reiknuðum með því að verðið á vöðlum myndi fara upp úr öllu valdi og það varð,“ segir Guðjón Örn Lárusson hjá Skóstofunni, sem endurreist var skömmu eftir bankahrunið eftir um áratugar hlé á starfseminni.

Guðjón er sonur stofnanda Skóstofunnar, Lárusar Gunnsteinssonar. Auk þeirra feðga gripur yngri bróðir Guðjóns einnig í vöðluviðgerðirnar. Guðjón segir að reksturinn hafi gengið vonum framar. „Það er miklu meira en nóg að gera en við ráðum alveg við þetta þó að við séum litlir,“ segir hann.

Að sögn Guðjóns getur bókstaflega allt mögulegt komið fyrir vöðlur, enda séu menn að þjösnast upp og niður brekkur við árnar og lenda í alls kyns aðstæðum. Þá geti slysin gerst.

„Í goretex-vöðlunum eru þetta mest önglagöt og að saumarnir við hnén innanverð eru farnir að leka. Svo eru það sokkarnir líka. Við gerum við þetta allt saman,“ segir hann og undirstrikar að í flestum tilfellum sé hægt að gera við skemmdar vöðlur. „Við skiptum jafnvel um sokka á vöðlum ef þeir eru mjög slæmir. Það getur borgað sig því oft eru vöðlurnar fullkomlega heilar að öðru leyti. Stundum er það þar sem neoprenið í vöðlunum er lélegt eða að hefur mús hefur komist í þá.“

Eins og Guðjón bendir á liggur í hlutarins eðli að verð á vöðlum hefur hækkað mikið hérlendis eftir hrunið. Menn ættu því ef til vill enn frekar að huga að því en áður að kanna hvort ekki sé unnt að lagfæra vöðlur sem hafa skemmst. „Við lekaprófum og bætum allar vöðlur,“ ítrekar Guðjón. - gar



**GUÐJÓN ÖRN LÁRUSSON** Önnum þessu þótt miklu meira en nóg sé að gera og við séum litlir, segir Guðjón í Skóstofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR



**ELLIÐAÁRNAR MENGAÐAR** Veiðimenn við veiðar fyrir neðan brú.

Vohreingerning í Elliðaánum:

## Veiðimenn tína rusl úr perlunni

Síðari áfangi hreinsunar Elliðaánna verður í dag. Þá munu sjálfboðaliðar úr Stangaveiðifélagi Reykjavíkur ganga með farvegi árinnar og fjarlægja allt rusl sem ekki var hirt við yfirferð í síðustu viku. „Það er virkilega gaman hvað félagsmenn eru viljugir að taka til hendinni við þetta,“ segir Bjarni Júlíusson, formaður Stangaveiðifélagsins. Veiði í Elliðaánum, sem nefndar eru perla Reykjavíkur, hefst næsta mánudag. Að venju mun borgarstjórinn í Reykjavík taka fyrsta rennslið í Sjávarfossi. „Borgarstjórinn mun veiða fyrsta laxinn eins og venjulega. Það er fullt af fiski um alla á,“ segir Bjarni. - gar

# Sumargleði Fjarðarkaupa



úr kjötborði

**Lúxus svínakótilettur Orange**
**1.498,kr./kg**
verð áður 1.898,-/kg



úr kjötborði

**Svínahnakki úrb.**
**998,kr./kg**
verð áður 1.398,-/kg



úr kjötborði

**Svínalundir**
**1.498,kr./kg**
verð áður 2.098,-/kg




**Trópí 1L**
**185,kr.**



**KF Einiberjakryddað lambalæri**
**1.398,kr./kg**
verð áður 1.698,-/kg



**Möndlukaka**
**398,kr.**



**Skúffukaka m/kókos**
**385,kr.**




**Hversdagsís 1L**
**298,kr./pk.**
verð áður 409,-/pk.




**Coke 6x2L**
**798,kr.**



**Lúxus kaffi 400g**
**398,kr.**




**Biotta heilsusafar**
verð frá **416,kr./stk.**



**Hangiframpartur**
**1.898,kr./kg**



**Herragarðs svínakótilettur**
**1.298,kr./kg**
verð áður 1.800,-/kg




**Delba brauð**
**198,kr./pk.**




**Ostakaka m/hindberjum**
**798,kr.**




**Vilko vöfflur**
**498,kr.**




**Doritos 165g**
**198,kr./pk.**




**Frosnir hamborgarar 10x80g**
**1.084,kr.**
verð áður 1.355,-

## Gleðilegt SUMAR!

16. júní - 9 - 19
17. júní - Lokað
18. júní - 10 - 16
Tilboð gilda til laugardagsins 18. júní

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

FK
FJARÐARKAUP
- Einstök verslun

## > Jennifer Aniston

„Ég veit ekki hvað það þýðir að vera kyntákn. Þegar ég sé sjálfa mig á forsíðum blaða lít ég ekki á þetta sem mig heldur einhverja málaða, uppstrílaða og uppstillta konu."

***Jennifer Aniston leikur í rómantísku gamanmyndinni Marley & Me sem fjallar um hjón sem taka þá afdrifaríku ákvörðun að fá sér hvolp og fáum við að fylgjast með hjónabandinu þróast og hundinum eldast en hann verður ekki auðveldari í umgengni, sama hvað þau siða hann til. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON DUSTAR RYKIÐ AF GÖMLUM STJÖRNUM

# *Ég sakna svarthvítu grínistanna*

Þegar ég var lítill fór ég endrum og eins í Hafnarbíó með afa og ömmu að sjá kvikmyndir með Chaplin. Ég man ekki hvaða myndir ég sá, líklega hefur ein þeirra verið The Kid frá árinu 1921 eða Gullæðið sem frumsýnd var fjórum árum síðar. Það sem situr eftir í minningunni er að mér fannst ekkert óeðlilegt við það að Hafnarbíó var í bragga sem reistur var fyrir 1950 á mótum Barónsstígs og Skúlagötu og því kominn til ára sinna þegar ég kom þangað í aftursæti annað hvort Ford Escort eða Mözdu sem afi ók um miðjan áttunda áratug síðustu aldar; lyktin af sjónum var skrýtin og að ég hló mig máttlausan yfir svarthvítum og þöglum kvikmyndum og sprellfjörugri tónlist. Það er líklega leit mín að liðnum tímum sem hefur valdið því að innst inni er ég heillaður af gömlum kvikmyndum. Það er einhver galdur í þeim.



Íslensk kvikmyndahús og sjónvarpsstöðvar hafa lítið gert af því að sýna gamlar kvikmyndir á borð við þær sem styttu börnum jafnt sem fullorðnum stundir á árum áður. RÚV sýndi reyndar fyrir margt löngu reglulega myndir gömlu meistaranna ásamt þáttum þar sem sérfræðingar ræddu um þá Buster Keaton og Laurel og Hardy ásamt Chaplin og fleirum. Harold Lloyd var reyndar alltaf í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Ég man ekki af hverju. Hitt man ég þó enn að þættirnir um gömlu kvikmyndastjörnurnar voru upplýsandi og sitja sum þau atriði sem þar var fjallað um enn í minningunni þótt líklega séu að verða þrjátíu ár síðan þættirnir voru á dagskrá.

Það er ekki úr vegi að mæla með því að einhver sjónvarpsstöðvanna hefji reglulegar sýningar á meistarastykkjum af hvíta tjaldinu frá fyrri hluta síðustu aldar. Ég trúi ekki öðru en að einhverjir hljóti að hafa bæði gagn og gaman af að horfa á slíkt.

## RÚV

**14.30 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Úkraína - England) (e)
**15.55 Golf á Íslandi** (2:14) (e)
**16.25 Tíu fingur** (7:12)
**17.25 Skassið og skinkan** (11:20) (10 Things I Hate About You)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan**
**18.25 Dýraspítalinn** (5:10) (Djursjukhuset)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Önnumatur frá Spáni – Kjöt** (5:8) (AnneMad i Spanien)
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives)
**21.30 Tríó** (2:6) Ný íslensk gamanþáttaröð. Tilvera blaðberans Friðberts og líksnyrtisins Þormóðs fer öll á annan endann þegar ungt og glæsilegt par flyst í íbúðina á milli þeirra í raðhúsi í Mosfellsbæ. Höfundur og leikstjóri er Gestur Valur Svansson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV)
**23.05 Kviksjá**
**23.10 Síðasti bærinn** (e)
**23.35 Smáfuglar** (e)
**23.55 Anna**
**00.30 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir** (e)
**01.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2**
**10.00 The Women**
**12.00 Búi og Símon**
**14.00 Sisterhood of the Traveling Pants 2**
**16.00 The Women**
**18.00 Búi og Símon**
**20.00 Marley & Me**
**22.00 Loving Leah**
**00.00 Me, Myself and Irene**
**02.00 The Hoax**
**04.00 Loving Leah**
**06.00 Old Dogs**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 The Mentalist** (23:23)
**11.45 Gilmore Girls** (21:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The O.C. 2** (14:24)
**13.45 Legally Blonde**
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (15:22)
**19.45 Modern Family** (4:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðurameríska fegurðardís.
**20.10 Gríman 2011** Bein útsending frá afhendingu Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, í Borgarleikhúsinu. Gunnar Hansson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir kynna hátíðina.
**21.45 NCIS** (19:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.30 Fringe** (17:22)
**23.15 The Wedding Singer**
**00.50 The Mentalist** (23:24)
**01.35 Rizzoli & Isles** (5:10)
**02.20 Damages** (4:13)
**03.00 The Pacific** (7:10)
**03.50 Vantage Point**
**05.20 Two and a Half Men** (15:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.15 Golfskóli Birgis Leifs** (12/12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**16.45 The Masters** Útsending frá fyrsta keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters, en þar keppa allir bestu kylfingar heims um ein eftirsóttustu verðlaunin í golfheiminum, græna jakkann.
**20.30 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**21.15 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.05 Miami - Dallas**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Chelsea - Blackpool** Útsending frá leik Chelsea og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 PL Classic Matches: West Ham - Bradford, 1999**
**20.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**21.00 Season Highlights 1996/1997** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**21.55 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik Man. City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**23.40 Fernando Hierro** Magnaður þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en i þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrum leikmann Real Madrid.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Girlfriends** (21:22) (e)
**16.45 Dynasty** (2:28)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 America's Next Top Model** (e)
**19.00 Million Dollar Listing** (7:9)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?**
**20.10 Rules of Engagement** (6:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
**20.35 Parks & Recreation** (6:22) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Ron og Leslie fara út úr bænum og heimsækja uppáhalds steikhús Rons en Leslie hefur annað í huga.
**21.00 Running Wilde** (2:13) Bandarísk gamanþáttaröð frá framleiðendum Arrested Develpment. Steve gerir hosur sínar grænar fyrir Emmy og vill endilega taka hana og dótturina með sér í ferðalag en tilvonandi eiginmaður setur strik í reikninginn.
**21.25 Happy Endings** (2:13) Bandarískir gamanþættir. Alex og Dave eru par sem eiga frábæran vinahóp. Eftir að Dave flytur út finnur Alex sér nýjan meðleigjanda. Dave sem er ekki tilbúinn í samband lendir í einnar nætur gamni sem fljótlega kemur í bakið á honum.
**21.50 Law & Order: Los Angeles** (13:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles.
**22.35 Penn & Teller** (9:10)
**23.05 The Good Wife** (21:23) (e)
**23.55 CSI: Miami** (5:24) (e)
**00.40 Smash Cuts** (4:52) (e)
**01.05 Law & Order: LA** (13:22) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Fedex St. Jude Classic** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Fedex St. Jude Classic** (4:4)
**15.10 Golfing World**
**16.00 US Open 2009 - Official Film**
**17.00 US Open 2011** (1:4)
**23.00 Golfing World**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.45 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey
**20.30 In Treatment** (34:43) Þetta er ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Gossip Girl** (18:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglinganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls.
**22.35 Off the Map** (2:13) Framleiðendur Grey's Anatomy færa okkur nýjan hörpuspennandi og dramatískan þátt um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál. Stofnandi læknastöðvarinnar, Ben Keeton, hefur náð miklum frama sem skurðlæknir í Kaliforníu en ákvað að gefa ferilinn upp á bátinn til þess að sinna köllun sinni.
**23.20 Ghost Whisperer** (14:22)
**00.05 The Ex List** (9:13)
**00.50 In Treatment** (34:43)
**01.15 The Doctors**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Efnahagslega landslagið sem blasir við.
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Fimmti þáttur úr ævistarfi Hreiðars Marteinssonar endursýndur.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur Baldursson fjallar um íslenska tónlist.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Selfyssingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verðum við á Hrafnseyri, á 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar og hjá Helga Björns í Hörpu.

**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| 3.-5. JÚNÍ | Grindavík |
| 10.-11. JÚNÍ | Selfoss |
| 17.-18. JÚNÍ | Hrafnseyri |
| 24.-25. JÚNÍ | Garður |
| 1.-2. JÚLÍ | Sauðárkrókur |
| 8.-9. JÚLÍ | Borgarnes |
| 15.-16. JÚLÍ | Flúðir |
| 22.-23. JÚLÍ | Fáskrúðsfjörður |
| 5.-6. ÁGÚST | Dalvík |
| 12.-13. ÁGÚST | Hveragerði |
| 20. ÁGÚST | Reykjavík |
| 26.-28. ÁGÚST | Skaftahlíð |

ÆVINTÝRAEYJAN olís BYLGJAN 25 ÁRA 989

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

**Gríman 2011**



Grímuhátíðin, árleg uppskeruhátíð sviðslistageirans, verður í beinni útsendingu á Stöð 2 í kvöld. Þetta er í níunda sinn sem þessi hátíð er haldin en hún er orðin ein sú allra glæsilegasta í menningarlífi landsins. Kynnar eru Gunnar Hansson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Heimsmenning á hjara veraldar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Þriðja ástin **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Listahátíð í Reykjavík 2011 **20.30** Afi minn og ég **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Útvarpsperlur: Forn í háttum og föst í lund **23.20** Tropicalia: Bylting í brasilískri tónlist **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.00** New Tricks **09.50** EastEnders **10.20** Fawlty Towers **10.55** The Weakest Link **11.40** Keeping Up Appearances **12.10** Fawlty Towers **12.45** 'Allo 'Allo! **13.15** 'Allo 'Allo! **13.50** 'Allo 'Allo! **14.20** The Weakest Link **15.05** The Weakest Link **15.55** Fawlty Towers **16.25** 'Allo 'Allo! **16.55** 'Allo 'Allo! **17.30** Lark Rise to Candleford **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** Top Gear **22.50** Lark Rise to Candleford **23.45** Jonathan Creek

### DR 1

**11.30** Ud i det blå **12.00** DR-Derude i Island **12.30** Mission. Baby **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Peddersen og Findus **14.30** Vestindiens hemmelighed **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drommehaver **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** 90'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Drengen der skrumpede **20.45** Verdens værste naturkatastrofer

### NRK 1

**12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Genial design **14.00** NRK nyheter **14.10** Filmavisen **14.20** Det søte liv **14.30** Hvilket liv! **15.00** NRK nyheter **15.10** Verdensarven **15.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Billedbrev fra Norge **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.40** Velkommen til Hurtigruta! **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Mannen som elsket Yngve **21.05** Kveldsnytt **21.25** Farlig oppdrag **22.55** Elvis i glada Hudik

### SVT 1

**12.10** Minnenas television **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** En svensk sommar i Finland **14.45** Livet på landet **15.15** Vid lägerelden **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Spisa med Price **16.45** Genialt eller galet **17.05** Flugor **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Svaleskär **18.30** Hundra procent bonde **19.00** K Special **20.45** Black angels **21.30** Black angels **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Rapport


# Sýnum stuðning í verki

**Í náttúruhamförum standa Íslendingar saman. Grímsvatnagos olli íbúum á gossvæðinu miklum erfiðleikum og tjóni, því stendur fjársöfnun yfir til styrktar íbúum þar sem tryggingum sleppir. Söfnunin stendur út júnímánuð.**

Stofnaður hefur verið reikningur í útibúi Arion-banka á Kirkjubæjarklaustri fyrir söfnunina. Miðað er við upphæðir frá fyrirtækjum á bilinu frá 100 þúsund krónum til einnar milljónar en frjáls framlög almennings.

Samtök atvinnulífsins og verkefnisstjórn söfnunarinnar hvetja almenning, fyrirtæki og félagasamtök til að bregðast vel við þessu brýna verkefni.

Reikningsnúmer söfnunarinnar er: 317-26-2200
Kt.: 470788 1199






**FRÍ LEGUGREINING**
OG FAGLEG RÁÐGJÖF




**VORTILBOÐ**
Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

**ROYAL OG CLASSIC**
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.




12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16

Löggiltir dýnuframleiðendur
– Starfandi í 60 ár

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég verð að segja að besta bita bæjarins sé að finna á Kex Hostel. Það sem Friðrik V og Adda bera fram klikkar aldrei.“*

Sigríður Pétursdóttir, rithöfundur og umsjónarkona útvarpsþáttarins Kviksjár.

# Þorsteinn skrifar handrit að vegamynd

„Þetta er „road movie“ eða vegamynd sem gerist á Íslandi 1978 í gamansömum dúr þar sem við sögu kemur vonandi Lada 1600,“ segir Þorsteinn Guðmundsson, handritshöfundur og grínisti.

Þorsteinn fékk nýverið styrk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands til að vinna handrit að kvikmynd sem hefur verið gefið vinnuheitið Eden. Hann segir verkefnið fremur stutt á veg komið, nokkrar hugmyndir hafi verið festar niður á blað en nú fari í hönd hin eiginlegu handritsskrif. „Þetta getur tekið tvö til þrjú ár.“ Sami hópur og gerði hina vinsælu Okkar eigin Osló kemur að gerð þessarar myndar; framleiðslufyrirtækið Ljósband og leikstjórinn Reynir Lyngdal. Myndin fékk fínar viðtökur hjá gagnrýnendum og prýðisgóða aðsókn. „Ég vona að Okkar eigin Osló sé ákveðinn plús fyrir okkur en maður byrjar víst alltaf frá grunni og við förum ekkert í tökur fyrr en öll fjármögnun er klár,“ segir Þorsteinn, en hann var staddur í sumarleyfi með fjölskyldunni á sólarparadísinni Tenerife þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Þorsteinn segir það hafa verið yndislegt að sjá Okkar eigin Osló öðlast líf á hvíta tjaldinu. „Algjörlega, þetta er miklu stærri stund en að vera í sjónvarpi. Það er svo mikið gert úr þessu og þetta er meira stressandi en að sama skapi mikið ævintýri.“ - fgg



**1978 NÆST** Þorsteinn Guðmundsson hyggst næst skrifa handrit að vegamynd sem gerist 1978 og hefur verið gefið vinnuheitið Eden. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson, íþróttafréttamaður á RÚV, hefur farið mikinn í lýsingum á leikjum íslenska landsliðsins á Evrópumóti U-21. Liðið hefur reyndar ekki staðið undir væntingum en Þorkell hefur svo sannarlega gert það. Íþróttafréttamaðurinn hefur meðal annars brugðið fyrir sig orðum eins og „þeysisprettur“ sem vakið hefur mikla athygli enda ekki algengt í talmáli. Orðið öðlaðist hins vegar ódauðleika í texta **Stefáns Hilmarssonar** í laginu Höldum fast með Sálinni hans Jóns míns af plötunni Undir þínum áhrifum. Og þykir þetta til marks um að Þorkell Gunnar sé vel lesinn í Sálarfræðum. - fgg







LÓA DAGBJÖRT OG ALBERT ÞÓR: SPENNUFALL AÐ GETA SAGT FRÁ ÞESSU

# Lindex opnar á Íslandi

„Við erum ekki þekkt fyrir að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur,“ segir Albert Þór Magnússon, en hann hyggst færa Íslendingum sænsku verslanakeðjuna Lindex ásamt konu sinni, Lóu Dagbjörtu Kristjánsdóttur. Verslunin verður opnuð í 450 fermetra plássi í Smáralindinni í nóvember.

„Það er mikið spennufall að geta loksins sagt frá þessu en við byrjuðum að vinna í þessu í ágúst í fyrra. Þetta er því búið að taka sinn tíma en fulltrúar Lindex voru strax áhugasamir um að koma sér inn á íslenska markaðinn,“ segir Lóa, en þau Albert eru nýflutt til landsins frá Halmstad í Svíþjóð þar sem þau voru í námi.

Lóa rak vefverslun á netinu á meðan hún bjó úti en þar verslaði hún meðal annars í Lindex fyrir kaupþyrsta Íslendinga. „Þá uppgötvaði ég hvað verslunin er vinsæl á Íslandi. Það varð í rauninni kveikjan að því að við ákváðum að hafa samband og athuga með opnun útibús hér.“

Lindex er ein stærsta verslanakeðja Svía, með 430 verslanir í 14 löndum, og er gjarna talin einn helsti keppinautur tískurisans Hennes & Mauritz. Verslunin býður upp á föt fyrir konur, börn og unglinga á góðu verði og verður því kærkomin viðbót við verslanaflóru landsins.

„Um leið og við fengum jákvæð svör frá þeim fórum við að leita að hentugu húsnæði. Fulltrúar frá fyrirtækinu komu síðan hingað til lands í vor og þeim leist best á Smáralindina,“ segir Lóa, en þau hjónin eru menntaðir viðskiptafræðingar og spennt að takast á við þetta viðamikla verkefni.

„Núna erum við að fara í nokkurra vikna þjálfunarbúðir hjá Lindex í Noregi til að kynnast betur hugmyndum fyrirtækisins og versla inn haustlínurnar,“ segir Lóa og lofar að Lindex á Íslandi verði með svipað vöruúrval og búðirnar úti.

Lágt vöruverð er einn helsti kostur Lindex en mun það sama vera upp á teningnum í væntanlegri verslun á Íslandi? „Einkunnarorð fyrirtækisins er „Inspiring affordable fashion“ eða að hvetja til tísku á hagkvæmu verði, svo að sjálfsögðu munum við fylgja því,“ segir Albert Þór en nánari upplýsingar um verslunina er hægt að nálgast á Facebook síðunni Lindex á Íslandi. alfrun@frettabladid.is



**OPNA LINDEX** Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir og Albert Þór Magnússon, hér ásamt sonum sínum Daníel Viktori og Magnúsi Val, ætla að koma með tískufatnað á hagkvæmu verði til Íslands frá Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### SKANDINAVÍSK HÖNNUN

Verslanakeðjan Lindex er með 430 búðir í fjórtán löndum og starfrækir netverslun í öllum löndum innan ESB. Undanfarin ár hefur fyrirtækið verið að sækja í sig veðrið og er mjög vinsælt í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi en verslun hefur ekki enn þá opnað í Danmörku.

Lindex einbeitir sér að skandinavíski hönnun og hefur fyrirtækið fengið til liðs við sig þekkta tískuhönnuði á borð við Ewu Larsson frá Acne og Narciso Rodriguez til að hanna dömulínur fyrirtækisins ásamt því að fatalína frá stjörnustílistanum Rachel Zoe er væntanleg í sumar. Fatnaðurinn frá Zoe verður fáanlegur í versluninni á Íslandi í nóvember.

# Fyndið að heyra í sér í útvarpinu

„Okkur finnst bara frábært að fá að koma fram,“ segir Védís Vantída Guðmundsdóttir, söngkona úr dúóinu Galaxies, en hljómsveitin hitar upp fyrir þýska plötusnúðinn Micha Moor á Nasa í kvöld.

Með Védísi í hljómsveitinni er fegurðardrottningin fyrrverandi Magdalena Dubik, en stúlkurnar sungu fyrst opinberlega í keppninni um Ungfrú Ísland í maí á þessu ári. Lagið sem þær fluttu heitir „I don't want this love“ og er þegar komið í spilun hjá útvarpsstöðvunum. „Það er frekar fyndið að heyra í sér í útvarpinu og maður vonar bara að það gerist enn oftar,“ segir Védís í léttum dúr, og bætir við að þær stöllur séu að vinna að fleiri lögum. „Þetta er svolítið á byrjunarreit, en við erum þó komnar langt með annað lag sem við gefum vonandi út bráðlega.“

Stúlkurnar hafa báðar margra ára reynslu af hljóðfæraleik, en Védís spilar á þverflautu og Magdalena á fiðlu. Þeim hefur tekist að innleiða klassísku hljóðfærin í danspoppið. „Við viljum reyna að spila sem mest sjálfar. Ef við tökum einhver tökulög viljum við líka spinna svolítið og nota hljóðfærin meira,“ segir Védís.

Micha Moor hefur nokkrum sinnum komið hingað til lands og hefur Védís hlustað á hann með öðru eyranu í gegnum tíðina. „Hann átti lag í spilun hér í fyrra og svo kemur fyrir að maður hlusti á hann á YouTube. Ég fór nú líka að hlusta aðeins meira á hann eftir að við fengum þetta verkefni,“ segir Védís, spennt fyrir kvöldinu. - ka



**HÆFILEIKARÍKAR SÖNGDÍVUR** Magdalena Dubik og Védís Vantída Guðmundsdóttir, til hægri, skipa dúóið Galaxies og hita upp fyrir þýska plötusnúðinn Micha Moor á Nasa í kvöld. Védís Vantída byrjaði fyrir stuttu með fjölmiðlamanninum Sölva Tryggvasyni.




# Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskt veðurfar

Málarameistarar sem til þekkja nota málningu frá Málningu hf. á íslensk hús.
Reynslan hefur sýnt að málningin endist lengi og þolir betur íslenskt veðurfar.

**Yfir 80% málarameistara velja vörur frá Málningu hf.* Hvaða málningu notar þú?**




Íslensk
framleiðsla

málning
-það segir sig sjálft-

*Hlutfall málarameistara í Málarameistarafélagi Reykjavíkur sem eru með viðskiptareikning hjá Málningu hf.

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupsstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði.

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 54695 06/11

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tvöfalt afmæli á Skaganum

Knattspyrnukappinn **Jóhannes Karl Guðjónsson** og Jófríður María Guðlaugsdóttir, eiginkona hans, héldu saman upp á þrítugsafmæli sín uppi á Akranesi um liðna helgi. Mikill fjöldi gesta heiðraði þau með nærveru sinni og þótti veislan afar vel heppnuð. Jói Kalli, sem leikur með Huddersfield á Englandi, og Jófríður afþökkuðu afmælisgjafir frá gestum en létu þess í stað bauk liggja frammi þar sem fólk gat látið sitt af hendi rakna til góðgerðarmála.



### Sophie Dahl með til Íslands

Uppselt er á tónleika breska tónlistarmannsins **Jamie Cullum** í Hörpu síðar í mánuðinum. Aðdáendur kappans ættu þó að fylgjast vel með, því tónleikahaldarar eru að skoða hvort setja eigi sætin sem eru fyrir aftan sviðið í sölu. Ekki er búist við því að Jamie Cullum geri langt stopp hér á landi en hins vegar má gera ráð fyrir því að fjölskylda hans verði með í för. Eiginkona Cullums er fyrrverandi fyrirsætan **Sophie Dahl,** sem getið hefur sér gott orð sem matargagnrýnandi. Hún er barnabarn rithöfundarins Roalds Dahl. **- hdm**



## Mest lesið | vísir

1. Búið að taka skýrslur af sjö konum
2. Hvetur nemendur til þess að kæra hausaveiðar norska...
3. Þykir kúl að Arnold Schwarzenegger sé pabbi...
4. Brynjar svaf á köldu gólfi í fangelsi í Taílandi
5. Hundar bannaðir á hátíðarsamkomum





